


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Gólfefni










# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
14. febrúar 2012
38. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




### Hæðir og lægðir Whitney Houston

*Ferill Whitney Houston var frábær framan ef en dalaði mikið síðasta áratuginn.*

fólk 26

### Heilluð af handverki

*Inga Arnar þjóðfræðingur skrifaði bók um handverk Svaðastaðakvenna.*

tímamót 18



### Hvað gerir Barcelona?

*Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar hefjast í kvöld.*

sport 30

### veðrið í dag




**DÁLÍTIÐ VÆTA** Í dag verða vestan 8-13 m/s og dálítil væta N- og V-til en þurrt að mestu eystra. Hiti víðast 2-10 stig.

VEÐUR 4

# Undirbúningur fyrir Helguvík

**Lífeyrissjóðir juku við eignarhlut sinn í HS Orku. Eigið fé er aukið til að undirbúa framkvæmdir vegna Helguvíkur. Náist samningar milli Norðuráls og HS Orku er stefnt að því að skrá HS Orku á markað.**

**VIÐSKIPTI** Fjórtán lífeyrissjóðir ákváðu að auka hlut sinn í HS Orku í gær vegna þess að þeir telja að verðmæti fyrirtækisins hafi aukist að undanförnu.

Heimildir Fréttablaðsins herma að það sé fyrst og síðast vegna þess að þeir eru vongóðir um að samkomulag muni nást við Norðurál um orkusölu til álvers í Helguvík. Þá er það skýr stefna lífeyrissjóðanna að HS Orka verði skráð á innlendan hlutabréfamarkað sem allra fyrst.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja þeir það þó ekki raunhæfan valkost fyrr en búið verði að semja við Norðurál. Fulltrúar HS Orku og Norðuráls hafa fundað að undanförnu til að reyna að ná saman í málinu.

Tilkynnt var um það í gær að Jarðvarmi slhf., félag lífeyrissjóðanna fjórtán, hafi keypt nýtt hlutafé í HS Orku fyrir 4,7 milljarða króna á genginu 5,35 krónur á hlut. Áður hafði Jarðvarmi keypt fjórðungshlut í fyrirtækinu á 8,1 milljarð króna, en þá voru viðskiptin á genginu 4,63 krónur á hlut. Jarðvarmi á nú 33,4% hlut í HS Orku en Alterra Power, sem áður hét Magma, á 66,6%. Samtals hefur Jarðvarmi greitt 12,8 milljarða króna fyrir eignarhlut sinn.

**33,4%**

er eignarhlutur Jarðvarma í HS Orku. Jarðvarmi er félag í eigu fjórtán lífeyrissjóða.

Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður HS Orku og einn aðstoðarforstjóra Alterra, segir Jarðvarma vera að nýta sér heimild sem var í upphaflegum kaupsamningi félagsins. „Jarðvarmi átti að tilkynna Alterra um hvort þeir ætluðu að nýta sér ákvæðið fyrir 10. febrúar. Þeir gerðu það og og í kjölfarið verður gengið frá þessu. Ég tel það vera til marks um að þeir hafi trú á fyrirtækinu og aukin aðkoma þeirra styrkir það til uppbygginga r."

Norðurál hefur hug á að byggja álver í Helguvík í fjórum áföngum. 150 MW af orku þarf í hvern áfanga og Norðurál hefur lýst því yfir að álverið verði ekki klárað nema búið sé að tryggja orku fyrir tvo áfanga, alls 300 MW.

- þsj / sjá síðu 12



**BLÖÐRUR Í PAKISTAN** Pakistanskur sölumaður gerir allt klárt fyrir Valentínusardaginn, sem haldinn er hátíðlegur víða um heim í dag. Þrátt fyrir andstöðu margra strangtrúaðra múslíma halda æ fleiri Pakistanar þennan dag hátíðlegan, en hann á rætur að rekja til kristinnar trúar. NORDICPHOTOS/AFP



**ÚTSKRIFT** Erna tekur þátt í tískuvikunni í London í tengslum við útskrift sína.

Með nýja línu á tískuviku:

## Sýnir prjónaðar peysur í London

**FÓLK** Erna Einarsdóttir útskrifast á næstunni frá tískuskólanum fræga, Central Saint Martins í London.

Erna er einn af útvöldum nemendum skólans sem fá að taka þátt í útskriftarsýningunni sem fer fram næstkomandi föstudag í tengslum við tískuvikuna í London. Útskriftarsýningu skólans er jafnan beðið með mikilli eftirvæntingu hjá tískupressunni enda hefur skólinn alið af sér helstu fatahönnuði nútímans á borð við Stellu McCartney, Alexander McQueen og Phoebe Philo.

„Ég er ótrúlega spennt að taka þátt í þessu og ef vel gengur getur þátttaka í sýningunni opnað margar dyr," segir Erna.

- áp / sjá síðu 34






Fjórir heyrnarlausir vinna á lager fataverslunarinnar Next:

## „Hörkuduglegir og góðir starfskraftar"

**SAMFÉLAGSMÁL** Félag heyrnarlausra veitti um helgina tveimur aðilum viðurkenningar fyrir samvinnu um málefni heyrnarlausra. Það voru jeppaklúbburinn Litlanefnd F4x4, fyrir að bjóða heyrnarlausum með í jeppaferðir á jafnréttisgrundvelli, og fataverslunin Next fyrir samstarf í atvinnumálum heyrnarlausra.

Verslunin hefur ráðið fjóra heyrnarlausa í vinnu á lager fyrirtækisins, en það að vera svo mörg saman á einum vinnustað gerir þeim kleift að eiga samskipti allan daginn á eigin móðurmáli, íslensku táknmáli.

Haraldur Bergsson, framkvæmdastjóri Next, segir að hugmyndin að samstarfi við Félag heyrnarlausra hafi komið til þar sem verslunin var að leita að góðu og áreiðanlegu starfsfólki.

„Við fengum þau fjögur svo til okkar og höfum ekki séð eftir því, vegna þess að þau eru hörkudugleg og góðir starfskraftar. Svo smellpassa þau líka inn í hópinn hjá okkur, þannig að við teljum okkur heppin að hafa fengið þau til liðs við okkur."

Í samtali við Fréttablaðið sagðist hópurinn finna sig einstaklega vel í starfi hjá Next. Þar væri komið fram við þau eins og jafningja og samstarfsfólkið væri áhugasamt um að fræðast um táknmáli. Loks væri vinnan sjálf skemmtileg og nóg að gera.

- þj



**Á SAMA MÁLI** Þau Ji Xing, Haukur Vilhjálmsson, Ragna Guðrún Magnúsdóttir og Magnús Sverrisson kunna vel við sig í vinnu hjá Next. Þar geta þau talað saman á eigin móðurmáli og eru líka dugleg við að fræða vinnufélagana um táknmál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## SPURNING DAGSINS



*Halldór, varstu ljónheppinn?*

„Já, ef einhver veit hvernig það er að falla þá er það ég – og Bubbi.“

Leikarinn Halldór Gylfason slapp vel þegar hann féll fjóra metra niður um hlera á sviði Borgarleikhússins við sýningar á Galdrakarlinum í Oz. Halldór var þar í hlutverki huglausa ljónsins.

Íslendingar í brúðkaupi sluppu þegar hótel sem þeir gistu á brann á sunnudag:

# Misstu eigur í bruna á Indlandi

**FÓLK** Íslendingar voru meðal gesta á indversku hóteli sem eyðilagðist að hluta í bruna á sunnudag. Mennirnir misstu hluta af farangri sínum en komust heilir frá eldsvoðanum.

Andri Ottesen er einn Íslendinganna, en þeir voru komnir til Hydrabad á Indlandi til að taka þátt í þriggja daga giftingarathöfn samstarfsaðila síns. Að sögn Andra höfðu þeir sest inn á veitingastað hótelsins að lokinni athöfninni. Hátíðarhöldin höfðu þá staðið í þrjá daga og mennirnir ætluðu snemma í háttinn. „Í miðjum matnum var öllum sagt að yfirgefa bygginguna eins og þeir stóðu.“ Eldur hafði þá kviknað á annarri hæð hótelsins og segir Andri hann hafa borist hratt upp á næstu hæðir. Fljótlega hafi framhlið hótelsins verið í ljósum logum. Gestir kveiktu í flugeldum inni og út frá þeim kviknaði í.

Nokkur bið var á því að slökkvilið kæmi á staðinn og mikill fjöldi fólks hafði safnast saman fyrir framan hótelið. Andri segir mikið öngþveiti og múgæsingu hafa skapast og margir hafi ætlað að nýta sér ástandið og ná í muni af hótelinu. „Það kom Íslendingum verulega á óvart hversu harkalega lögreglan gekk fram í að halda aftur af æstum lýðnum með bareflum.“

Íslendingarnir fengu svo að fara inn í bygginguna um miðja nótt, en þeir áttu flug til Delí snemma næsta morgun. Herbergi þeirra höfðu að sögn Andra sloppið við mestu eyðilegginguna, en þeir misstu þónokkuð af farangri sínum því erfitt var að athafna sig vegna vatns, reyks og rafmagnsleysis.

- þeb



**FYRIR FRAMAN HÓTELIÐ** Mikill fjöldi fólks kom saman fyrir framan hótelið eftir að eldurinn breiddist út. MYND/ANDRI OTTESEN

Í sambandi við framliðna:

## 20 prósent Svía trúa á drauga

**SVÍÞJÓÐ** Fimmti hver Svíi telur að einstaklingar geti gengið aftur eftir dauðann. Þetta er niðurstaða könnunar á vegum Svenska Dagbladet í janúar síðastliðnum sem 1.000 manns tóku þátt í.

Af þeim kvaðst 21 prósent trúa að fólk gæti gengið aftur. Nær sami fjöldi, eða 20 prósent, sagðist sjálfur hafa verið í sambandi við framliðna eða fundið fyrir návist þeirra. Fleiri konur en karlar sögðust hafa upplifað slíkt, eða 20 prósent á móti 11 prósentum.

Þeir sem eru eldri en 65 ára hafa minnsta tilhneigingu til að trúa á drauga. Aðeins 13 prósent þeirra telja að fólk geti gengið aftur.

- ibs

Snorri í Betel settur í leyfi:

## Spurt um málfrelsi kennara

**ALÞINGI Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, hvort setja ætti málfrelsi kennara skorður. Tilefni væri til að staldra við þegar grunnskólakennarar töluðu með þeim hætti að gæti verið særandi fyrir nemendur.**



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

**Ráðherra sagði ekki endilega rétt að leysa svona mál innan lagaramma, en vísaði í siðareglur fagfélaga kennara. Þeim bæri að sýna öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Í tilkynningu frá Akureyrarbæ frá því í gær kom fram að Snorri Óskarsson, kenndur við Betel, væri í tímabundnu leyfi vegna ummæla sinna um samkynhneigða.**

- kóp

# Furða sig á vægum barnavændisdómi

**Lögfræðingur Barnaverndarstofu segir tólf mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm manns sem keypti vændi af fjórtán ára dreng vekja furðu. Mikið tillit er tekið til aðstæðna mannsins sem missti vinnuna og hefur leitað sér hjálpar.**

**DÓMSMÁL** Lögfræðingur Barnaverndarstofu segir furðu sæta hversu vægan dóm fyrrverandi grunnskólakennari á Akranesi fékk í síðustu viku fyrir að kaupa vændisþjónustu af fjórtán ára dreng.



HEIÐA BJÖRG PÁLMADÓTTIR

„Þarna er um fullframið kynferðisbrot að ræða, oftar en einu sinni, gegn barni undir fimmtán ára aldri, og þar að auki er verið að kaupa af því vændi, þannig að það vekur furðu okkar hversu væg refsingin er,“ segir Heiða Björg Pálmadóttir, lögfræðingur Barnaverndarstofu.

Maðurinn hlaut eins árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa í tvígang haft mök við pilt sem þá var fjórtán ára „án þess að gæta nægjanlegrar varúðar um aldur piltsins“, eins og segir í ákæru, haft við hann munnmök og endaþarmsmök og greitt honum þrjátíu þúsund krónur fyrir í hvort skipti.

Í dómi Hjartar O. Aðalsteinssonar er vitnað til mats geðlæknis, þar sem fram kemur að „um sé að ræða vel gefinn og vel gerðan samkynhneigðan mann sem um árabil hafi lifað í felum með kynhneigð sína. Hann hafi freistast til að leita eftir samskiptum við aðra karlmenn í netheimum og hafi þetta orðið til þess að hann hafi verið afhjúpaður með miklum afleiðingum fyrir hann og fjölskyldu hans og hafi hann misst starf sitt.“

Maðurinn hafi tekið vel á sínum málum síðan, farið í áfengismeðferð og meðferð við kynlífsfíkn og enginn grunur sé til staðar um barnagirnd eða langanir til annars konar afbrigðilegs kynlífs. Með hliðsjón af því og skýlausri játningu megi skilorðsbinda refsinguna.

„Þetta eru töluvert alvarleg brot,“ segir Heiða og bendir á að eftir hennar bestu vitund sé þetta í fyrsta sinn sem fullorðinn einstaklingur er dæmdur fyrir að kaupa vændisþjónustu af barni hérlendis. „Þessi dómur er því væntanlega fordæmisgefandi ef önnur slík mál koma upp.“

Ríkissaksóknari hefur ekki ákveðið hvort dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar.

stigur@frettabladid.is



**AKRANES** Pilturinn hefur verið í óreglu og dvelur nú á meðferðarstofnun. Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að móðir hans telur dóminn yfir manninum of vægan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ekki hægt að kenna samkynhneigð um

Guðmundur Helgason, formaður Samtakanna 78, segir það ekki geta verið afsökun fyrir vændiskaupum af ólögráða einstaklingi að samkynhneigður maður hafi átt í erfiðleikum með að koma út úr skápnum.

„Það er ekkert eðlilegt samhengi þar á milli. Þetta eru þá bara algerar undantekningar og ekki eitthvað sem við getum notað til útskýringar á svona,“ segir Guðmundur. „Ég held að við sem samfélag séum almennt sammála um að þetta geti ekki talist eðlilegt. Hvaðan dómarinn hefur sínar forsendur veit ég ekki. Barn er alltaf barn og á að fá að vera það í friði.“

## Jón Þórarinsson tónskáld látinn

Jón Þórarinsson tónskáld er látinn 94 ára að aldri. Hann var fæddur hinn 13. september 1917.



Jón varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri. Hann stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík og Yale í Bandaríkjunum. Hann starfaði meðal annars lengi hjá Ríkisútvarpinu, var framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og yfirkennari við Tónlistarskólann í Reykjavík. Eftir Jón liggja mörg tónverk.

Jón lætur eftir sig eiginkonu, Sigurjónu Jakobsdóttur, og sjö börn.

Barnaheill og fyrirtæki:

## Heillakeðjur til styrktar börnum

**FÓLK** Barnaheill – Save the Children á Íslandi og tólf íslensk fyrirtæki munu standa fyrir Heillakeðju barnanna á þessu ári.

Einstaklingar og hópar munu einnig geta stofnað heillakeðjur, en markmiðið er að vekja athygli á réttindum barna og safna fé til verkefna Barnaheilla. Heillakeðjurnar eru áheitasöfnun þar sem ákveðin verkefni eru styrkt. Þeir sem safna mestu fé eða flestu fólki fá glaðning.

Fyrirtækin safna fé með hjálp viðskiptavina sinna, en Ölgerðin mun sjá um febrúarmánuð. Þá munu 100 krónur af Floridana heilsusafa renna til verkefna Barnaheilla.

- þeb

S A F

Dagur menntunar í ferðaþjónustu

Ráðstefna á Hilton Reykjavík Nordica um mikilvægi fræðslu og símenntunar starfsfólks í ferðaþjónustu
16. febrúar kl. 08.30 - 12.00

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á
www.saf.is

S A F

Árásir sýrlensku stjórnarinnar á almenna borgara fordæmdar á allsherjarþingi:

# Glæpir framdir gegn mannkyni

**SÝRLAND, AP** Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, segir að Sýrlandsstjórn virðist notfæra sér óeiningu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til þess að herða aðgerðir sínar gegn mótmælendum um allan helming.

Hún segir útilokað að gefa nákvæmar tölur um mannfall, en á síðasta ári hafi stjórnarherinn drepið meira en 5.400 manns frá því mótmæli gegn stjórninni hófust í mars. Mannfallið hafi síðan haldið áfram.

Hún fordæmir framferði stjórnarhersins og segir flest benda til þess að sýrlenska stjórnin hafi framið glæpi gegn mannkyni alveg frá því uppreisnin hófst.

Mannréttindasamtök hafa fullyrt að aðgerðir stjórnarinnar hafi kostað meira en sjö þúsund manns lífið síðustu ellefu mánuðina.

Árásir á borgina Homs hafa staðið yfir nánast samfleytt í hálfa aðra viku. Í gær tókst uppreisnarmönnum hins vegar að hrinda árásum stjórnarhersins á borgina Rastan, sem þeir hafa haft á sínu valdi síðan seint í janúar.

Sýrlandsstjórn hefur hafnað áætlun Arababandalagsins um að senda með Sameinuðu þjóðunum sameiginlegan friðargæsluher til Sýrlands. Rússar hafa einnig hafnað þessum áformum, en segja að takist fyrst að semja um vopnahlé milli stjórnar og uppreisnarmanna þá komi til greina að senda friðargæslusveitir til landsins.

- gb



**ELDAR LOGA Í HOMS** Árásir á borgina Homs hafa staðið yfir nánast samfleytt í hálfa aðra viku. NORDICPHOTOS/AFP

MOTOROLA

Þú getur unnið ferð fyrir tvo til

# NEW YORK

á Saga Class

**Með hverjum keyptum Motorola Razr fylgir lukkunúmer.**

Skráðu númerið á Facebook-síðu Motorola á Íslandi og þú gætir verið á leið til New York á Saga Class með Icelandair!




# SKOTHELDUR MOTOROLA RAZR!




MOTOROLA
RAZR™

Motorola Razr er nýr Android-sími, einn þynnsti síminn á markaðnum en pakkaður af tækni sem Dual Core 1,2 GHz örgjörvinn og 1 GB vinnsluminnið leika sér að.

Motorola Razr er líka einn sterkasti síminn á markaðnum. Bakhliðin er úr KEVLAR sem er sama efni og í skotheldum vestum og allur síminn er vatnsvarinn með nanótækni. MotoCast er innbyggt í símann og þú getur náð í tónlistina þína eða bíómyndirnar í PC-tölvunni þinni hvort sem þú ert í næsta herbergi eða annarri heimsálfu.

Þú ert tæknitröllið í vinahópnum með Motorola Razr.

LIFE. POWERED.

aðeins 7,1 mm

Skráðu þig á Facebook-síðu Motorola á Íslandi

## GENGIÐ 13.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,79 | 122,37 |
| Sterlingspund | 192,54 | 193,48 |
| Evra | 161,54 | 162,44 |
| Dönsk króna | 21,73 | 21,858 |
| Norsk króna | 21,305 | 21,431 |
| Sænsk króna | 18,342 | 18,45 |
| Japanskt jen | 1,567 | 1,5762 |
| SDR | 188,97 | 190,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,9901

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umhverfisráðherra krafinn svara um rammaáætlun á Alþingi:

# Þingið mun fjalla um rammaáætlun

**ALÞINGI** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sagði að þingheimur muni fá færi til að fjalla um þingsályktunartillögu um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Málið muni fá þinglega meðferð líkt og önnur.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Svandísi út í meðferð málsins. Hann sagði vinnuna við áætlunina hafa verið faglega til að byrja með en væri nú á síðustu metrunum lituð af pólitík og í faðmi umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra. Hann spurði hvort vænta mætti frekari breytinga á tillögunni.

Ráðherra sagði málið gríðarlega umfangsmikið. Alls hefðu borist 225 athugasemdir sem nú væri verið að vinna úr. Mikilvægt væri að vanda til verksins og ferlið væri samkvæmt lögum. Ráðherrarnir tveir hefðu samráð með sér um málið og síðan yrði það lagt fyrir Alþingi. Þá sagði hún umhugsunarefni að okkar kynslóð tæki sér það vald að úthluta náttúrusvæðum fyrir komandi kynslóðir.

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði ráðherra út í orð hennar í Fréttablaðinu í gær þegar hún sagði flokkun náttúrusvæða í verndar-, nýtingar- og biðflokka ekki vera endanlega. Hann minnti á að hlýindaskeið væri væntanlegt og spurði ráðherra hvort vatn jöklanna myndi kannski renna óbeislað til sjávar og engin kynslóð myndi nýta það. **- kóp**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Umhverfisráðherra segir rammaáætlun umfangsmikið mál.



**ARTEMIO** Leiðtogi Skínandi stígs á leið á sjúkrahúsið. NORDICPHOTOS/AFP

Artemio handtekinn í Perú:

## Skínandi stígur sviptur leiðtoga

**PERÚ, AP** Artemio, leiðtogi hryðjuverkasamtakanna Skínandi stígur, var handtekinn um helgina og fluttur strax á sjúkrahús vegna sára sem hann hlaut þegar til átaka kom við handtökuna.

Tveir félagar Artemios voru jafnframt handteknir.

Ollanta Humala, forseti Perú, sagði að eftir þessar handtökur væru samtökin að mestu lömuð.

Samtökin Skínandi stígur hafa undanfarið helst einbeitt sér að fíkniefnasölu, en stunduðu á níunda og tíunda áratug síðustu aldar skæruhernað í nafni marxisma. **- gb**

### PERSÓNUVERND

**Arion fari að lögum**

Persónuvernd segist munu beita Arion banka dagsektum frá bankinn ekki að tilmælum um að hætta að krefjast kennitalna af þeim sem selja bankanum gjaldeyri að andvirði eitt þúsund evrur eða minna.

### LEIÐRÉTT

Rangt var farið með föðurnafn Geirs Þorsteinssonar, formanns KSÍ, í blaðinu í gær.

# Þjóðin fái að kjósa um stjórnarskrána

**Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vill að drög að nýrri stjórnarskrá verði borin undir þjóðina í sumar. Málið verður að klárast í mars eigi að kjósa samhliða forsetakosningum. Ekki í samræmi við yfirlýsingar varaformanna.**

**ALÞINGI** Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, leggur til á fundi nefndarinnar í dag að drög að nýrri stjórnarskrá verði borin í heilu lagi undir þjóðina samhliða forsetakosningum í sumar. Aukreitis verði nokkrar spurningar um ákveðna efnisþætti.

„Ég mun leggja það til að frumvarpið verði í heild sinni lagt fyrir þjóðina og svo nokkrar spurningar með. Þetta er það sem ég mun leggja fram á morgun [í dag]. Ég vonast til að við náum að klára málið fyrir lok mars."

Mikilvægt er að það náist þar sem boða verður til þjóðaratkvæðagreiðslu með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Dragist málið næst því ekki að kjósa samhliða forsetakosningum í júní.

Álfheiður Ingadóttir, fyrsti varaformaður nefndarinnar, og Róbert Marshall, annar varaformaður, sögðu í Fréttablaðinu á föstudag að unnið væri eftir þeim línum að fá viðhorf þjóðarinnar til mikilvægustu greina stjórnarskrárinnar.

„Eftir því sem vinnunni hefur undið fram í nefndinni hefur mér sýnst að það borgi sig að leggja fram nokkrar spurningar út úr skjalinu þar sem þjóðin er beðin að taka afstöðu til forsetaembættisins, ríkis og kirkju, auðlindaákvæðis og svo framvegis," sagði Róbert þá.

Gísli Tryggvason, sem sat í stjórnlagaráði, segist treysta því að stjórnarskrárfrumvarpið verði borið undir þjóðina í heild sinni.



**STJÓRNLAGARÁÐ** Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vill að þjóðin fái að greiða atkvæði um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Nefndin fundar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GÍSLI TRYGGVASON**



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**

Það sé yfirlýstur vilji forsætisráðherra og meirihluta allsherjarnefndar Alþingis. Gísli segir þjóðina vera mikilvægasta aðilann að málinu og því mikilvægt að hún fái að segja skoðun sína.

Gísli segir marga kosti í stöðunni og kannski sé fullmikið að þjóðin greiði atkvæði um hverja einustu grein frumvarpsins. Mögulegt væri að greiða atkvæði um hvern kafla. „Hvor leiðin fyrir sig er vel framkvæmanleg því þetta er bara ráðgefandi atkvæðagreiðsla," segir Gísli. Auðvelt sé því að vinna úr niðurstöðum hennar.

„Önnur leið væri að í stað þess að greiða atkvæði um einstaka grein eða kafla þá séu greidd atkvæði um þau atriði sem Alþingi og stjórnlagaráð eru ósammála um."

Til að svo megi verða segir Gísli mikilvægt að stjórnlagaráð komi aftur að málinu og vinni með Alþingi að undirbúningi atkvæðagreiðslunnar, eins og boðið var upp á í skilabréfi ráðsins.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áfram í haldi vegna árásar:

## Talinn ógna hagsmunum almennings

**LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Suðurnesja framlengdi á föstudag gæsluvarðhald yfir rúmlega tvítugum manni sem talinn er hafa veitt öðrum manni alvarlega áverka með hnífi í Kópavogi aðfaranótt 3. febrúar.**

**Lögregla handtók manninn eftir að hafa komið á vettvang og fundið þolandann, mann um fertugt, með stungusár á kvið og síðu. Sá var í lífshættu um tíma en er á batavegi.**

**Sá ungi var úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudagsins síðasta, en þá var það framlengt til 9. mars á grundvelli almannahagsmuna. - sh**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Reyndu að stela hurðum**

Þrír menn á aldrinum 20 til 55 voru handteknir við nýbygginguna í Kópavogi í fyrrinótt. Þeir höfðu látið greipar sópa í húsinu, losað hurðir, blöndunartæki og rafmagnsrofa og voru á leið í burtu með þýfið þegar lögreglu bar að. Þeir hafa allir gerst brotlegir við lög áður.




### VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**VÆTA Á DEGI VALENTÍNUSAR**

Það verður áfram milt í veðri í dag en á morgun kólnar eftir því sem líður á daginn. Von er á éljagangi víða á fimmtudag og föstudag. Hann snýr sér síðan í stífa norðaustanátt á föstudagskvöldinu með snjókomu fyrir norðan.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 1° |
| Berlín | -1° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 17° |
| London | 7° |
| Mallorca | 10° |
| New York | 7° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | -2° |
| París | 7° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42ST32Y**
42" Full HD 1080p 3-D NeoPlasma SJÓNVARP með 3-D converter (breytir 2-D í 3-D), 1920x 1080p upplausn, Vreal 3-D Engine, 600Hz Sub-field Drive, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, High Contrast Filter, 0.001msec svartíma, háskerpu HDTV DVB-T/2 stafr. móttakara, innb. gervihnattamóttakara, SD kortalesara,2 x USB ofl.

neo plasma

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 239.990

**46" NeoPlasma**
Panasonic TXP46ST32Y
**TILBOÐ 229.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

**50" NeoPlasma**
Panasonic TXP50ST32Y
**TILBOÐ 269.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990




## TOSHIBA

**Toshiba 40LV833N**
40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 7,5ms svartíma, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## FINLUX

EINNIG TIL Í 46"
TILBOÐ 139.990

**Finlux 42FLHX905HU**
42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB Margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




## Panasonic

**Panasonic TXP42S30Y**
42" Full HD Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Sub Field Drive, Intelligent Frame Creation Pro, Vreal Live Engine, 2.000.000:1 skerpu, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænum móttakara, 24p Playback, x.v Colour, 3x HDMI, SD kortalesara, Wi-fi ready ofl.

**TILBOÐ 129.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## TOSHIBA

**Toshiba 42SL863N**
42" FHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 4.000.000:1 skerpu. 200 Active Motion Rate Processing. 24P Mode. DVB-T2 C2/S2 stafrænn móttakari. Gervihnattamótakari. Smart TV. Wi-Fi Ready. Auto Backlight Control og Ambient Light Sensor. 4x HDMI, LAN, Scart, Ci, VGA, 2x USB og heyrnatólstengi o.fl.

**TILBOÐ 159.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




## Panasonic

neo plasma

EINNIG TIL Í 50"
TILBOÐ 299.990

**Panasonic TXP42G30Y**
42" Full HD 1080p THX Plasma SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Vreal Live Engine, 600 Hz Sub Field Drive, High Contrast Filter, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, háskerpu HDTV stafrænum DVB-T/T2 móttakara, 2x USB, 4 HDMI 1.4, SD kortalesara ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




## PHILIPS

**Philips 46PFL6606T**
46" FHD LED Pixel Precise sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Full-HD, Pixel Plus HD. HD Natural Motion. 400Hz Perfect Motion Rate. 500.000:1 í skerpu. 2ms svartími. Háskerpu stafrænn HDTV móttakari. NET-TV (Wi-Fi möguleiki). USB, VGA, Scart, 3x HDMI, VGA, Digital out og heyrnatólstengi. CI/CI+ lesari o.fl.

**TILBOÐ 239.990**
FULLT VERÐ kr. 269.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

**KJÖRKASSINN**



*Getur þú hugsað þér að kjósa eitthvað af þeim nýju framboðum sem eru að koma fram?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 48,7% |
| NEI | 51,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kaust þú í símakosningu Eurovision?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Sveitarfélögin á Suðurnesjum vinna að því að nýta sérstaka náttúru Reykjaness:

# Semja um stofnun jarðvangs á Reykjanesi

**UMHVERFISMÁL** Sveitarfélögin Garður, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Vogar hafa skrifað undir samkomulag um stofnun jarðvangs á Reykjanesi.

Bundnar eru vonir við að verkefnið skili sér í aukningu ferðafólks á svæðinu, eflingu vísindarannsókna, meiri samvinnu og uppbyggingu í ferðaþjónustu og aukinni þekkingu á viðfangsefninu jarðvangur.

Vegna legu sinnar og áhugaverðra jarðsögu- og menningarminja er Reykjanes tilvalið svæði fyrir jarðvang. Jarðvangur myndi sýna á fjölbreyttan hátt samspil náttúru og menningar að fornu og nýju og jarðmyndanir með sérstöðu á heimsvísu. Áhersla er lögð á að nýta þá sérstöðu til áframhaldandi þróunar og uppbyggingar á Suðurnesjum.

Undirbúningsnefnd um jarðvanginn mun hefja umsóknarferli til European Geoparks Network og ráðinn verður verkefnastjóri. Aðilum í ferðaþjónustu og vísindastarfi verður einnig boðin aðild að samstarfsnefndinni og munu sveitarfélögin leggja fram fjármagn í verkefnið árin 2012 og 2013. Jafnframt hefur fengist fjármagn í verkefnið frá Alþingi í gegnum Sóknaráætlun landshluta.

**- shá**



**SAMNINGUR** Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Voga, Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkur, Ásmundur Friðriksson, í Garði, og Árni Sigfússon, í Reykjanesbæ.






**Í KÍGOMA Í TANSANÍU** Myndin lýsir vel á hvaða stigi fiskveiðar Tansaníumanna eru, en í raun má segja að þeir séu á byrjunarreit samanborið við veiðar og vinnslu á Íslandi. MYND/ODDUR M. GUNNARSSON/MATÍS

# Matís þróar vinnslu og veiðar í Tansaníu

**Starfsmenn Matís aðstoða íbúa við Tanganyika-vatn í Tansaníu við að nýta fiskmeti betur. Verkefnið er svar stofnunarinnar við niðurskurði í fjárveitingum.**

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** „Þetta verkefni er mikil áskorun fyrir okkur því þarna eru aðstæður allar mjög frumstæðar og ólíkar því sem við þekkjum. Við þurfum þannig að finna leiðir til að þróa fiskvinnslu út frá því sem er til staðar en getum ekki gengið að því vísu að hafa rafmagn, olíu eða aðra orkugjafa,“ segir Oddur Már Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Matís, um verkefni sem stofnunin annast við Tanganyika-vatn í Tansaníu, samkvæmt samningi við stjórnvöld þar í landi.

Að sögn Odds fara starfsmenn Matís í næsta mánuði til Tansaníu. Þeir velja nokkur þorp við vatnið og leiðbeina þar íbúunum. „Mikill fjöldi fólks byggir lífsviðurværi sitt af veiði í vatninu, sem, eins og vinnslan, er með afar frumstæðum hætti. Mikið magn fiskmetis ónýtist ef það selst ekki ferskt sama dag og það er veitt.

Verkefni Matís er ekki síst að þróa aðferðir til að koma upp aðstöðu til að reykja fiskinn, en það er líka reynt að þurrka fisk við mjög frumstæðar aðstæður,“ segir Oddur sem jafnframt er verkefnisstjóri Tansaníu verkefnisins. „Við munum því meðal annars aðstoða við að setja upp þurrkklefa og reykofna sem yrðu keyrðir með sólarorku.“ Í vatninu finnast margir ólíkir stofnar fiska en Matís mun helst aðstoða við veiðar og vinnslu á smáfiski, sem helst má líkja við loðnu.

Verkefnið, sem Matís hreppti eftir útboð á Norðurlöndunum, er fjármagnað af Norræna þróunarsjóðnum (NDF), en verkefnið kostar um 40 milljónir íslenskra króna. Að sögn Odds hefur Matís, eins og fleiri íslenskar stofnanir, þurft að leita sér sértekna vegna niðurskurðar, ekki síst utan landsteinanna.

Matís hefur samið við íslensku fyrirtækin Ráðgarð Skiparáðgjöf ehf. og Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar ehf. um hluta verkefnisins. Ráðgarður mun hafa umsjón með smíði á sérhæfðu skipi sem nota á til rannsókna á Tanganyika. Þá hefur Matís gert samning við fyrirtæki í Tansaníu sem mun annast félags- og hagfræðilegan hluta verkefnisins og samskipti við heimamenn.

svavar@frettabladid.is



**FRÁ UNDIRRITUN** Oddur M. Gunnarsson og Godvin Matovelo við undirritun samninga.

## Meðal stærstu ferskvatna í heimi

- Tanganyika-vatn er meðal stærstu ferskvatna heims, tæplega 19 þúsund ferkílómetrar að stærð (fimmtungur af stærð Íslands).
- Vatnið er einnig annað dýpsta ferskvatn í heimi, 1.500 metrar þar sem það er dýpst.
- Fjögur lönd liggja að vatninu: Tansanía, Kongó, Búrúndí og Sambía.
- Tansaníubúar veiða fisk í Tanganyika en bæði veiðar og vinnsla eru með frumstæðum hætti.
- Verkefni Matís er meðal annars að aðstoða við þróun aðferða til að nýta fiskinn betur og gera hann verðmætari.
- Vatnið er lítið rannsakað en hlýnun þess á undanförnum árum, með tilheyrandi áhrifum á lífríkið, er áhyggjuefni vísindamanna.






# Heilsudýnudagar í Betra Baki !

## 20% afsláttur af Chiro Collection




**Chiro Deluxe, dýna botn og lappir !**

160x200 cm. Verð nú kr. 224.720,- • 180x200 cm. Verð nú kr. 235.120,-

### Vandaðir lyftistólar

20% afsláttur



### Stillanleg heilsurúm í sérflokki !



**Stillanlegu** heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Skoðaðu möguleikana!

Verðdæmi án gafls

**2 x 90x200**
**kr. 569.000,-**

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR Original eða - Cloud heilsudýna.

### Sængurver í sérflokki !

20% afsláttur

Aðeins til 18. febrúar

JOOP!





## Charlotte Julien

Dream your world™

Verð: Platinum heilsudýna, botn og lappir:

**120x200 - kr. 83.900,-**
**140x200 - kr. 109.900,-**
**160x200 - kr. 119.900,-**
**180x200 - kr. 134.900,-**

Gafl seldur sér.

**Frábært verð!**

### Svefnsófar



**TORINO**
SVEFNSÓFI Kr. 189.900,-



**NAPOLI**
SVEFNSÓFI Kr. 199.900,-

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða leikari féll niður um hlera á sviðinu í Borgarleikhúsinu um helgina?*
2. *Hversu mörg fyrirtæki urðu gjaldþrota á síðasta ári?*
3. *Í hvaða sæti norska metsölulistans er bók Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig?*

**SVÖR:**

1. Halldór Gylfason 2. 1578 fyrirtæki 3. Tíunda sæti

Öfgaklerkur látinn laus í Bretlandi eftir áratug í fangelsi:

# Hefur aldrei verið ákærður

**BRETLAND, AP** Abu Qatada, rúmlega fimmtugur íslamskur predikari, var í gær látinn laus í Bretlandi eftir áratug í fangelsi. Hann þurfti þó að reiða fram tryggingarfé og þarf að sæta eftirliti, að öllum líkindum með útivistarbanni og ökklabandi til öryggis.

Bresk stjórnvöld segja hann einn helsta leiðtoga hryðjuverkasamtakanna Al Kaída í Evrópu. Hann hafi á sínum tíma verið í nánum tengslum við Osama bin Laden.

Abu Qatada, sem heitir raunar Omar Mahmoud Mohammed Othman, var handtekinn árið 2002 vegna gruns um aðild að hryðjuverkum. Hann hefur þó aldrei verið ákærður fyrir neitt í Bretlandi, en var orðinn þekktur í landinu fyrir ofstækiskenndar ræður sínar.



ABU QATADA

Bretar vildu framselja hann til Jórdaníu, þar sem hann á yfir höfði sér málaferli vegna hryðjuverka. Mannréttindadómstóll Evrópu komst hins vegar að þeirri niðurstöðu í síðustu viku að ekki megi framselja hann þangað, því hætta sé á að upplýsingar fengnar með pyntingum yrðu notaðar gegn honum við réttahöldin.

Bresk stjórnvöld sögðust þó ekki búin að gefa upp á bátinn alla von um að geta komið honum úr landi.

„Við erum með það á hreinu að við viljum fá Abu Qatada burt sem fyrst. Við erum að kanna alla möguleika,“ sagði talsmaður Davids Cameron forsætisráðherra við fréttastofuna AP. - gb

Átak gegn mengun í Ósló:

# Leigubílarnir verða rafbílar

**NOREGUR** Yfirvöld í Ósló vinna nú að því að allir leigubílar í borginni verði fyrir árið 2015 með rafhlöðu auk venjulegs mótors. Þannig eiga þeir að geta notað dísil í akstri utan borgarinnar og rafmagn í akstri í borginni.

Nú eru 99,9 prósent leigubílanna í Ósló dísilbílar. Hverjum þeirra er ekið á milli 150 til 200 þúsund kílómetra á ári eða tíu sinnum meira en venjulegum fólksbíl. Mengunin í Ósló og öðrum stórum borgum í Noregi hefur verið vaxandi vandamál í mörg ár. - ibs



**SPRENGJUÁRÁS Á INDLANDI** Sendiherrann slapp en eiginkona hans og ökumaður særðust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásir á sendifulltrúa:

# Ísraelar kenna Írönum um

**ÍSRAEL, AP** Forsætisráðherra Ísraels sakar írönsk stjórnvöld um að hafa staðið á bak við tvær sprengjuárásir á ísraelskar sendiráðsbifreiðar í gær. Önnur árásin var gerð í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, en hin í Nýju-Delhi á Indlandi.

Tveir særðust á Indlandi, eiginkona sendiherrans og ökumaður hans, en í Georgíu fannst sprengjan áður hún sprakk.

Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, segir að Ísraelum hafi nýverið tekist að koma í veg fyrir svipaðar árásir í Aserbaídjan, Taílandi og víðar.

„Í öllum þessum tilvikum voru það Íranir og skjólstæðingar þeirra, Hisbolla-samtökin, sem stóðu á bak við árásirnar,“ sagði hann. - gb

Glíma við vanheilsu:

# Fleiri konur með sílíkon svipta sig lífi

**HEILSA Konur sem láta stækka á sér brjóstin glíma í meiri mæli við andlega vanheilsu en aðrar konur. Tvisvar til þrisvar sinnum fleiri þessara kvenna svipta sig lífi en aðrar konur.**

**Þetta eru niðurstöður rannsókna í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Bandaríkjunum. Norsk rannsókn hefur einnig leitt í ljós að andleg heilsa kvenna sem gangast undir fegrunaraðgerðir er verri en annarra kvenna.**

**Þar að auki sýna niðurstöður rannsókna frá fleiri löndum að 5 til 15 prósent þeirra sem vilja fara í slíka aðgerð þjást af alvarlegum ranghugmyndum um eigin líkama, að því er kemur fram á fréttavef norska ríkisútvarpsins.**

**Tugir þúsunda kvenna í Noregi hafa látið stækka á sér brjóstin.** - ibs

**BORGARBYGGÐ**

### Taka tilboð í hlutabréf

Byggðaráð Borgarbyggðar hefur samþykkt tilboð Reykjavíkurborgar um kaup á 0,7 prósent hlutabréfa í Faxaflóahöfnum fyrir 75 milljónir króna. Eftir söluna á Borgarbyggð 4,14 prósent í Faxaflóahöfnum og Reykjavíkurborg 75,7 prósent.



**EYÐILEGGING Í AÞENU** Þetta sögufræga kvikmyndahús er eitt þeirra fjölmörgu húsa sem urðu eldinum að bráð í fyrrinótt. NORDICPHOTOS/AFP

# Grikkir meta tjónið og hefja hreinsun

**Hátt í hundrað húsa eyðilögðust í óeirðum í Aþenu í fyrrinótt. Fjármálaráðherrar evruríkjanna fagna nýjum niðurskurðaráformum grísku stjórnarinnar, sem fyrir sitt leyti hefur boðað til kosninga í apríl, að fenginni fjárhagsaðstoð.**

**GRIKKLAND** Þrátt fyrir óeirðir í miðborg Aþenu samþykkti gríska þingið í fyrrakvöld niðurskurðaráform, sem eiga að tryggja ríkissjóðnum fjárhagsaðstoð upp á 130 milljarða evra frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Reiknað er með því að leiðtogafundur Evrópusambandsins í byrjun mars samþykki fjárveitinguna, rétt í tæka tíð svo gríska ríkið geti borgað næstu stóru afborganirnar af lánum sínum þann 20. mars.

Gríska stjórnin hefur boðað til kosninga í apríl, þegar þessi hrina er um garð gengin og afborganirnar greiddar. „Þessi stjórn á einn og hálfan mánuð eftir,“ sagði Pantelis Kapsis, talsmaður stjórnarinnar. „Við klárum þetta í mars og svo verður kosið í apríl.“

Afgreiðsla gríska þingsins á sunnudagskvöld reyndist þingmönnum erfið og brúist var við uppstokkun í stjórninni í gær.

Evran tók svolítinn kipp upp á við á mörkuðum, sem virðast því hafa einhverja trú á að þessar nýjustu ráðstafanir muni duga um sinn til að halda efnahag Grikklands á floti.

Margir hafa þó efasemdir um að niðurskurðaráformin og þessi nýja fjárhagsaðstoð frá ESB og AGS dugi til að hjálpa Grikkjum út úr vandanum. Þeir muni fljótt þurfa á aðstoð aftur að halda.

Landsframleiðsla hefur dregist saman, skatttekjur hafa dregist saman og fjárlagahallinn hefur haldið áfram að vaxa. Hlutfall skulda af vergri landsframleiðslu hefur því ekki lækkað þrátt fyrir alla aðstoðina, og virðist ekki ætla að lækka þrátt fyrir þessa nýju aðstoð.

„Þetta er eins og að pissa í buxurnar, því eftir hálft ár þurfa þeir aftur á aðstoð að halda,“ hefur danska dagblaðið Politiken eftir Tom T. Kristensen, Grikklandsfræðingi við Háskólann í Hróarskeldu.

Fjárhagsaðstoðin er þó ekki endanlega í höfn. Fjármálaráðherrar evrusvæðisins þurfa að staðfesta að gríska ríkið hafi fullnægt skilyrðum þeirra. Þeir hittast í Brussel á miðvikudag.

Samkomulag gríska ríkisins við evrópska einkabanka um eftirgjöf skulda bíður einnig endanlegrar afgreiðslu, en þarf að liggja fyrir nú í vikunni. Þá þarf þýska þingið að samþykkja sitt framlag til aðstoðarinnar, samkvæmt ákvæðum þýsku stjórnarskrárinnar.

gudsteinn@frettabladid.is

OPNUM KL.10
ALLA VIRKA DAGA
Nýr opnunartími í Vínbúðunum
Skeifunni, Dalvegi og Skútuvogi.
MÁN-FÖS
10-20
LAU 11-18
SKEIFAN • DALVEGUR
SKÚTUVOGUR
VÍNBÚÐIN
ATH. Opnum á morgun, 15. febrúar, glæsilega og endurbætta Vínbúð á Dalvegi.

Mikill viðbúnaður eftir að tilkynnt var um jeppa í hálfu kafi:

# Mannlaus bíll í Vífilsstaðavatni

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla og slökkvilið voru með mikinn viðbúnað við Vífilsstaðavatn í gærmorgun eftir að tilkynnt var um jeppa sem maraði í hálfu kafi í vatninu. Kafarar voru sendir til að kanna hvort einhver væri í bílnum en svo reyndist ekki vera.

Í ljós kom að bílnum, Hyundai Galloper, hafði verið stolið fyrir utan íbúðarhús í Kópavogi um nóttina. Kafarar leituðu jafnframt á nokkuð stóru svæði í kringum bílinn en fundu ekkert nema spor sem talið er að geti verið eftir þjófinn eða þjófana.

Bíllinn var dreginn á þurrt um klukkan tíu og var nokkuð heillegur þótt vatnsskemmdirnar séu líklega talsverðar. - sh



**EKKERT FANNST** Kafarar leituðu af sér allan grun um að fólk væri í vatninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRAMLENGJUM ÚTSÖLU

# L ARÚTSALA

Rúm Gott

## ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

**Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!**





Tvíbreið fjölstillanleg rafmagnsrúm: **Verð frá kr. 309.897.-**
Tvíbreið heilsurúm: **Verð frá kr. 139.000.-**

**25-50% afsláttur af öllum heilsurúmum!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

**Einstaklingsmiðuð þjónusta**

Rúmgott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu til að meta þarfir viðskiptavina sinna.

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

**ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



**HUNDUR Á KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ** Þetta mun vera hundur, uppábúinn í eftirlíkingu af mannafötum, á kjötkveðjuhátíð í Copacabana-ströndinni í Rio de Janeiro. NORDICPHOTOS/AFP

Kristinn B. Gylfason er í hópi þriggja vísindamanna sem vinna að þróun nýrrar tækni við lyfjarannsóknir:

# Virkni lyfs kemur í ljós mun fyrr en áður

**VÍSINDI** Íslenskur vísindamaður, doktor Kristinn B. Gylfason, er einn þriggja vísindamanna við Konunglega Tækniháskólann í Stokkhólmi, sem hlotið hafa 3,8 milljónir sænskra króna í styrk frá Sænska rannsóknaráðinu, jafngildi um 70 milljóna íslenskra króna, til þess að þróa nýja tækni við lyfjarannsóknir. Með nýju tækninni, svokallaðri míkró- og nanótækni, verður hægt að sjá hvernig hver einstök fruma bregst við lyfjagjöf, að sögn Kristins.

„Núna er lausn með þúsundum frumna hellt í tilraunaglas og lyfi blandað út í. Flúrljómandi merki lýsir upp lausnina ef frumur sýna viðbragð. Ókosturinn við þessa aðferð er sá að aðeins er hægt að sjá hvernig meðalfruman bregst við. Með nýrri tækni festum við frumurnar í miðju skynjara og mælum viðbrögðin þegar lyfið kemur að frumunni. Þá er hægt að sjá viðbrögð hverrar frumu og lyfjafyrirtækin geta skilið miklu fyrr hvernig lyfin virka,“ segir Kristinn. Hann tekur fram að sé mikill mismunur á viðbrögðum frumnanna þýði það að lyfið sé ekki mjög gott. Nú sé erfitt að sjá slíkt þar sem aðeins sjáist viðbrögð meðalfrumunnar.

„Með okkar rannsókn er hægt að sjá hvort allar frumur bregðast eins við eða hvort um breytileika sé að ræða. Þetta er hægt að gera án þess að blanda inn þriðja efninu en þegar það er gert er alltaf hætta á að það trufli tilraunina.“ Kristinn segir markmiðið vera að reyna að draga úr sívaxandi kostnaði við lyfjaþróun sem sé mikið vandamál. - ibs



**KRISTINN B. GYLFASON** Dr. Kristinn mun nýta styrkinn til að þróa nýja tækni við lyfjarannsóknir.

Kosningar í Túrkmeninstan:

## 97% studdu Gúrbangúllí

**TÚRKMENISTAN, AP** Gúrbangúllí Berdímúkhamedov var endurkjörinn með yfirburðum í forsetakosningum sem fram fóru í Túrkmenistan á sunnudag.



**GÚRBANGÚLLÍ BERDÍMÚKHAMEDOV**

Berdímúkhamedov hlaut alls 97% greiddra atkvæða, en mótframbjóðendurnir sjö, sem allir eru embættismenn ríkisins, áttu greinilega ekki upp á pallborðið hjá almenningi.

Sérfræðingar á Vesturlöndum töldu kosningarnar hafa farið fram með ólýðræðislegum hætti. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu sendi ekki eftirlitsteymi til að fylgjast með kosningunum þar sem aðstæður buðu ekki upp á slíkt. - þj

Þorskur og ýsa gefa sig víða:

## Bræla hamlar veiðum togara

**SJÁVARÚTVEGUR** **Stöðugar brælur á miðunum suður og vestur af Reykjanesi frá áramótum hafa komið niður á aflabrögðum ísfiskskipa HB Granda.**

**Sjómenn segja þó að ástand gullkarfa og ufsa virðist með ágætum, eins og hefur sýnt sig þegar friður er fyrir veðri. Ágætis veiði var fyrir áramótin úr báðum stofnum.**

**Bjarni Einarsson, skipstjóri á Ásbirni RE, segir í viðtali á síðu fyrirtækisins að vandalaust sé að „ná skammtinum“ af þorski. Mönnum ber saman um að það sé nóg af þorski mjög víða. Einnig séu menn að hitta á ágætis ýsuafla.** - shá

# Skyndibílar verða jafnvel komnir á göturnar í haust

**Bílaleigur, olíufélög og bílaumboð funduðu með fyrirtækjum sem hafa áhuga á að kaupa þjónustu skyndibíla. Aðstandendur verkefnisins segja viðbrögðin hafa verið jákvæð og bílaleigur segja verkefnið spennandi.**

**SAMGÖNGUR** „Fólk er tilbúið í að skoða verkefnið betur og ég hef trú á að þetta muni ganga upp,“ segir Finnur Sveinsson, sérfræðingur hjá Landsbankanum og einn af aðstandendum verkefnis um skyndibílakerfi, aðspurður um fund sem nokkur stórfyrirtæki og stofnanir áttu fyrir helgi með aðilum í bílaleigugeiranum, bílaumboð og olíufélög um að koma á þess háttar kerfi hér á landi.

Framkvæmdastjóri Hertz á Íslandi segir að gangi allt eftir gæti slíkt verið komið til framkvæmda hér á landi næsta haust.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu fela þessar hugmyndir í sér að komið verði upp kerfi þar sem fólk getur leigt sér bifreið með auðveldum hætti og skömmum fyrirvara. Bæði væri um að ræða leigu til lengri og skemmri tíma jafnvel allt niður í um klukkustund, þar sem viðskiptavinur pantar bíl, sækir hann á ákveðinn stað og skilar honum þangað eftir notkun.

Hugmyndirnar eru settar fram af fyrirtækjunum, þar á meðal eru Landsbankinn, Landspítalinn, Advania, Reykjavíkurborg, og eru hugsaðar fyrir starfsfólk þeirra, en Finnur segir að ef hugsanlegir rekstraraðilar sjái færi á víðari markaði sé það þeirra að ákveða.

„Þarna sköpuðust jákvæðar og uppbyggilegar umræður. Menn voru einmitt að spyrja réttu spurninganna til að fá á hreint hvað þurfi til að þetta verkefni komist af stað.“

Finnur sagðist trúa því að fundurinn hafi komið skyndibílaverkefninu á góðan rekspöl.

„Það er jákvæðni í garð verkefnisins. Hvenær af verður er erfitt að segja, en ég held að við tökum næstu skref fljótlega og ræðum þá enn betur við þá sem vilja koma að þessu.“

Finnur segir aðalmálið nú að fá á hreint hversu stór markaðurinn gæti verið utan aðstandendahópsins og það verði metið í framhaldinu.

Sigfús B. Sigfússon, framkvæmdastjóri Hertz bílaleigu, segir í samtali við Fréttablaðið að þeim hafi þótt hugmyndin spennandi þó markaðurinn hér á landi sé að vísu nokkuð lítill.

„En Hertz er með svipað kerfi erlendis þar sem notast er við sambærilegar tæknilausnir,“ segir Sigfús og þess vegna gæti undirbúningurinn tekið skemmri tíma ef af yrði.

„Það er engin spurning um að þetta er spennandi verkefni. Það þarf enn nokkurn undirbúning, en ég get alveg séð það fyrir mér að ef allt gengur upp gætum við byrjað þetta með haustinu.“

thorgils@frettabladid.is



> Fólk er tilbúið í að skoða verkefnið betur og við trúum því að þetta muni ganga upp.
>
> **FINNUR SVEINSSON** SÉRFRÆÐINGUR HJÁ LANDSBANKANUM




**BJARTSÝNN** Sigfús B. Sigfússon, framkvæmdastjóri Hertz bílaleigu, segir fyrirtækið spennt fyrir skyndibílahugmyndinni og jafnvel sé möguleiki á að slíkt kerfi verði komið í gagnið hér á landi í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

Á Hellisheiði er vistvænt vísinda- og iðnþróunarverkefni komið á góðan rekspöl:

# Dæla koltvísýringi ofan í jörðina

**UMHVERFISMÁL** Niðurdæling á koltvísýringi við Hellisheiðarvirkjun hófst í lok janúar. Hugmyndin er að þessi gróðurhúsalofttegund bindist basalti í hraunlögum neðanjarðar og varðveitist sem steintegund um alla framtíð.

Niðurdælingin er hluti CarbFix-verkefnisins, sem er vísinda- og iðnþróunarverkefni rekið við Hellisheiðarvirkjun. Samstarfsaðilar Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið Háskóli Íslands, Columbia-háskóli í Bandaríkjunum og Rannsóknarráð franska ríkisins.

Meginmarkmið CarbFix-verkefnisins eru að auka skilning á því hvað verður um koltvísýring sem dælt er niður í berggrunninn til langs tíma litið, að þróa tækni til að binda koltvísýring varanlega í jarðlögum, og að gefa út og miðla niðurstöðum rannsókna og tilrauna svo þær geti nýst sem víðast.

Markmið verkefnisins er að draga úr umhverfisáhrifum auðlindanýtingar á Hellisheiði. CarbFix-verkefnið hefur notið viðurkenningar meðal annars í formi fjárstyrkja frá bandaríska orkumálaráðuneytinu og GEORG, íslenskum samstarfsvettvangi um jarðhitarannsóknir. Í fyrra fékk verkefnið myndarlegan styrk frá Evrópusambandinu. - shá



**Á HEIÐINNI** Þegar lofttegundinni er dælt niður í jörðina breytist hún í stein. MYND/ORKUVEITAN

# Allt í steik!

*4ra rétta tilboðsseðill og A la Carte í Perlunni*

Í tilefni valentínusardags 14.mars og konudags 19.mars bjóðum við upp á frítt freyðivínssmakk fyrir matargesti Perlunnar

## 4ra rétta seðill

*Þú velur aðalréttinn. Verð á matseðli* **5.960 kr.**

1 LÉTTREYKTUR LAX OG LAXATARTAR
með agúrkusalati, vatnakarsa og piparrótarkremi

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

3 FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*eða*

NAUTAFILLE
með kartöflu- og selleryrótarköku, blönduðum skógarsveppum og bearnaisesósu

*eða*

LAMBASKANKAR
með kartöflumauki, rjómasoðnu rótargrænmeti og rósmarínsósu

4 VOLG SÚKKULAÐIKAKA
með sólberjasósu og vanilluís

**Verð aðeins 5.960 kr.**
**Næg bílastæði**

## Vissir þú?



**Food & Fun**

Matreiðslumeistarinn Philippe Girardon er gestur Perlunnar á Food&Fun í ár. Hann vann Michelin stjörnu árið 1993 og fékk titilinn Meilleur Ouvrier de France árið 1997. Hann er mikill Íslandsvinur og hefur tekið þátt í að þjálfa flest alla íslenska matreiðslumeistara sem hafa tekið þátt í hinni heimsþekktu **Paul Bocuse** keppni.





**Gjafabréf Perlunnar**
*Góð gjöf við öll tækifæri!*

Servida Besta · Frontera · Globus · Lindsay · Guðjón Ó · Ölgerðin · Garri · Bananar · Kjötsmiðjan · SS · Perlukaup · Ekran · Marland · Kaffitár · Bakkus · Lambhagi · Ísfugl · Humarsalan · Fastus · Gull · Inn-nes

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

**1,99%** **ER HÆKKUNIN** sem orðin er á gengi evrunnar frá áramótum. Miðgengi evru var 161,99 krónur hjá Seðlabanka Íslands í gær.

vörður tryggingar hf.

Vörður tryggir fasteignir ríkis:

## 500 milljóna samningur

Vörður tryggingar hf. hefur gert þriggja ára samning við Ríkiskaup um að félagið brunatryggi allar fasteignir ríkisins. Þær eru tæplega 1.200 talsins og samanlagt brunabótamat fasteignanna er um 230 milljarðar króna. Þeirra á meðal eru Alþingishúsið, húsnæði allra sjúkrastofnana, ráðuneyta og Háskóla Íslands. Vörður tryggir nú þegar öll ökutæki ríkisins, Ríkisútvarpið og flugvelli Isavia. Heildarvirði samningsins, sem var gerður að undangengnu útboði, er rúmur hálfur milljarður króna.

Í tilkynningu frá Verði vegna samningsins er haft eftir Guðmundi Jóhanni Jónssyni, forstjóra félagsins, að þetta sé stærsti einstaki tryggingasamningur félagsins til þessa og að hann hafi mikla þýðingu fyrir Vörð. - þsj










# HS Orka á markað sem fyrst

**Jarðvarmi, félag 14 lífeyrissjóða, jók hlut sinn í HS Orku í 33,4% í gær. Það borgaði tæpa fimm milljarða króna fyrir. Féð á að nýtast í stækkun Reykjanesvirkjunar. Vilji er til að skrá HS Orku á markað sem fyrst.**

Tilkynnt var um það í gær að Jarðvarmi slhf., félag í eigu fjórtán lífeyrissjóða, hafi keypt nýtt hlutafé í HS Orku fyrir 4,7 milljarða króna á genginu 5,35 krónur á hlut. Áður hafði Jarðvarmi keypt fjórðungshlut í fyrirtækinu á 8,1 milljarð króna, en þá voru viðskiptin á genginu 4,63 krónur á hlut. Jarðvarmi á nú 33,4% hlut í HS Orku en Alterra Power, sem áður hét Magma, á 66,6%. Samtals hefur Jarðvarmi greitt 12,8 milljarða króna fyrir eignarhlut sinn.

Þegar Jarðvarmi keypti upphaflega hlut í HS Orku 1. júní 2011 var deila félagsins við Norðurál vegna 150 MW orkusölusamnings til álvers í Helguvík frá árinu 2007 enn fyrir gerðardómi í Svíþjóð. Niðurstaða hans hefði getað haft lækkandi áhrif á kaupverð þess nýja hlutafjár sem Jarðvarmi gekk frá í gær ef hún hefði orðið neikvæð fyrir HS Orku. Niðurstaðan, sem var kunngjörð í desember síðastliðnum, var sú að orkusölusamningurinn ætti að standa en að hann verði að skila HS Orku viðunandi arðsemi, sem er sérstaklega skilgreind í niðurstöðunni. Þá hafnaði gerðardómurinn skaðabótakröfu Norðuráls á hendur HS Orku vegna vanefnda á samningnum.

Þar sem Jarðvarmi greiddi fullt verð í hlutafjáraukningunni í gær er ljóst að félagið túlkar niðurstöðu gerðardómsins sem jákvæða. Heimildir Fréttablaðsins herma að fjárfestingin sé staðfesting á því að Jarðvarmi telji að verðmæti HS Orku hafi aukist að undanförnu og að þeir vilji ná samkomulagi við Norðurál. Þá er það skýr stefna lífeyrissjóðanna að HS Orka verði skráð á innlendan hlutabréfamarkað sem allra fyrst. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja þeir þó það ekki raunhæfan valkost fyrr en búið verði að semja við Norðurál.

Fulltrúar HS Orku og Norðuráls hafa verið að funda að undanförnu til að reyna að ná saman í málinu. Með hlutafjáraukningunni í gær var eigið fé HS Orku aukið um 4,7 milljarða króna og telja eigendur fyrirtækisins það nú hafa fulla fjárhagslega getu til að standa við sinn hluta samkomulagsins við Norðurál, náist samkomulag um viðunandi verð. Fjármunirnir verða nýttir í stækkun Reykjanesvirkjunar úr 100 MW í 180 MW. Um er að ræða þriðja og fjórða hluta uppbyggingar Reykjanesvirkjunar.

Í kynningu sem Alterra hélt fyrir fjárfesta 6. janúar síðastliðinn var gert ráð fyrir að framkvæmdir við stækkun virkjunarinnar myndu hefjast á seinni hluta þessa árs og að þeim yrði að fullu lokið á fyrri hluta árs 2014. Öll virkjanaleyfi fyrir stækkunum liggja þegar fyrir. Í kynningunni kom einnig fram að stefnt væri að því að virkja um 50 MW af orku í Eldvörpum fyrir lok árs 2016.

Norðurál hefur hug á að byggja álver í Helguvík í fjórum áföngum. 150 MW af orku þarf í hvern áfanga og Norðurál hefur lýst því yfir að álverið verði ekki klárað nema að búið sé að tryggja orku fyrir tvo áfanga, alls 300 MW.

thordur@frettabladid.is



**HELGUVÍK** Fyrsta skóflustungan að álveri Norðuráls í Helguvík var tekin í júní 2008. Þá átti að taka fyrsta áfanga í gagnið á árinu 2010. Nú er ljóst að hann verður ekki tekinn í gagnið fyrr en í fyrsta lagi á fyrri hluta árs 2014 náist samningar um orkusölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Eru með sameiginlegt forræði

Þrátt fyrir að Jarðvarmi hafi upphaflega einungis keypt fjórðungshlut í HS Orku, sem var aukinn um 8,4% í gær, þá hefur félagið stefnumótandi áhrif á starfsemi fyrirtækisins og allar meiriháttar ákvarðanir.

Þegar lífeyrissjóðirnir 14 sem standa að Jarðvarma keyptu hlut í HS Orku í fyrrasumar gerði kaupsamningurinn ráð fyrir ríkri minnihlutavernd, virkri þátttöku í stjórn HS Orku og aðkomu að öllum meiri háttar ákvörðunum á vegum fyrirtækisins þrátt fyrir að vera minnihlutaeigandi. Í hluthafasamkomulagi var Jarðvarma tryggt sameiginlegt forræði (e. joint control) yfir HS Orku. Í því felst meðal annars að Jarðvarmi tilnefnir tvo af fimm stjórnarmönnum sem geta beitt neitunarvaldi í tengslum við þær ákvarðanir HS Orku sem skilgreindar eru sem mikilvægar og útlistaðar eru nánar í hluthafasamkomulaginu.

Samkeppniseftirlit undirbýr rannsóknir sem gætu leitt til uppskiptingar fyrirtækja:

# Ákveðið í ár hvar verður byrjað

Samkeppniseftirlitið (SE) mun taka ákvörðun um það á þessu ári hvaða markaður verður fyrst tekinn fyrir í svokallaðri markaðsrannsókn. Þetta staðfestir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE. Markaðsrannsókn er nýtt form rannsókna hjá SE sem kafar mun dýpra ofan í hagræna þætti markaða. Hún á að vera undanfari beitingar ákvæðis sem gerir eftirlitinu meðal annars kleift að skipta upp fyrirtækjum án þess að samkeppnislagabrot hafi verið framin.

SE gaf út umræðuskjal í byrjun febrúar og óskaði í kjölfarið eftir sjónarmiðum markaðsaðila sem gætu nýst við ákvörðun um fyrstu markaðsrannsókn. Að sögn Páls Gunnars hafa engin sjónarmið borist enn sem komið er. Frestur til að koma þeim á framfæri er til 15. mars. Í umræðuskjalinu er sérstaklega minnst á að á liðnum misserum hafi mestur hluti ráðstöfunartíma SE farið í: Matvöru-/dagvörumarkað, fjármálamarkað, fjarskiptamarkað og flutningsmarkað.

Páll Gunnar segir SE ekki hafa tekið ákvörðun um hvaða markaður verði fyrst rannsakaður. „Við höfum óskað eftir sjónarmiðum um málið og hagsmunaaðilum á ýmsum mörkuðum gefst nú kostur á að hafa skoðun á því. Það er mjög mikilvægt að vanda valið. Við höfum takmarkað fjármagn til að ráðstafa í þessar rannsóknir auk þess sem þær eru mjög ýtarlegar og taka talsverðan tíma. Menn geta þó varst þess að þær taki ekki meira en tvö ár. Þess vegna skiptir máli að nýta þann tíma eins vel og hægt er og velja réttan markað til að rannsaka. Svona rannsóknir hafa verið framkvæmdar í Bretlandi og við horfum á þá framkvæmd í þessum efnum. Þar er skipulagið svipað og við erum að leggja til að verði tekið upp hérna.“

Samkvæmt lagaheimild sem lögfest var í fyrra mun SE verða gert kleift að skipta upp fyrirtækjum sem eftirlitið telur að hamli samkeppni án þess að þau hafi framið samkeppnislagabrot. Undanfari beitingar slíkrar heimildar verður þó að vera ýtarleg markaðsrannsókn. Páll Gunnar segir þessum heimildum fylgja eðlileg krafa um sönnunarbyrði. „Til að geta beitt svona úrræðum er lögð talsverð sönnunarbyrði á samkeppnisyfirvöld og þessar rannsóknir eru aðferðin sem við hyggjumst beita til að kalla fram nægjanlegar upplýsingar til að geta hugsanlega fært fram sönnur fyrir samkeppnishamlandi aðstæðum.“

- þsj



**FORSTJÓRINN** Páll Gunnar Pálsson segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hvaða samkeppnismarkaður verði rannsakaður fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**DAGBLÖÐIN** Sjá má hverjir eru eigendur íslenskra fjölmiðla í samantekt sem fjölmiðlanefnd hefur nú birt á heimasíðu sinni.

Ný fjölmiðlanefnd birtir eignarhald fjölmiðla:

# Eignarhaldið ekki ávallt ljóst samkvæmt yfirliti

**DAGBLÖÐ** Hin nýja fjölmiðlanefnd hefur nú birt lista yfir eignarhald á íslenskum fjölmiðlum á heimasíðu sinni.

„Undanfarna mánuði hefur fjölmiðlanefnd aflað upplýsinga um eignarhald fjölmiðla og er yfirlit yfir eignarhald fjölmiðla nú aðgengilegt á nýrri heimasíðu nefndarinnar," segir á heimasíðunni.

Lögum samkvæmt þurfa fjölmiðlar sem ekki eru leyfisskyldir að skrá sig auk þess sem allir leyfisskyldir og skráðir fjölmiðlar eiga að veita fjölmiðlanefnd upplýsingar um eignarhald.

Yfirlit yfir stöðuna eins og hún er í dag hefur nú verið birt og byggir á upplýsingum sem fjölmiðlar hafa sjálfir veitt nefndinni. „Í mörgum tilvikum voru veittar ítarlegri upplýsingar en þær sem felast í hlutaskrá en í öðrum tilvikum voru aðeins veittar þær lágmarksupplýsingar sem nefndinni er unnt að knýja á um. Því er ekki í öllum tilvikum hægt að segja til um raunverulegt eignarhald fjölmiðils samkvæmt yfirliti fjölmiðlanefndar," segir á fjolmidlanefnd.is.

## Eigendur dagblaðanna á Íslandi

| Eigendur | forsvarsmaður | hlutur |
|---|---|---|
| **Morgunblaðið - Árvakur hf.** | | |
| Þórsmörk ehf. | Óskar Magnússon | 99% |
| Áramót ehf. | Óskar Magnússon | 1% |
| Eigendur Þórsmerkur ehf. | Óskar Magnússon | 0,13% |
| Rammi hf. | Ólafur Helgi Marteinsson | 6,69% |
| Laugarholt ehf. | Þorgeir Baldursson | 0,13% |
| Krossanes ehf. | Þorsteinn Már Baldvinsson | 20,8% |
| Páll Hreinn Pálsson | | 3,35% |
| Hlynur A ehf. | Guðbjörg Matthíasdóttir | 26,77% |
| Áramót ehf. | Óskar Magnússon | 20,08% |
| Brekkuhvarf ehf. | Ásgeir Bolli Kristinson | 3,35% |
| Legalis sf. | Sigurbjörn Magnússon | 3,21% |
| Kaupf. Skagfirðinga | Sigurjón Rafnsson | 3,35% |
| Fjárf.félagið GIGAS ehf. | Halldór Kristjánsson | 6,69 |
| Skollaborg ehf. | Einar Valur Kristjánsson | 2,81% |
| Fari ehf. | Jón Pálmason | 3,35% |
| **Fréttablaðið - 365 miðlar** | | |
| **A hlutir:** | | |
| Moon Capital S.á.r.l. | Ingibjörg Pálmadóttir | 43,5% |
| ML 102 ehf. | Ingibjörg Pálmadóttir | 25,8% |
| IP Studium ehf. | Ingibjörg Pálmadóttir | 12,5% |
| Ingibjörg Pálmadóttir | | 7,9% |
| Ari Edwald | | 6,2% |
| Fjölmiðill ehf. | – | 3,9% |
| Eigin hlutir | | 0,1% |
| **B hlutir:** | | |
| Moon Capital S.á.r.l. | Ingibjörg Pálmadóttir | 99,99% |
| **DV - DV ehf.** | | |
| Lilja Skaftadóttir Hjartar | | 34,34% |
| Reynir Traustason | | 25,89% |
| Gegnsæi ehf. | Halldór Jörgen Jörgensen, Bogi Örn Emilsson, Rögnvaldur Rafnsson, Einar Einarsson | 13,56% |
| Arev verðbréf hf. | Jón Scheving Thorsteinsson | 10,79% |
| Kú ehf. | Ólafur Magnús Magnússon | 1,23% |
| Catalina ehf. | Steingrímur Stefnisson | 2,47% |
| Jón Trausti Reynisson | | 1,66% |
| Ingi F. Vilhjálmsson | | 1,23% |
| Hildur Helga Sigurðardóttir | | 1,23% |
| Dagmar Una Ólafsdóttir | | 1,23% |
| Meiriháttar ehf. | Sigurdór Sigurðsson | 1,23% |
| Gísli Jónsson | | 1,23% |
| Innrömmun Sigurjóns ehf. | Sigurður Kr. Hjartarson | 0,62% |
| Víkurós ehf. | Hjörtur Erlendsson, Erlendur Hjartarsoon | 0,62% |
| Hrafn Margeirsson | | 0,62% |
| Sigríður Sigursteinsdóttir | | 0,25% |
| Elín Guðný Hlöðversdóttir | | 0,39% |
| Kolfinna Hagalín Hlöðversdóttir | | 0,39% |
| María Peta Hlöðversdóttir | | 0,39% |
| **Viðskiptablaðið - Myllusetur ehf.** | | |
| PÁJ Invest ehf. | Pétur Árni Jónsson | 67% |
| SBJ Invest ehf. | Sveinn Biering Jónsson | 33% |
| **Fréttatíminn - Morgundagur ehf.** | | |
| Eigendur Morgundags ehf. | Miðopna ehf. | 100% |
| Eigendur Miðopnu ehf. | Teitur Jónasson | 30% |
| Jón Kaldal | | 30% |
| Valdimar Birgisson | | 13% |
| Óskar Hrafn Þorvaldsson | | 13% |
| Jónas Haraldsson | | 9% |
| Haraldur Jónasson | | 5% |


# Nýr kostur í sparnaði

**Eignabréf er nýr blandaður** fjárfestingarsjóður sem hentar vel fyrir reglubundinn sparnað. Sjóðurinn hentar vel í langtímasparnað fyrir einstaklinga sem vilja ávaxta hluta af sparnaði sínum í öðrum verðbréfum en ríkisskuldabréfum.

Sjóðurinn fjárfestir í dreifðu safni skuldabréfa, hlutabréfa og hlutdeildarskírteina. Grunnfjárfesting sjóðsins er í verðbréfum með ábyrgð ríkisins. Þannig verður áhættan meiri en í hreinum ríkisskuldabréfasjóðum og vænt ávöxtun til lengri tíma hærri.

**Reglubundinn sparnaður**
Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

**Eignabréf** – Eignasamsetning 01.01.2012




Eignasamsetning ræðst af fjárfestingarstefnu og markaðsaðstæðum hverju sinni. Fjárfestingarstefnu má finna í útboðslýsingu á landsbankinn.is.

**Komdu við í næsta útibúi,** hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Fyrirvari: *Eignabréf* er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki.is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsinguna áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4040

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru sjónarmiðin að baki rammaáætlun gleymd?

# Ramminn í ruslið?

Rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma átti að vera búið að afgreiða sem ályktun frá Alþingi fyrir janúarlok. Enn er málið þó ekki komið á dagskrá þingsins. Ýmis ákvæði draganna sem lögð voru fram til umsagnar á síðasta ári standa einkum í þingmönnum Vinstri grænna. Þannig er gert ráð fyrir að ráðast í virkjanir í neðri hluta Þjórsár, sem margir í þingflokki VG geta ekki hugsað sér. Fleiri svæði, sem samkvæmt drögunum eru í nýtingarflokki, eru umdeild.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Með drögunum að rammaáætlun var stigið stórt skref í þágu náttúruverndar. Hugsunin að baki áætluninni var að draga saman fáanleg gögn um hina ýmsu virkjanakosti og meta þá út frá sjónarhornum orkunýtingar, náttúruverndar, ferðamennsku, efnahags- og samfélagsáhrifa og verndar fornleifa og menningarminja. Niðurstaðan af þessu mati er að aðeins um fjórðungur virkjanlegrar orku á landinu fer í nýtingarflokk. Það þætti einhverjum umtalsverður sigur náttúruverndar, enda var við gerð draganna gengið lengra í friðunarátt en verkefnisstjórn rammaáætlunar gerði upphaflega. Náttúran var látin njóta vafans.

Innan VG vilja menn hins vegar ganga lengra. Undanfarnar vikur hafa ýmis náttúruverndarsamtök einnig látið í sér heyra og vilja ganga miklu lengra í verndunarátt en gert er í drögunum. Í þessum málflutningi er algengt viðkvæði að komið sé nóg af virkjunum; Íslendingar hafi virkjað langt umfram eigin þarfir og meirihluti orkunnar fari til stóriðju, sem líka sé komið nóg af.

Frekari uppbygging stóriðju er reyndar eitt af tækifærum okkar til atvinnuuppbyggingar og hagvaxtar. Ákvörðun um að virkja ekki meira er um leið ákvörðun um að afþakka slíkan hagvöxt. Því er hins vegar ósvarað hvort talsmenn þessa sjónarmiðs telja að virkja mætti vegna annars konar starfsemi, til dæmis til að knýja gagnaver eða til að framleiða vetni á bíla- og skipaflota landsmanna.

Þeir sem vilja einfaldlega hætta að virkja eru um leið að segja að öll sú vinna, sem lögð hefur verið í rammaáætlun, hafi verið óþörf. Og að þeim hálfa milljarði króna sem fór í verkefnið hafi eins mátt henda út um gluggann. Þeir segja um leið að ekki sé mark takandi á allri þeirri gagnaöflun og mati vísindamanna, sem liggur að baki núverandi drögum. Verndunarsjónarmiðin hafi allan tímann átt að hafa hundrað prósent vægi, nýtingarsjónarmiðin núll.

Í Fréttablaðinu í gær sagðist Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra efins um að núlifandi kynslóð eigi að taka ákvarðanir um nýtingu virkjanakosta „í eitt skipti fyrir öll“. Auðvitað er sú forgangsröð sem Alþingi ákveður ekki höggvin í stein. En hugmyndin með rammaáætlun var að skapa breiða sátt til langs tíma um það hvar skuli virkja og hvaða svæði skuli vernduð og að sú sátt byggist á vísindalegum gögnum og faglegu mati.

Ef ganga á þvert gegn þessum sjónarmiðum og láta þá pólitík að nú eigi að hætta að virkja á Íslandi ráða för, er um leið opnað fyrir möguleikann á að nýr þingmeirihluti með aðra afstöðu til virkjana krukki í rammaáætlunina að afloknum næstu kosningum eða kannski þarnæstu og endurraði orkukostum eftir sínu höfði.

Nú virðist full þörf á að menn rifji upp sjónarmiðin sem lágu upphaflega að baki því að ráðizt var í þetta mikla og nauðsynlega verkefni og láti þau ráða við afgreiðslu málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Böðulshatturinn

Þingmenn vitna allt of sjaldan í bókmenntir. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gerði það þó í svari við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur. Þingmaðurinn spurði hvernig stæði á því að ráðuneytið hefði samið við stækkunardeild ESB um Evrópustofuna. Össur sagði það algjöran misskilning, engin ósk hefði verið komið á framfæri við ESB um slíka stofu. „Hér er því rangur hattur settur á ráðuneytið, líkt og þegar Jón Hreggviðsson setti upp hatt böðulsins í Galtarholti forðum,“ segir svo í svari ráðherrans. Þar höfum við það. Nú er bara að leggjast í Íslandsklukkuna og greina orð ráðherrans.

### Siv ekki skemmt

Samflokkskonu Vigdísar, Siv Friðleifsdóttur, var ekki skemmt. Hún taldi sig sjá fingraför ráðherrans sjálfs á svarinu, enda mundi enginn embættismaður skrifa svona texta. Líklega er það rétt. Siv vill fund í forsætisnefnd um málið, enda geri svarið lítið úr Vigdísi. Eitt sinn þótti frekar fínt að vera með Nóbelskáldið á hraðbergi, en það má greinilega ekki á Alþingi.





### Götustrákar

Minna fór fyrir tilvísunum í fagurbókmenntirnar í samtali Steingríms J. Sigfússonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Sá síðarnefndi kom í pontu og spurði enn einn ganginn út í það hvernig sá fyrrnefndi ætlaði að vera ESB þægari ljár í þúfu en forveri hans Jón Bjarnason. Steingrími leiðist skiljanlega að svara sömu spurningunni aftur og aftur og þegar hann fór úr pontu eftir seinna svar sitt svaraði hann frammíkalli formanns Framsóknarflokksins að götustrákasið: „Æ þegiðu!“

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sjálfstæðisbaráttan

EES og ESB



Magnús Orri Schram
alþingismaður

EES-samningurinn er 20 ára um þessar mundir og af því tilefni tóku Norðmenn nýlega saman ítarlega skýrslu um reynslu sína af EES-samstarfinu. Niðurstöður skýrslunnar má að miklu leyti yfirfæra á íslenskan veruleika enda þjóðirnar tvær í sömu stöðu innan EES.

Skýrsluhöfundar segja ávinning Norðmanna af EES mikinn. Samningurinn hafi styrkt atvinnulíf Norðmanna, aukið viðskipti og bætt lífsgæði. Þá dregur skýrslan fram að einn þriðja af norskum lögum megi rekja til samstarfsins við ESB og að yfir 7.000 reglugerðir, tilskipanir o.fl. hafi verið teknar upp í Noregi vegna samningsins. Þá er dregið fram að Norðmenn hafa mjög lítil áhrif á þessi lög og reglugerðir sem taka þarf upp eftir óskum frá Brussel. Þessi staða veikir óneitanlega undirstöður lýðræðisins í Noregi, því þjóðkjörnir fulltrúar á norska þinginu koma lítið sem ekkert að þriðjungi þeirra laga sem samin eru í Brussel og svo stimpluð í Noregi.

Þá segir skýrslan að Noregur hafi frá árinu 1992 tekið upp um 70% af öllum ESB-gerðum. Það er meira en margir fullgildir meðlimir ESB hafa gert. Þannig hafi síðustu 20 ár markað „Evrópuvæðingu“ Noregs eins og komist er að orði.

> Norska skýrslan dregur það skýrt fram að lög þjóðarinnar eru að þriðjungi ættuð frá ESB án þess að kjörnir fulltrúar hafi mikið um þau að segja.

Andstæðingar aðildar Íslands að ESB hafa í málflutningi sínum lagt áherslu á að sjálfstæði þjóðarinnar sé hætta búin við inngöngu í sambandið og því sé samstarf innan EES betri kostur. Í ljósi norsku skýrslunnar er sú röksemd fallin um sjálfa sig. Norska skýrslan dregur það skýrt fram að lög þjóðarinnar eru að þriðjungi ættuð frá ESB án þess að kjörnir fulltrúar hafi mikið um þau að segja. Væri landið á hinn bóginn aðili að ESB hefðu þingmenn miklu betri aðkomu að öllum þeim lögum sem í landinu gilda. Þannig má segja að sjálfstæði þjóðarinnar myndi standa miklu styrkari fótum væri landið hluti af ESB frekar en í núverandi stöðu innan EES-samstarfsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Brjóstum-kennanlegt

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Það virðist engan enda ætla að taka sú kvöl sem brjóstapúðar af PIP gerð hafa valdið konum um víða veröld. Nú berast fregnir af því að fleiri tegundir brjóstapúða hafi verið með sama innihaldi en seldir undir öðru vörumerki. Hingað til hafa nöfnin TiBREEZE og Rofil-M verið nefnd til viðbótar og Þjóðverjar hafa gefið leiðbeiningar um að allar fyllingar af þessum gerðum skuli einnig fjarlægðar með sama fyrirkomulagi og PIP brjóstapúðarnir. Óljóst er hvort slíkir púðar voru notaðir hér.

Í skýrslu Vísindasiðanefndar Evrópusambandsins sem kom út 1. febrúar síðastliðinn og landlæknir byggir leiðbeiningar sínar á um fjarlægingu brjóstapúða af PIP gerð, er ekki minnst á aðrar tegundir hvað þá heldur tekin afstaða til viðvörunar FDA (Food and Drug Administration) í Bandaríkjunum frá síðastliðnu ári um möguleg tengsl við krabbamein af ALCL (Anaplastic large cell lymphoma) toga og brjóstafyllinga almennt.

Líkurnar eru vissulega taldar afar litlar og jafnvel óljóst hvort tengsl eru þar á milli en engu að síður sá FDA sig knúna til að gefa út opinbera viðvörun og almennar ráðleggingar til sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna þessa efnis. Þessi viðvörun hefur ekki verið dregin til baka. Það er þó tekið sérstaklega fram í ofangreindri skýrslu að engin þekkt hætta sé á krabbameini af völdum brjóstapúða. Hér er misræmi á ferð.

Nú virðist augljóst að upplýsingaflæði til kvenna, ef marka má fréttaflutning, hefur verið í það minnsta ruglingslegt og hefur umræðan snúist fyrst og fremst um lögsóknir, skaðabótaábyrgð, skattaundanskot og mannorðsmeiðingar. Meira að segja hefur Læknafélag Íslands séð sig knúið til að standa upp og verja mannorð læknastéttarinnar í heild sinni gagnvart því sem talin eru ærumeiðandi ummæli aðstoðarskattrannsóknarstjóra í fjölmiðlum um skattamál lækna almennt.

Þetta er auðvitað ekki til eftirbreytni og er synd ef þetta mál kastar rýrð á heila stétt fagfólks. Ég tel augljóst að yfirvöld og lýtalæknar eru að reyna sitt allra besta í því að eiga við þennan vanda og miðla upplýsingum eins og þau geta, en betur má ef duga skal.

Það sem mér finnst þó einna áhugaverðast er að í umræðunni kemur fram að flestar almennar brjóstafyllingar leka með tímanum. Samkvæmt vísindasiðanefndinni hafa verið gerðar býsna margar rannsóknir og er mismunandi tíðni eftir því hverrar kynslóðar fyllingarnar eru, þær elstu leka mest virðist vera, eða allt að 69 prósent. Þá þykir mér áhugavert að eina landið í heiminum sem er með skýrar reglur um eftirlit með brjóstapúðum eru Bandaríkin, en þar er ráðlagt að fara í segulómun þremur árum eftir innsetningu púða og á 2ja ára fresti eftir það. Almennar ráðleggingar þar um fjarlægingu púða miðast við einkenni sjúklings og kosmetískar ástæður eins og útlit og aflögun.

Í nýlegum tölum landlæknis um tíðni rofs á PIP púðum kemur fram að 68% eru rofin samkvæmt ómskoðun sem er ekki nákvæmasta rannsóknin, heldur segulómun. Má því gera því skóna að tíðni rofs sé jafnvel enn hærri ef miðað er við nemni rannsóknaraðferðar.

Af þessu öllu má ráða að það eru mismunandi leikreglur varðandi þessa tegund fegrunaraðgerða og sérfræðingar eru ekki sammála um áhættu, eftirlit og langtímavanda kvenna sem eru með brjóstafyllingar. Þá kemur aukinheldur fram að það vantar frekari rannsóknir til að staðfesta eða hrekja skaðsemi þeirra, þó hún sé að öllum líkindum lítil.

Eftir stendur að í öllum tilvikum er verið að setja aðskotahlut inn í líkama kvenna sem felur í sér margvíslega áhættu auk svæfingarinnar sjálfrar. Landlæknisembættið og Félag lýtalækna gáfu út bækling um brjóstastækkanir árið 2002 og er ágætur en það er mikilvægt að upplýsingar séu réttar og eins nákvæmar og kostur er. Ég vænti þess að þessi bæklingur auk annars efnis verði endurnýjaður og uppfærður miðað við nýjustu þekkingu í dag auk þess sem lýtalæknar og heilbrigðisyfirvöld komi sér saman um vinnuferla varðandi eftirlit, íhlutun og kostnaðarþáttöku til frambúðar.

Mikilvægt er að hafa í huga að konur hafa ýmsar ástæður fyrir því að fá fyllingar í brjóst sín og skal ekki gera lítið úr því eða tengja eingöngu við hégóma og útlitsdýrkun eins og umræðan hefur verið brjóstumkennanleg upp á síðkastið. Konurnar hafa þó ríka skyldu til að vera meðvitaðar um hætturnar af slíkri aðgerð og þá staðreynd að þær þurfi líklega að undirgangast fleiri en eina, á eigin kostnað, til að viðhalda barmi sínum burtséð frá PIP púðum eða öðrum fyllingum.

Þegar hins vegar hætta steðjar að heilsu kvenna vegna svikinnar vöru sem alþekkt er þá bregst íslenska heilbrigðiskerfið við með réttu á sama hátt og við gerum ekki greinarmun á þeim sem reykir og skapar sér sjúkdóm, eða þess sem slasar sig t.a.m. undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Þess vegna er gott að búa á Íslandi.

AF NETINU

## Leyndarstefna í söngvakeppni



Þótt 80.000 atkvæði bærust í síma til söngvakeppni Ríkisútvarpsins, voru mun færri, sem kusu, kannski 20.000. Fólk gat nefnilega greitt fleiri en eitt atkvæði. Og Íslendingum er gjarnt að reyna að svindla á tilverunni. Rétt eins og Grikkjum. Því er gróft að segja þjóðina hafi valið lagið, sem flest atkvæði fékk. Þrjú efstu lögin fengu svipað fylgi lítils hluta þjóðarinnar. Hins vegar er merkilegt, að fólk láti sig hafa það að eyða fé í að kjósa marklaust. Og svo tekur leyninefnd ákvörðun um niðurstöðu. Þetta er eins og í pólitíkinni. Leyndarstefna valdakerfisins tekur á sig undarlegar myndir.

http://jonas.is/

Jónas Kristjánsson

Rekstraraðili fyrir BAUHAUS® Bistró



í Reykjavík

Nú líður senn að opnun BAUHAUS í Reykjavík. Við leitum því að rekstraraðila fyrir veitingastað sem verður staðsettur við inngang verslunarinnar í vesturenda hússins.

Rekstraraðilinn mun sjá um að innrétta og reka staðinn þar sem leggja skal áherslu á hollustu og ferskleika. BAUHAUS leggur mikla áherslu á að viðskiptavinir sínir og starfsfólk hafi aðgang að veitingum í hæsta gæðaflokki, bæði til að neyta á staðnum og til að taka með sér.

Veitingastaðurinn mun taka um 50 manns í sæti í björtu og opnu rými.

Það sem við sjáum fyrir okkur er:
- Rekstraraðila sem hefur langa reynslu af samsvarandi rekstri
- Aðila sem er nú þegar í rekstri og er tilbúinn til að bæta við sig verkefnum
- Aðila sem er jákvæður og hefur vilja til að þjónusta viðskiptavini okkar á sem bestan hátt
- Húsaleiga er samningsatriði

Hefur þú áhuga?
Ef þú hefur vilja, löngun og getu til að vera rekstraraðili BAUHAUS „Bistró“ þá óskum við eftir umsókn frá þér á netfangið: opa.reykjavik@bauhaus.is fyrir 22. febrúar 2012.

BAUHAUS®
Allt fyrir hús, heimili og garða

# Sameinum háskóla

Menntamál

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
alþingismaður



Nú er nokkuð um liðið síðan skólar á háskólastigi voru sameinaðir. Tækniháskóli Íslands var sameinaður Háskólanum í Reykjavík árið 2004 en vinstri menn börðust hart gegn þeirri sameiningu þegar opinber háskóli var sameinaður einkareknum háskóla. Þessi sameinaða eining var síðan rekin áfram á grundvelli einkarekstrar undir merkjum HR. Meginstefið með sameiningunni var fyrst og fremst að efla tæknimenntun, auka áhuga ungs fólks á raunvísindum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar stæðust alþjóðlegar gæðakröfur. Voru m.a. Samtök iðnaðarins ásamt fleirum fengin að borðinu til að tryggja tengingu við atvinnulífið. Hafa aldrei jafn margir sótt tækninám og nú.

Í þessu samhengi er rétt að minnast á sameiningu Iðnskólans í Reykjavík við Fjöltækniskóla Íslands á framhaldsskólastigi í byrjun árs 2008. Þótt andstaða hafi verið einhver var engu að síður gerður tilraunasamningur við Menntafélagið en að því stóðu m.a. Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur, SI, Samorka og fleiri. Var samningurinn til fimm ára og skólinn rekinn undir nafninu Tækniskólinn. Markmiðið var að móta öflugan iðn- og starfsmenntaskóla sem yrði leiðandi í þróun, kennslu og þjónustu í iðn- og starfsmenntun. Jafnframt var með beinum hætti tryggð aðkoma atvinnulífsins m.a. til að koma til móts við þær raddir að tengja betur praktískt nám og atvinnulíf með skynsömum hætti. Krafan hafði lengi verið að fleiri fingur ættu að vera á púlsinum þegar kæmi að eflingu iðn- og starfsnáms. Með þessu tryggðu menn atvinnulífinu bæði aukið hlutverk og ábyrgð.

Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands voru sameinaðir formlega árið 2008 undir merkjum HÍ eftir ríflega tveggja ára undirbúning. Stóðu allir stjórnmálaflokkar að þeirri sameiningu. Markmiðið með sameiningunni var skýrt – að efla kennaramenntun og nýta bæði rannsóknir og gríðarmikla sérfræðikunnáttu innan beggja skóla til þess. Ég hef lengi talið að efling kennaramenntunar sé eitt brýnasta verkefni íslensks fræða- og skólasamfélags. Hins vegar er ljóst að umræðu um kennaramenntun og þróun kennarastarfsins þarf að taka föstum tökum með skýra sýn til framtíðar. Á því hefur enginn einkarétt heldur eiga allir að hafa á því skoðun – kennarar, nemendur, foreldrar, háskólar, þingmenn, sveitarstjórnarfólk, atvinnulífið.

Síðan þessar þrjár sameiningar fóru í gegn undir forystu Sjálfstæðisflokksins hefur vissulega verið reynt að auka samvinnu milli skóla, sér í lagi háskólanna. Lítt hefur þó þokast í átt að frekari sameiningu skóla. Kemur þar margt til. Hin alkunna íhaldssemi kerfisins, skammsýni en einbeittir héraðshöfðingjar eru heldur aldrei langt undan. Þegar ráðherra hyggur á uppstokkun í kerfinu stendur hann ávallt frammi fyrir ákveðnum erfiðleikum. Þá er stund hinna þekktu hagsmunaafla runnin upp með mismiklum óþægindum, ekki síst fyrir ráðherra.

> Þegar ráðherra hyggur á uppstokkun í kerfinu stendur hann ávallt frammi fyrir ákveðnum erfiðleikum.

Því er ábyrgðarhluti, bæði hjá stjórn og stjórnarandstöðu hvernig málin eru sett fram svo fólk skilji og geti metið sjálft tilganginn með breytingunum. Hvorugur þessara aðila getur leyft sér að nálgast málin með einhverri hasarnálgun eða skammtímahugsun um næstu kosningar heldur hitt hvernig slíkar breytingar verði til að styrkja innviðina á erfiðum tímum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Slíkur tími getur nýst til skapandi breytinga og frjósamrar niðurstöðu eins og dæmin sanna þótt ákvarðanir kunni tímabundið að vera erfiðar.

Sjálf tel ég og hef margoft sagt að halda hefði átt áfram með frekari sameiningar, þá helst á háskólastigi. Slíkar sameiningar verða að skila sterkari einingum, sterkari skólum í þágu fræða, rannsókna og samfélags. Í því samhengi er mín skoðun sú að næsta skref eigi annars vegar að vera sameining Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands og hins vegar sameining Hólaskóla og Háskólans á Akureyri. Einkareknu skólarnir, Listaháskóli Íslands, Bifröst og Háskólinn í Reykjavík eru ekki undanþegnir þessari umræðu. Tilgangurinn er eftir sem áður sterkt og fjölbreytt háskólastarf sem styrkir stoðir Íslands til lengri tíma litið.

# Lygabrigsl fréttastofu

Lífeyrissjóðir

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Árið 1996 kynnti þáverandi ríkisstjórn lagafrumvarp um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ef frumvarpið hefði náð fram að ganga hefði lífeyriskerfi opinberra starfsmanna verið rústað. Þannig hefði svokölluð eftirmannsregla verið lögð af í einu vetfangi svo veigamikið atriði sé nefnt. Lífeyriskjör hefðu verið rýrð hjá fólki sem árum og áratugum saman hafði samið um lakari launakjör til að viðhalda eins traustum lífeyrisréttindum og kostur var. Þessu tókst að afstýra.

BSRB, BHM og Kennarasamband Íslands risu upp til varnar réttindum félagsmanna sinna og innan veggja Alþingis var einnig harður slagur. Frumvarpið var stöðvað og settust fulltrúar fyrrnefndra samtaka að samningaborði sumarlangt með fulltrúum fjármálaráðuneytis og síðar Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þegar liðið var fram á haust náðust samningar um að varðveita öll þegar áunnin réttindi og smíða nýtt kerfi, áþekkt því sem var á almennum launamarkaði en með betri kjörum þó. Við samningaborðið tókum við ekki annað í mál en að iðgjöldin í nýju kerfi væru nægilega há til að ætla mætti að þau risu undir réttindum sem væru áþekk því sem gerðist í gamla kerfinu.

### Mikilvægur sigur

Þennan varnarsigur tel ég einn merkasta sigurinn sem vannst í kjarabaráttunni á vettvangi opinberra starfsmanna á undanförnum tveimur áratugum. Mætti hafa mörg orð um þessi átök og aðdraganda þeirra.

Þegar samningar höfðu náðst lagði fjármálaráðherra að nýju fram frumvarp sem byggðist á þeim. Að sjálfsögðu studdi ég frumvarpið enda hafði ég gegnt hlutverki aðalsamningamanns BSRB.

En ekki voru öll kurl komin til grafar því meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar vildi gera þá breytingu á frumvarpinu að þar yrði sett inn ákvæði þess efnis að lífeyrissjóðirnir yrðu lögþvingaðir til að fjárfesta jafnan þar sem ávöxtun væri mest, að vísu er einnig tekið fram að fjárfestingin þyrfti að vera traust, en þetta var meginstefið. Þegar þessi grein frumvarpsins var endanlega borin upp til atkvæða, sat ég hjá við atkvæðagreiðsluna og var þar einn á báti, en hafði uppi eftirfarandi varnaðarorð: „Hér eru greidd atkvæði um ákvæði þar sem lögbundið er að jafnan sé leitað eftir hæstu ávöxtun sem völ er á á markaði. Ég tel rangt að lögþvinga hámarksvexti með þessum hætti. Ég tel hins vegar rétt að sjóðstjórn gæti þess jafnan að leita eftir ávöxtun fjármuna sjóðsins á ábyrgan hátt. Ég get því ekki stutt þessa breytingu."

### Hvers vegna ekki hámarksávöxtun?

Nú má spyrja hvers vegna lífeyrissjóðirnir ættu ekki að hlaupa jafnan eftir mestu ávöxtunarmöguleikum sem byðust hverju sinni? Ástæðurnar eru að mínu mati margar. Í fyrsta lagi verða lífeyrissjóðir fyrir bragðið ótraustari bakhjarl en ella, stöðugt flöktandi og á höttunum eftir einhverju betra. Þetta hefur og verið reynslan, bæði hér á landi og erlendis í þeirri gróðavímu sem heimurinn var í upp úr aldamótum. Í öðru lagi hefði ég því jafnan að því meiri arðsemis- eða vaxtakröfur sem gerðar væru á hendur fyrirtækjum og fjölskyldum af hálfu fjármagnseigenda, þeim mun hættara væri við að hinir fyrrnefndu bognuðu undan byrðunum og lánveitendur kæmu því að tómum kofum á skuldadögum. Þar með fengju lífeyrisþegar ekki sitt. Þessari röksemd beitti ég jafnan þegar stjórn LSR ræddi vaxtahækkanir. Vísaði ég þá til þess hluta fyrrnefndrar lagagreinar sem kvað á um öryggið. Á það vildu fáir hlusta jafnvel þótt bent væri á að við hefðum miklum skyldum að sinna sem stærstu fjárfestar á Íslandi, sem værum fyrir bragðið fordæmisgefandi fyrir markaðinn.

Þá hef ég haldið því fram að fjármagn lífeyrissjóðanna væri betur komið í samfélagslegum verkefnum sem ráðist væri í fyrir milligöngu ríkissjóðs. Sú var einmitt tíðin að megnið af fjármagni lífeyrissjóðanna rann til uppbyggingar í húsnæðiskerfinu og víðar til samfélagslegra mikilvægra verkefna. Ef þann hátt ætti að hafa á dugar ekki að búa við lagaákvæði sem nánast lögþvingar okur!

### Ræða þarf framtíð lífeyrissjóða

Þessa umræðu er nú brýnt að taka þegar framtíð lífeyrissjóðanna verður rædd sem óhjákvæmilegt er að gera. En ástæðan fyrir því að ég sé ástæðu til að skrifa þessa grein markast ekki aðeins af löngun minni til að taka þátt í umræðu um lífeyrismál til framtíðar heldur einnig til að leiðrétta rangfærslur fréttastofu Sjónvarps sem hefur verið í undarlegri vegferð í umfjöllun um lífeyrismál; búið til fréttir sem hafa átt að sannfæra fólk um að ég, öðrum fremur, beri ábyrgð á tapi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í hruninu, á árunum 2008 til 2010 þar sem ég hafi verið stjórnarformaður LSR árið 2007!

Vegna þessa fréttaflutnings mætti ég í Kastljósviðtal í Sjónvarpinu til að svara fyrir mig. Þar drýgði ég þá höfuðsynd að gagnrýna fjölmiðla fyrir skort á dýpt í fréttaflutningi um lífeyrismálin og stend ég við þá gagnrýni. Gagnrýnin féll í grýttan jarðveg og uppskeran varð sú ein að fréttastofan hefur lagst í miklar rannsóknir til að reyna að sýna fram á að ég hafi haft rangt við í þættinum.

### Ómerkileg fréttamennska

Þannig var því slegið upp að ég hefði samþykkt lífeyrissjóðsfrumvarpið frá árinu 1996, sem ég lýsti hér að framan. Þar með virðist mér hafi átt að dæma ómerka fullyrðingu mína í Kastljósinu að ég hefði á sínum tíma andmælt lagaákvæði um hámarksávöxtun lífeyrissjóða. Ögmundur sagði „já við sjóðabraski", sagði fréttastofa Sjónvarpsins í uppsláttarfrétt.

Umfjöllun um þetta ætti ekki erindi á síður dagblaða nema fyrir þá sök að ég ætla ekki að sitja þegjandi undir því að fréttastofa Ríkisútvarpsins beri upp á mig lygar. Þekking fréttamanna Ríkisútvarpsins á störfum Alþingis á að vera nægjanlega mikil til að þeir kunni að lesa rétt í atkvæðagreiðslur á Alþingi. Hefði ég greitt atkvæði gegn lögunum í heild sinni hefði ég um leið kosið gegn samningum sem ég átti sjálfur stóran þátt í. Þess vegna gerði ég hið eina rétta í stöðunni: Andmælti í ræðustóli Alþingis því ákvæði sem ég var mótfallinn og studdi það ekki. Fréttastofa Sjónvarps hefur ekki séð sóma sinn í að leiðrétta lygabrigslin en geri ég það hér með gagnvart þeim sem þetta lesa.

# Brennuvargar snúa aftur

Stjórnmál

Pétur Ólafsson
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi



Svo virðist sem stjórnmálamenn líti á að þeim sé heimilt að hagræða sannleikanum ef líkur eru á að dómur sögunnar verði þeim ekki hliðhollur. Engu er líkara en sú sé raunin um Hjálmar Hjálmarsson bæjarfulltrúa Næstbesta flokksins í Kópavogi. Hann hefur markvisst reynt að firra sig ábyrgð á því að sprengja meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna, Næstbesta flokks og Y-lista Kópavogsbúa sem sat hér frá því í júnímánuði árið 2010. Í greininni fer ég yfir nokkrar staðreyndir sem fram komu á fundum hjá okkur allt frá því að boðað var til fundar 12. janúar sl. þar sem starfslok bæjarstjóra voru til umræðu.

### Skýr niðurstaða fundar

Á þessum fundi voru starfslokin rædd, ekki í fyrsta sinn og ekki í annað sinn. Á þeim meirihlutafundum þar sem framtíð bæjarstjóra var til umræðu, m.a. í septembermánuði á síðasta ári og á vormánuðum sama árs, var í báðum tilvikum komist að þeirri niðurstöðu að við bæjarstjórann skyldi rætt, m.a. um verkefnin sem fyrir lágu og þau sem að baki voru. Vonast var eftir bótum og betrun en sú varð ekki raunin. Þegar kom á daginn það sem allir vissu að verulegir brestir voru teknir að myndast í trausti meirihlutans í garð bæjarstjóra, var boðað til þessa fundar. Og til að taka af öll tvímæli þar um, þá sagði Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs, á þeim fundi að hún skyldi fara á fund bæjarstjóra daginn eftir (föstudag) til að ræða hennar starfslok. Öllu skýrara og öllu einfaldara verða hlutirnir ekki. Það var ómögulegt að skilja hlutina öðruvísi og munu hvorki ég, né aðrir bæjarfulltrúar á fundinum taka ábyrgð á allt að því klaufalegum misskilningi bæjarfulltrúa Næstbesta flokksins á svo mikilvægu atriði.

### Ópólitískur bæjarstjóri

Á föstudegi gengur Guðríður Arnardóttir sem sagt á fund bæjarstjóra og gerir henni grein fyrir ákvörðun meirihlutans. Á sunnudeginum 15. janúar fer af stað atburðarás sem endar með því að málefnum bæjarstjóra er lekið í fjölmiðla, svo markvisst raunar að stærstu fréttastofurnar birta fréttir á sama tíma um málið. Í kjölfarið hittumst við bæjarfulltrúar meirihlutans til að funda um næstu skref. Bæjarfulltrúar Y-lista Kópavogsbúa og Næstbesti flokkurinn lýsa því yfir að þau vilja ekki fá pólitískan bæjarstjóra. Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Vinstri græna samþykktu það eftir talsverðar umræður um efnið. Þar við sat. Á fundi kvöldið eftir, mánudaginn 16. janúar sl., höfum við að kasta á milli okkar nöfnum að heppilegum bæjarstjóra. Engin lending var eftir þann fund og ákveðið að hittast daginn eftir.

### Örvænting grípur um sig

Rétt er að taka fram að á þessum tímapunkti var ekkert sem benti til annars en við myndum finna heppilegan kandídat í stól bæjarstjóra. Góður andi var yfir öllum þessum fundum og hugur í bæjarfulltrúum yfir verkefnunum sem framundan voru. Þess vegna kemur það eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar Hjálmar Hjálmarsson mætti á fund oddvita meirihlutaflokkanna daginn eftir og sagðist ekki geta starfað með þeim lengur. Ástæðuna segir hann vera aðferðina frekar en aðgerðina um starfslok bæjarstjóra. Enn þann dag í dag átta ég mig hvorki á vægast sagt afar veiku tilefni bæjarfulltrúans til að sprengja meirihlutann, né örvæntingarfullum aðgerðum hans liðna daga til að reyna að firra sig ábyrgð á þeim slitum sem höfðu þær beinu afleiðingar að nú hafa gömlu refirnir sem settu bæjarfélagið nánast þráðbeint á höfuðið komist til valda á ný.

Bed Breakfast
Keflavik Airport · Iceland
Frábært verð!

- FRÍTT- við geymum bílinn þinn.
- FRÍTT- ferðir til og frá flugvellinum.
- FRÍTT- uppfærsla í DeLuxe herbergi í febrúar-apríl.





www.bbkeflavik.com

Bed And Breakfast (Gistihús Keflavíkur) · Keflavíkurflugvelli
Valhallarbraut 761 · 235 Reykjanesbæ · Sími 426 5000



# Valentínusar-dagur…

…í Blómavali

**10stk túlípanar 999**

**15stk túlípanar 1.499**

# Dagur elskenda

Sólóplata Felix Bergssonar ÞÖGUL NÓTTIN




Felix Bergsson Þögul nóttin aðeins 2.490




Hjartamoli aðeins 299

Hjarta konfekt aðeins 899

**Frí heimsending!**

Allir sem panta blómvönd að upphæð 2.500 kr eða meira fá fría heimsendingu í dag. Pantanir: blom@blomaval.is eða í síma 5800 525 og 5800 526

Gildir fyrir höfuðborgarsvæðið

HEILSUBORG

Kaupauki: vikupassi í líkamsrækt hjá Heilsuborg fylgir öllum blómvöndum

Gildir fyrir höfuðborgarsvæðið

Hin frábæra bók ÁST, HEILSA OG UPPELDI STJÖRNUMERKJANNA.




Ást, heilsa og uppeldi stjörnumerkjanna aðeins 2.490




Valentínusar blöðrur aðeins 499




Hjarta sleikjó aðeins 199

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir - Akranes
Hafnarfjörður - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**KEVIN KEEGAN,** knattspyrnumaður og þjálfari, er 61 árs í dag.

*„Ég spila aldrei aftur á Wembley. Ekki nema ég spili aftur á Wembley.“*

## Merkisatburðir

1929 Sjö andstæðingar glæponsins Als Capone eru drepnir í bílskúr í Chicago. Atvikið hefur verið kallað Valentínusardags-blóðbaðið.

1942 Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, er stofnað.

1969 Landsprófsnemendur fara í kröfugöngu um götur Reykjavíkur til að leggja áherslu á kröfur sínar um endurskoðun skólakerfisins.

1994 Björk Guðmundsdóttir er valin besta alþjóðlega söngkonan og besti nýliðinn á Brit-tónlistarverðlaunahátíðinni í Bretlandi.

2003 Frægasta kind veraldar, hin einræktaða Dolly, er aflífuð sex ára gömul þar sem hún þjáðist af lungnasjúkdómi.

**ÞETTA GERÐIST:** 14. FEBRÚAR 1779

## Landkönnuðurinn Cook drepinn



Á þessum degi árið 1779 var enski landkönnuðurinn James Cook drepinn af eyjaskeggjum á Havaí.

Árið 1768 fór Cook fyrir leiðangri vísindamanna til Tahítí. Þremur árum síðar sneri hann aftur til Englands, eftir að hafa kannað strendur Nýja-Sjálands og Ástralíu og siglt hringinn í kringum hnöttinn. Árið 1778 kom hann í fyrsta sinn til Havaí-eyja, hugsanlega fyrstur Evrópumanna. Cook og skipverjum hans var tekið fagnandi af heimamönnum, sem töldu þá vera guði. Cook sneri aftur til eyjanna ári síðar. Hann og menn hans nutu mikils rausnarskapar heimamanna í rúman mánuð þar til einn skipverjanna dó og frumbyggjarnir áttuðu sig á að þeir voru dauðlegir. Eftir það kastaðist í kekki milli þeirra og 4. febrúar ýtti Cook úr vör en sneri aftur viku síðar sökum óveðurs. Eyjarskeggjar tóku á móti þeim með grjótkasti og var Cook stunginn til baka skömmu síðar. Þjóðsagan segir að höfðinginn sem drap Cook hafi heitið Kalanimanokahoowaha.

INGA ARNAR ÞJÓÐFRÆÐINGUR: SKOÐAR MENNINGARARF ÍSLENSKRA KVENNA

# Skrifaði bók um handverk kvennanna frá Svaðastöðum

Komin er út bókin Lífsins blómasystur sem fjallar um hannyrðakonur af Svaðastaðaætt í Skagafirði. Höfundur er Inga Arnar, þjóðfræðingur og fata- og textílkennari. Inga hefur á undanförnum árum rannsakað sögu og handverk kvenna af Svaðastaðaætt. Svaðastaðir eru fremsti bær í Hofstaðabyggð. Þar hefur sama ættin búið nær óslitið í meira en tvær aldir. Ábúendur á Svaðastöðum hafa verið þekktir fyrir góðhestakyn sitt, en eins og bók Ingu sýnir glögglega voru þær Svaðastaðakonur ekki síður annálaðar fyrir hannyrðir sínar.

Tilviljun réði því að Inga fór af stað með rannsóknina. „Þetta byrjaði allt þannig að ég var að gera við skautbúning. Stúlkan sem ég var að gera við búninginn fyrir skildi eftir hjá mér ljósrit af handriti sem lýsti mjög nákvæmlega klæðnaði Svaðastaðakvenna.“ Inga las handritið og lét heillast. „Ég ætlaði aldrei að fara í svona umfangsmikla rannsókn en þetta efni kallaði á mig. Ég heimsótti ættingjana, tók myndir og viðtöl og lagðist yfir þær heimildir sem til voru,“ segir Inga, sem var við nám í hagnýtri menningarmiðlun á þessum tíma. Afraksturinn, bókin Lífsins blómasystur, var lokaverkefni Ingu í náminu.

Inga komst að því að vel hafði verið haldið utan um handverk kvennanna og sögu þeirra, sem nær yfir rúmlega 200 ára tímabil. Þónokkuð af handverki hefur varðveist allt aftur til ættmóðurinnar Rannveigar Jóhannesdóttur, sem var fædd árið 1797. Sérstaklega þótti Ingu eftirtektarvert hversu vel konurnar miðluðu þekkingu sinni áfram til næstu kynslóða. Nokkrar þeirra tóku þátt í iðnsýningum og heimilisiðnaðarsýningum á fyrri hluta 20. aldar og voru heiðraðar fyrir verk sín. Þær kenndu einnig handíðir á heimilum sínum, héldu skóla og miðluðu þannig þekkingu sinni áfram út í samfélagið.

Síðar á þessu ári er önnur bók væntanleg eftir Ingu, þar sem menningararfur íslenskra kvenna er líka til umfjöllunar. Sú fjallar um það sem eitt sinn var sameiningartákn íslenskra kvenna – skotthúfur – og skúfhólkana sem þeim tilheyra. „Það eru mörg ár frá því ég byrjaði á þeim rannsóknum, en BA-ritgerðin mín í þjóðfræði fjallaði um þetta efni. Ég hef tekið mikið af myndum af skúfhólkum og tekið viðtöl við fólk sem hefur erft slíka gripi. Skúfhólkarnir erfast á milli kvenna, rétt eins og silfrið á skautbúningunum,“ segir Inga að endingu.

holmfridur@frettabladid.is



**ÞJÓÐFRÆÐINGUR MEÐ MEIRU** Inga Arnar, þjóðfræðingur og fata- og textílkennari, er höfundur bókarinnar Lífsins blómasystur, sem fjallar um hannyrðakonur af Svaðastaðaætt.



**BLÓMAMYNSTUR** Svaðastaðakonur voru annálaðar fyrir hannyrðir sínar. Blómamynstur og tíglótt mynstur í ýmsum útgáfum voru algeng í sköpun þeirra.



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Haukur A. Bogason**

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 11. febrúar verður jarðsunginn frá Áskirkju í Reykjavík 17. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Guðlaug Jónsdóttir**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Tryggvadóttir**

myndlistarkona,
Laufrima 10a, Reykjavík,

lést föstudaginn 10. febrúar 2012. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. febrúar kl. 13.00. Þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á líknarfélög.

**Sigríður Egilsdóttir** **Ólafur Jóhann Ólafsson**
**Helga Egilsdóttir**
**Björgúlfur Egilsson** **Lísa Pálsdóttir**
**Tryggvi Egilsson** **Elín Magnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Ásta Bjarnadóttir**

sjúkraliði, Strikinu 2,

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi hinn 12. febrúar síðastliðinn.

**Guðmundur Þorsteinsson**
**Bjarni Guðmundsson**
**Ólína Guðmundsdóttir** **Halldór Kr. Júlíusson**
**Elísabet Hanna Guðmundsdóttir** **Skúli Hartmannsson**
**Sigurlaug Guðmundsdóttir** **Martin Sökjer**
**Sverrir Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Þökkum innilega hlýhug og samúðarkveðjur við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Helgu Guðmundsdóttur**

frá Súluholti.

**Guðmundur Viðar Karlsson** **Brynja Dís Valsdóttir**
**Eiríkur Karlsson** **Guðborg Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir mín,*

**Svanhildur Bára Albertsdóttir**

áður til heimilis að Hátúni 8,

lést sunnudaginn 12. febrúar á Droplaugarstöðum. Útför verður auglýst síðar.

**Albert Birgisson.**



**Þrír þjálfarar frá Knattspyrnuskóla Bobby Charlton** í Manchester munu í vikunni kynna skólann sem hefur notið nokkurra vinsælda meðal íslenskra ungmenna. Kynningar og æfingar verða í Laugardal, Akraneshöllinni og Fífunni í Kópavogi. Nánari upplýsingar á www.itferdir.is

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**FLOTTUR, MJÚKUR**



teg 8115 - glæsilegt snið í B,C skálum á kr. 4.600,-
buxur við kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg
Verslaðu á vefnum · Frí sending að 20 kg · 1 árs skilaréttur
Rýmingarsala 40%
afsláttur af völdum HOMEDICS vörum
Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

praxis
...þegar þú vilt þægindi



Boston
leður
svart, hvítt st. 35-48
rautt st. 36-42
blátt st. 36-47

Roma
Rúskinn
lj.blátt d.blátt
36-42

Monako
leður
svart, hvítt
rúskinn og microfib.
st. 36-46

Paris
leður
svart, hvítt, blátt
m/microfib og rúskinnssóla
st. 36-42

Verona
svart, hvítt
st. 36-41

Bari
leður
rautt, sand, blátt
st. 36-42

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lau. 11–14

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP
TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



vísir

**Brynja Pétursdóttir, dansari og danskennari, heillaðist af götudansi í New York.**

# *Er kolfallin fyrir vogue-stílnum*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vogue er dansstíll sem kemur upphaflega úr samkynhneigða samfélaginu í New York," segir Brynja Pétursdóttir, dansari og danskennari, sem er nýkomin heim af vogue-námskeiði í Helsinki.

„Dansstíllinn hefur verið að þróast frá því í byrjun níunda áratugarins og á rætur í tískuheiminum. Það eru teknar fyrir pósur og hreyfingar af tískupöllunum og teknar alla leið með dansi við „house-tónlist".

FRAMHALD | 2



Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
*...léttir þér lífið*
*Sími 856 3451 • www.vilji.is*

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.




**Bókin Sjálfstjórn og heilsa** er komin út í nýrri útgáfu. Í bókinni er lesandanum kennt að þekkja áhrif streitu, auka næmi fyrir eigin líkama og bæta sjálfstjórnina. Til dæmis má finna leiðbeiningar um slökun, hugþjálfun og hugrækt en einnig aðferðir til að auka sjálfstraust, tileinka sér jákvæð viðhorf og vinna bug á frestunaráráttu.









# Umfangsmikið vandamál

**Slysa- og ofbeldisdauði hefur aukist hér á landi. Hann er margfalt algengari hjá körlum en konum en hefur engu að síður aukist hjá konum og í aldurshópnum 67 ára og eldri. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum rannsóknar hjúkrunarfræðingsins Kristínar Bergsdóttur.**

Slysa- og ofbeldisdauði á Íslandi. Áhrifaþættir og þjóðhagslegar afleiðingar heitir meistaraverkefni hjúkrunarfræðingsins Kristínar Bergsdóttur sem hún varði í byrjun mánaðarins. Um er að ræða lýðheilsugrundaða aftursýna hóprannsókn og er þetta fyrsta íslenska rannsóknin sem veitir heildarsýn á umfang og áhrifaþætti dauðsfalla af þessu tagi hér á landi. Rannsóknin byggir á tölum úr dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands og nær yfir tólf ára tímabil eða frá árinu 1996 til 2007. „Hún tekur til allra banaslysa, morða og sjálfsvíga hjá Íslendingum á aldrinum 0 til 101 árs en samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar nær ofbeldisdauði bæði yfir morð og sjálfsvíg," segir Kristín.

Helstu niðurstöður eru þær að slysa og ofbeldisdauði á Íslandi hefur aukist. Eins liggur fyrir að hann er mun algengari hjá körlum en konum sem kemur heim og saman við niðurstöður utan úr heimi. „Munurinn er mikill, en helmingi fleiri karlar dóu af völdum slysa og ofbeldis á tímabilinu en konur og þrisvar sinnum fleiri af völdum sjálfsvíga og morða. Hins vegar kom fram aukning hjá konum sem og í aldurshópnum 67 ára og eldri og er munurinn marktækur þegar búið er að leiðrétta fyrir mannfjöldaaukningu," segir Kristín. „Það sem kemur einnig á óvart er að enginn munur var á milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlis."

Áætlað er að um fimm milljónir manna deyi af völdum slysa og ofbeldis á heimsvísu á hverju ári og þar af 1,6 milljónir vegna ofbeldisverka. Slysa- og ofbeldisdauði er á meðal helstu dánarorsaka fólks á aldrinum 15 til 44 ára og þriðja algengasta dánarorsök í heimi á eftir hjarta- og æðasjúkdómum og krabbameini. Á Íslandi létust 1.032 af völdum slysa og ofbeldisverka á því tímabili sem rannsóknin náði til eða að meðaltali 86 á ári. Meðalaldur þeirra sem létust af þessum orsökum var 53 ár. „Þetta er því umfangsmikið vandamál," segir Kristín. En hvað varð til þess þú ákvaðst að fara út í að skoða þessi mál?

„Ég hef starfað sem hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítalans í bráðum ellefu ár. Það sem sló mig í fyrstu voru dauðaslysin og önnur ótímabær dauðsföll. Þegar ég hóf meistaranám í lýðheilsuvísindum ákvað ég að gera þessu skil en með því að greina áhættuþætti eins og aldur og kyn er hægt að beina forvörnum í réttar áttir. Það er til mikils að vinna enda eru þetta í öllum tilfellum ótímabær dauðföll sem valda ómældu tilfinningatjóni en einnig þjóðhagslegu tjóni þar sem þessir einstaklingar skila ekki tekjum til þjóðarbúsins."

En kemur þú til með að vinna með niðurstöðurnar frekar? „Já, það er draumurinn. Allar þær rannsóknir sem ég hef skoðað í kringum þessi mál sýna mikinn breytileika á milli heimssvæða. Þar hafa efnahagsaðstæður og menningarmunur mikið að segja. Þá eykst dánartíðnin umtalsvert ef lönd lenda í efnahagskreppu. Ég lauk minni rannsókn í lok árs 2007 en árið eftir varð efnahagshrun hér á landi. Mér þætti áhugavert að skoða hvort hrunið hafi haft sömu áhrif hér og þekkist erlendis."

vera@frettabladid.is



„Með því að greina áhættuþætti eins og aldur og kyn er hægt að beina forvörnum í réttar áttir," segir Kristín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Framhald af forsíðu



Brynja Péturs féll fyrir götudansi á námsárunum í New York og breiðir út fagnaðarerindið hér heima.

Upphaflega byrjaði þetta í klúbbum New York og lifir í dag góðu lífi innan „ballroom-senunnar". Ég fer til New York nokkrum sinnum á ári á böll þar sem keppt er í alls konar flokkum, til dæmis „old way", „new way" og „vogue fem" sem eru helstu stílarnir undir vogue-regnhlífinni."

Brynja lærði dans í New York og heillaðist af þeim dansstíl sem kenndur er við götuna, „street dance", kom heim og stofnaði eigin dansskóla. „Í skólanum hjá mér kennum við hipphopp, waacking og dancehall-dansa sem allir eru flokkaðir undir götudansa," segir hún. „Ég hef ekki verið með námskeið í vogue-dansi eingöngu en ég lauma því alltaf annað slagið inn í hina tímana, Waacking-stíllinn kemur úr sama menningarkima og það er auðvelt að hafa waacking og vogue í sama tíma. Ég er algjörlega kolfallin fyrir vogue-stílnum."

Brynja kennir fólki á öllum aldri, allt frá sex ára, í skóla sínum Dans Brynju Péturs. Ný námskeið í götudönsum hefjast 27. febrúar og fyrstu vikuna verða ókeypis prufutímar. „Þetta er svakalega vinsælt hjá fólki af báðum kynjum," segir Brynja, „en stelpurnar eru þó í miklum meirihluta í öllum aldurshópum. Ég skora á strákana að koma og prófa. Þetta er svo skemmtilegt." *fridrikab@frettablaðið*

Árið 2010 fæddust alls 4.903 börn. Þetta eru færri fæðingar en árið áður en þá fæddust 5.015 börn og höfðu þá aldrei fæðst fleiri börn á Íslandi. Fjölburafæðingar árið 2010 voru 69 eða heldur færri en árið 2009 (75). Börnin voru 128, einungis tvíburar en engir þríburar fæddust á árinu. Þetta kemur fram nýbirtri skýrslu fæðingarskráningarinnar 2010.



www.lsh.is




# GÓLFEFNI

ÞRIÐJUDAGUR **14. FEBRÚAR 2012**

**Kynningarblað**
**Notað verður nýtt**
**Náttúrulegt yfirbragð**
**Plankaparket**
**Múrvörur**
**Jarðlitir vinsælir**
**Náttúruflísar**




# Egill Árnason leggur línurnar í gólfefnum fyrir árið 2012

***Gróft plankaparket, ítalskar og spænskar flísar, hleðslusteinn og gegnheil gæði eru það sem neytendur fá seint leið á.***

Það er ekki á allra færi að leiða markað eins og gólfefnamarkaðinn, það hefur þó tekist ótrúlega vel, einfaldlega með því að vera ávallt með opin augu fyrir nýjungum sem eiga samleið með íslenskum neytendum," segir Ásgeir Einarsson, framkvæmdastjóri Egils Árnasonar ehf. Hann segir meiri hluta einstaklinga leggja mikið upp úr að gæði og framúrskarandi hönnun fái að njóta sín á heimilinu. „Þess vegna höfum við ætíð lagt höfuðáherslu á gæðin og síðan reynt að ná fram hagkvæmni með gæðin að leiðarljósi."

### Línurnar lagðar

Línurnar eru lagðar í upphafi hvers árs hjá Agli Árnasyni. „Meðal nýjunga hjá okkur eru til dæmis gróft plankaparket, hleðslusteinn og vandaðar flísar frá Ítalíu og Spáni," segir Ásgeir og nefnir að í plankaparketinu megi nú finna yfir 36 tegundir á lager hjá Agli Árnasyni og fari þeim sífellt fjölgandi. „Af þessum tegundum eru um átta sem flokka má sem grófunnið plankaparket en það hefur útlit og einkenni gólfa sem búið er að nota í tugi eða hundruð ára," segir Ásgeir, en þessar tegundir hafa komið sterkar inn undanfarið ár. „Það er þó ekki við hæfi allra og því er einnig mikið úrval af hefðbundnu plankaparketi, bæði lökkuðu, burstuðu, fösuðu sem og hvíttuðu."

Egill Árnason kaupir flestar flísar sínar frá Ítalíu og Spáni þar sem mikil hefð ríkir í flísaiðnaði. „Efnin koma frá framleiðendum sem hafa í tugi eða hundruð ára framleitt hágæða efni sem stenst allar kröfur. Neytendur geta því verið vissir um að flísarnar koma frá viðurkenndum framleiðendum og eru af gæðum sem bæði eigendur og fagmenn geta verið stoltir af," segir Ásgeir en í sýningarsal fyrirtækisins að Suðurlandsbraut 20 má nú finna yfir 110 sýnishorn af flísum, allt frá veggflísum og gólfflísum til náttúruskífa.

### Hleðslusteinninn er kominn aftur og nú með krafti

Margir kannast við hlaðinn stein í kringum arinn og eða hlaðna veggi sem voru algengir fyrir um 40 árum. „Þetta er nú komið í tísku aftur og því er gaman að kynna hleðslusteininn frá Pietre D´Arredo, en hann kemur frá hjarta Ítalíu. Hleðslusteinninn er fáanlegur í fjölmörgum útgáfum, bæði til notkunar innan- og utanhúss," segir Ásgeir. Hann bendir fólki sem vill kynna sér málið frekar á www.pietredarredo.it en þar má finna ítarlega upplýsingar um notkunarmöguleika ásamt leiðbeiningum um hvernig setja skal steininn upp.

### Gegnheilt parket aftur orðið vænlegur kostur

Undanfarna mánuði hefur gegnheilt parket verið að ryðja sér til rúms á ný að sögn Ásgeirs en það hefur lítið verið notað eftir hrun. „Í dag er ákveðinn hópur viðskiptavina sem gerir ítrustu kröfur og vill því gegnheilt parket í plönkum eða stöfum," segir hann og bætir við að Egill Árnason sé í kjörinni aðstöðu til að veita heildarþjónustu þar sem fá megi gegnheilt parket af öllum gerðum, parketlím, sparsl, lökk og olíur, sandpappír og almenn viðhaldsefni.

### Þjónusta í fyrsta, öðru og þriðja sæti

Ásgeir segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á þjónustulund. „Þeim, sem þurfa á aðstoð að halda varðandi gólfefni, er velkomið að koma við eða hringja í okkur, við tökum vel á móti fólki hvort sem það hefur spurningar varðandi gólfin okkar eða almennar spurningar um gólfefni. Við erum hér til að aðstoða viðskiptavini okkar með gólfefni og vonum að það skili sér í betri gólfum og betra efnisvali, því gólfefni þurfa jú að endast um ókomna tíð."



## APAVISA-FLÍSAR FYRIR ÞÁ SEM GERA ÝTRUSTU KRÖFUR

**Í byrjun** árs kynnti Apavisa nýja vörulínu í flísum og er óhætt að segja að um sé að ræða eina af helstu byltingum í flísaheiminum undanfarin ár. Ekki má eingöngu finna hefðbundnar flísar heldur er nú mikil áhersla lögð á 4mm þykkar flísar sem bera nafnið Nano Evolution. Nano flísalínan þykir einstaklega vel heppnuð bæði hvað varðar útlit og einnig hversu vistvænar flísarnar eru, en í þær er notað allt að 70% minna hráefni heldur en hefðbundnar flísar. Því er við að bæta að einstakar sexhyrndar flísarnar frá Apavisa eru einnig fáanlegar, en þær eru fyrir þá sem vilja eitthvað öðruvísi. Þær má nú sjá í öllum litum í sýningarsal Egils Árnasonar að Suðurlandsbraut 20.

APAVISA
PORCELANICO

## SCHWARZER, VIÐARGÓLF FRÁ HENDI NÁTTÚRUNNAR

**Schwarzer-gólfin eru** eins náttúruleg og hugsast getur. Þau koma öll olíuborin, oft með heflaðri áferð og grófum kvistum. Ef þú vilt gólf sem tekið er eftir þá eru Schwarzer-gólfin örugglega eitthvað fyrir þig. Gólfin eru til á lager hjá Agli Árnasyni ehf. í yfir átta tegundum og svo má sérpanta yfir 60 tegundir til viðbótar.

SCHWARZER
Natural Wood floors






## LÍFIÐ ER DANS Á RÓSUM

**Það er** fátt skemmtilegra en að svífa um í dansi á gljáfægðu og skínandi nýju gólfi. Vandinn er að fæstir vilja sjá rispur eftir svarta skósóla eða holur eftir háa hæla á nýju og stundum rándýru gólfefni. Þá er þjóðráð að fara úr skónum og dansa um á tánum, sem svo skapar oft tjáningarríkari dans, galsa og gleði, auk þess sem dansarinn fær unaðsemdir gólfefnisins beint í æð.




Litur flísanna ræðst af hlutföllum sallans en Dave Hakkens gerði þrjár útfærslur. Fyrirmyndina sótti hann til Terrazzo-flísa sem búnar eru til úr afgangs marmara. Sjá má móta fyrir gömlum nöglum og skrúfum í flísunum.

# Nýtt gólf úr gömlum rústum

**Þegar byggja á nýtt er það sem fyrir er yfirleitt rifið niður og því fargað. Það geta þó leynst verðmæti í rústunum eins og hollenski hönnuðurinn Dave Hakkens sýnir fram á í nýrri línu gólfflísa.**

Dave Hakkens hefur hannað nýja gerð gólfflísa sem hann kallar Rubble floor eða gólf úr rústum. Hakkens fannst illa farið með vel nýtilegt hráefni þegar byggingar eru endurnýjaðar og fór að gera tilraunir með að nýta efnið sem til féll við niðurrif til að byggja upp aftur. Hráefnið sem Hakkens notar í Rubble floor er meðal annars þakflísar, múrsteinar, málmur og gler. Efnið er mulið niður í misgrófan salla, því blandað saman við sement í misjöfnum hlutföllum og lokst steyptar flísar úr sallanum sem eftir að hafa verið slípaðar eru rennisléttar. Fyrirmyndina sækir Hakkens til Terrazzo-gólfflísa sem búnar eru til úr afgangs marmara. Fjallað var um gólflísar hans á vefnum www.designboom.com á dögunum. Nánar um hönnun hans á www.davehakkens.nl.



Hollenska hönnuðinum Dave Hakkens finnst illa farið með vel nýtilegt efni þegar ein bygging er jöfnuð við jörðu og önnur reist í staðinn. Hann hannaði gólfflísar í nýju bygginguna úr því sem féll úr þeirri gömlu. MYND/DAVE HAKKENS

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



# Gólfefni sem henta jafnt í bílskúra og snyrtingar sem í virkjanir

**Gólflagnir að Dalvegi 28 í Kópavogi er eitt elsta fyrirtækið á Íslandi sem hefur sérhæft sig í lagningu á iðnaðargólfum. Gólflagnir sinna fjölbreyttum hópi viðskiptavina og leggja gólf í allt frá bílskúrum og þvottahúsum einstaklinga upp í frystihús og virkjanir og allt þar á milli.**

Gólflagnir hafa verið leiðandi í lagningu iðnaðargólfa og við höfum rutt brautina fyrir nýjungar," segir Níels Steinar Jónsson, einn þriggja eigenda Gólflagna. Ásamt honum eiga Anna María Clausen og Magnús Valdimarsson fyrirtækið og starfa þau þar öll þrjú. Gólflagnir bjóða upp á gólfefni sem einu nafni eru kölluð fjölliðunargólfefni. „Það þýðir í stuttu máli að efnin eru tveggja og þriggja þátta og blönduð á staðnum," útskýrir Níels og heldur áfram: „Þetta eru epoxy- eða polyurethan-bundin fylliefni sem aftur eru af ýmsum gerðum." Iðnaðargólfin eru af ýmsum toga og henta við mjög fjölbreyttar aðstæður. „Gólfin eru jafnan kölluð kvartsgólf, steinteppi eða epoxygólf," segir Níels en öll hráefni sem notuð eru í gólfin koma frá fyrirtækinu Vesla Coating í Danmörku og innflutt fylliefni frá Dansk Kvarts.

### Fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Níels segir hóp viðskiptavina afar breiðan. „Við leggjum til dæmis gólfefni á bílskúra, þvottahús og jafnvel á heilu íbúðirnar hjá einstaklingum, ásamt því að leggja gólfefni í frystihús og virkjanir og allt þar á milli," segir Níels. Gólflagnir hafa einnig starfað utan landsteinanna til dæmis í Noregi, Færeyjum, Grænlandi og víða í Evrópu. „Við erum um þessar mundir að klára lagningu á samtals fimm þúsund fermetrum af gólfefnum í Norður-Noregi fyrir Aker Seafoods og Nergård AS," upplýsir hann og bætir við að fyrirhuguð séu verkefni í Færeyjum, Noregi, Grænlandi og Möltu á árinu.

### Hvers vegna epoxygólf?

Níels segir iðnaðargólfin frá Gólflögnum hafa mjög marga kosti. „Þau eru samskeytalaus og því auðveld í þrifum. Þá eru þau efnaþolin og þannig kjörin í þar sem fram fer matvælavinnsla," segir Níels og árétttar að epoxygólfin henti jafnt í fjósum, gripahúsum og sláturhúsum upp í mjólkurstöðvar, fiskvinnslur, eldhús og verslanir.

### Vinsæl steinteppi

Steinteppi er vel þekkt gólfefni í dag og hafa Gólflagnir lagt sitt af mörkum til að koma þessu gólfefni á markað. „Við höfum verið brautryðjendur í að kynna steinteppi auk þess sem við höfum staðið fyrir kynningum og nýjungum," segir Níels en stoltastur er hann af eigin framleiðslu Gólflagna. „Það er Stokksnesperla

> **Við höfum verið brautryðjendur í að kynna steinteppi.**

sem ber það heiti þar sem hráefnið á uppruna sinn úr fjörunni við Stokksnes. Steinninn er sjávarsorfinn og blanda af ýmsum steintegundum sem gerir þetta gólfefni einstaklega fallegt bæði sem steinteppi og epoxyterrazzo," segir Níels en efnið í steinteppið er unnið í samstarfi við Litlahorn. „Frá hruni höfum við varla lagt aðra gerð af steinteppum en Stokksnesperlu og eru það orðnir um 16 þúsund fermetrar í dag.

### Veita ráðgjöf

Níels segir mikilvægt fyrir þá sem hugi að lagningu gólfefna að huga að því í tíma. „Við förum vítt og breitt og skoðum verkefni, gefum ráðleggingar, gerum kostnaðaráætlanir og tilboð kúnnum okkar að kostnaðarlausu," segir hann og leggur áherslu á að þetta sé mikilvægur þáttur í þjónustu Gólflagna. Enda telji hann mikilvægt að viðskiptavinurinn viti strax frá upphafi hvað verkið muni kosta.

Nánari upplýsingar má fá á www.golflagnir.is eða á skrifstofu Gólflagna í síma 564 1740.



Steinteppin koma vel út í versluninni Jón og Óskar á Laugavegi.

TOPP 4000 DEKA Steinteppi Maxi 5000 TOPP 1500 Maxi 700 Maxi Flex



Salerni ÍSÍ í Laugardal.



Gólflagnir sáu um að leggja gólfin í stöðvarhúsi í Fljótsdal sem er hluti af Kárahnjúkavirkjun.




TOPP 4000

TOPP 4000

Eitt vinsælasta gólfefnið á bílskúrinn, geymsluna, þvottahúsið og á sameignir fjölbýlishúsa.
Topp 4000 epoxy kvarts gólfefnið er fallegt, slitsterkt og endingargott. Topp 4000 gólfefnið er lagt samskeytalaust með húlkil í gólfakverkar.

Auðvelt og hagkvæmt í umhirðu. Sjá nánar á www.golflagnir.is

Gólflagnir
IÐNAÐARGÓLF
Dalvegur 28, 201 Kópavogur
Sími: 564 1740, Fax: 534 1741

# Birgisson

*Viðtal við Egill Arnar Birgisson,*
*framkvæmdastjóra Birgisson ehf.:*



## Fagmenn í parketi, hurðum og flísum með áratuga reynslu

„Við setjum þarfir viðskiptavinarins í fyrsta sæti," segir Egill hjá Birgisson ehf. „Við leggjum áherslu á að bjóða úrvals vörur frá þekktum og virtum framleiðendum, vörur sem hafa reynst vel við íslenskar aðstæður."

*Þekking og reynsla*
„Áratuga reynsla fjölskyldunnar og starfsfólks okkar í sölu gólfefna og hurða, traust og góð viðskiptasambönd þar sem vinátta, virðing og gagnkvæmt traust ríkir, er undirstaðan að fyrirtæki okkar. Allt eru þetta viðskiptasambönd og umboð sem fjölskyldan hefur haft í yfir 20 ár."

*Þjónustan er ástríða*
„Við feðgarnir rekum fyrirtækið með ódrepandi áhuga og af ástríðu. Við fylgjumst vel með nýjungum, bæði hvað varðar hönnun og gæði. Við kynnum allar áhugaverðar nýjungar fyrir viðskiptavinum, arkitektum, fagmönnum og starfsmönnum og fáum álit þeirra," segir Egill.

Birgisson nýtur þeirrar gæfu að hafa gott starfsfólk sem flest hefur starfað hjá fjölskyldunni í mörg ár. Þar er til staðar mikil reynsla og fagþekking.

*Kronotex planka harðparket með 30 ára ábyrgð*
Fyrirtækið hóf nýlega innflutning á planka harðparketi frá Kronotex í Þýskalandi. Kronotex er einn helsti framleiðandinn á harðparketi í heiminum og framleiðir yfir 50 milljónir fermetra á ári. „Við bjóðum aðeins upp á bestu tegundirnar. Þessar tegundir eru með mikið slitþol og 20-30 ára ábyrgð," segir Egill.

Kronotex parketið er nú boðið á sérstöku kynningarverði, frá kr. 1.990 per/m$^2$, sem er ótrúlega gott verð miðað við gæði að sögn Egils.

*Nýjungar frá Kährs*
„Við höfum aukið úrvalið af gæðaparketinu frá Kährs og bjóðum nú meira úrval af plankaparketi og fleiri yfirborðsáferðir en áður. Úrvalið er ótrúlegt, yfir 70 tegundir. Það er gaman að segja frá því að engin verslun í Evrópu býður upp á jafn fjölbreytt úrval af Kährs parketi. Allt Kährs parketið er með 20-30 ára ábyrgð og fæst aðeins hjá okkur."

Hakwood frá Hollandi er nýr birgir fyrir fyrirtækið. Hakwood framleiðir plankaparket, fyrir þá sem gera miklar kröfur um gæði, útlit og áferð. Við bjóðum yfir 30 mismunandi tegundir frá þessum framleiðanda. Ekki má gleyma hinu þekkta vörumerki Pergo frá Svíþjóð. Birgisson býður yfir 20 tegundir af þessu vinsæla harðparketi.

„Við erum einnig með aukið framboð af flísum frá Casa dolce Casa, Florim og Buchtal. Þrátt fyrir að framboðið sé nú mjög gott er metnaður til að gera enn betur. Við ætlum að tvöfalda úrvalið á næstu mánuðum," segir Egill.

*Ringo innihurðir með 30% afslætti*
Ringo innihurðirnar verða með 30% afslætti næstu tvær vikurnar, en frá og með 1. mars verða þær eingöngu til sölu í verslun Birgisson ehf.

„Við bjóðum viðskiptavini velkomna í sýningarsalinn í Ármúla 8. Við kappkostum að aðstoða og leiðbeina viðskiptavinum af fremsta megni. Allar vörurnar sem við bjóðum eru í hæsta gæðaflokki og á samkeppnishæfu verði. Starfsmenn okkar eru til þjónustu reiðubúnir," segir Egill hjá Birgisson ehf.

*Nokkrir af okkar helstu birgjum:*

Sopro
FLORIM
PERGO
AGROB BUCHTAL
Hakwood












Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857
TILBOÐ
á Kährs Spirit
eikarplanka
Verð: 6.190 kr. per/m²
Kronotex planka harðparket
með 20-30 ára ábyrgð
Verð frá kr. 1.990.- per/m²
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# STO múrvörur fást nú í múrbúð BM Vallá – góð viðbót við glæsilegt vöruúrval

BM Vallá er stærsti framleiðandi íslenskra steypu- og múrvara og hefur í yfir 60 ár verið leiðandi í framleiðslu fyrir byggingavörumarkaðinn. Vöruúrval fyrirtækisins er afar mikið og meðal framleiðsluvara eru múrblöndur, steinsteypa, flotefni, ílagnir, hellur og hleðslusteinar. Þetta fjölbreytta og vandaða vöruúrval eflist nú enn frekar með tilkomu STO múrvara.

### STO bætist í hópinn

BM Vallá hefur nú undirritað samstarfssamning við einn stærsta múrvöruframleiðanda á Norðurlöndum, STO Scandinavia AB. STO er íslenskum byggingaverktökum kunnugt en vörurnar fengust hér á landi um 30 ára skeið. „STO hefur verið umboðslaust á Íslandi síðan 2008 og þeir voru að leita að traustum og öflugum aðila hér, þannig að við bætum við okkur vörumerki sem er vel þekkt fyrir mikil gæði," upplýsir Gunnar Þór Ólafsson, sölustjóri hjá BM Vallá.

### Von á nýjungum

„Við höfum þegar tekið í sölu fjórar gerðir af flotefni frá STO og bætum við fleiri vörum frá þeim á næstu vikum og mánuðum," segir Gunnar. Á næstunni er því áætlað að setja í sölu vöruflokka eins og viðgerðarmúr, flotmúr, yfirborðsefni, vélbúnað og verkfæri frá STO. „Svo í vor fáum við inn múrkerfi frá þeim með nýrri einangrun sem hentar mjög vel fyrir íslenskt veðurfar," upplýsir Gunnar. „Það verður hægt að sjá þetta allt hérna í múrbúðinni þar sem allir geta fengið faglega ráðgjöf um val á múrefnum," segir Gunnar og vísar þar með til múrverslunar BM Vallár að Breiðhöfða 3.

### Betri vörur með öflugum rannsóknum

Höfuðstöðvar STO Scandinavia eru í Linköping í Svíþjóð þar sem framleiðsla og rannsóknir félagsins fara fram. BM Vallá hefur sérhæft sig í framleiðslu á múrvörum úr íslensku jarðefni og því mun aðgangur að svo öflugum rannsóknarstofum gera fyrirtækinu kleift að þróa þessar vörur enn frekar. „Samstarfið eflir allar rannsóknir og það mun skila sér í enn betri vörum fyrir íslenskan markað bæði frá okkur og STO," segir Gunnar og bætir við að íslenskir verktakar eigi því að geta gengið að því vísu að hjá BM Vallá fái þeir alltaf fyrsta flokks vöru og faglega þjónustu.

> **„Við fáum til dæmis í sölu litað flot, terrazzo-flot, útiflot og flot fyrir sérstakar aðstæður. Það er orðið nokkuð algengt að fólk láti bara flota og noti það sem endanlegt gólfefni, þar eru möguleikarnir í slíku fínfloti orðnir miklu meiri." – Gunnar Þór Ólafsson, sölustjóri hjá BM Vallá.**

### Samstarf í báðar áttir

Samningur BM Vallár og STO felur ekki aðeins í sér sölu á vörum STO á Íslandi heldur er þar einnig gert ráð fyrir að STO taki að sér sölu á vörum BM Vallár í verslunum sínum á Norðurlöndunum. Þar er einna helst horft til tækifæra til að nýta íslensk jarðefni. „Íslensku fylliefnin henta mjög vel til múrefnaframleiðslu. Þau eru bæði ódýr og góð og STO sér mikla möguleika í að nýta það. Þetta er mjög spennandi verkefni sem á eftir að efla vöruþróunina og styrkja stöðu okkar bæði hér heima og erlendis," segir Gunnar Þór sölustjóri að lokum.


Gunnar Þór segir að BM Vallá hafi sérhæft sig í framleiðslu á múrvörum fyrir íslenskan byggingamarkað. MYND/GVA

BM Vallá sérhæfir sig í framleiðslu fyrir íslenskan byggingavörumarkað. Þar er lögð mikil áhersla á gæði sem endast og standast ítrustu álagsprófanir. Framleiðslan byggir á gríðarlegri þekkingu og mikilli reynslu af framleiðslu fyrir íslenskar aðstæður.


Ný flotefni frá STO
fást í múrverslun BM Vallá




Terrazzo ílögn – Þjóðminjasafnið

sto

StoCrete er hágæða flotefni sem hentar bæði til nýbyggingar og í endurflotun. StoCrete er umhverfisvænn kostur, rýrnar lítið og uppfyllir hámarkskröfur hvort sem um er að ræða baðherbergið eða bílskúrinn.



Komdu við í múrverslun BM Vallá, Breiðhöfða 3

PIPAR\TBWA · SÍA · 120463

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is
Opið mán.–fös. kl. 8–18

BM Vallá ehf
Austursíðu 2
603 Akureyri

Sími: 412 5203
sala@bmvalla.is
Opið mán.–fös. kl. 8–17

BM·VALLÁ

bmvalla.is

# Náttúrulegt yfirbragð á gólfin

**Sigurður Vilhelmsson, eigandi verslunarinnar Gallerý Gólf – sem er sérverslun með parket og flísar, segir jarðlitaða tóna í gólfefnum það nýjasta í dag. Verslunin sérhæfir sig í stærri stærðum af flísum og plankaparketi og tekur á móti viðskiptavinum með heitt á könnunni.**

Gallerý Gólf er ný sérverslun með parket og flísar en byggð á gömlum grunni. Okkar mottó er að veita persónulega og góða þjónustu," segir Sigurður Vilhelmsson, eigandi verslunarinnar Gallerý Gólf í Síðumúla 30. Sigurður stofnaði verslunina fyrir einu og hálfu ári og er öllum hnútur kunnugur eftir að hafa starfað við sölu gólfefna í fjörutíu ár.

Nú standa yfir tilboðsdagar í Galleríi Gólf og tekur Sigurður á móti viðskiptavinum í sýningarsal verslunarinnar í Heimahúsinu á annarri hæð í Síðumúla 30. „Við bjóðum 20 prósenta afslátt af parketi og 30 til 50 prósenta afslátt af flísum. Við erum að rýma til fyrir nýjum línum sem koma með vorinu," segir Sigurður. „Við bjóðum gott úrval af flísum og parketi af öllum stærðum og gerðum en höfum sérhæft okkur í stærri flísum og plankaparketi. Í flísunum bjóðum við stærðir eins og 60 x 60 sentimetra, 30 x 60 og 45 x 90 og þaðan af stærra. Þetta eru allt gegnheilar postulínsflísar frá Ítalíu sem við flytjum inn frá fyrirtækinu Serenissima. Flísarnar má nota bæði á gólf og veggi, inni og úti. Þær eru frostþolnar svo það má þess vegna klæða húsið að utan með þessum flísum," útskýrir Sigurður og segir ýmsar nýjungar hafa komið í vetur frá Serenissima, meðal annars flísar með marmaraútliti.

„Travetini-línan er mjög flott lína sem hefur gert mikla lukku

> **Svartar og hvítar flísar eru á undanhaldi fyrir jarðlitum…**

hjá okkur. Þá kom einnig ný lína frá þeim í vetur sem heitir Genesis, en hún byggir á gráum, brúnum og grábrúnum litatónum," útskýrir Sigurður og segir jarðliti og náttúrulegt yfirbragð vinsælt í gólfefnum í dag.

„Svartar og hvítar flísar eru á undanhaldi fyrir jarðlitum og það sama er uppi á teningnum með parketið. Plankaparket er það nýjasta í dag og við eigum allt upp í 24 sentimetra breiða planka. Áferðin er mismunandi en við erum meðal annars með svokallaða antikáferð, þá eru plankarnir höggnir og marðir og með stórum kvistum. Einnig er hægt að fá planka með minni kvistum. Nú er einnig mikið um litað eikarparket en eikin tekur vel við lit. Þá eigum við hvíttaða planka, brúnlitaða, grálitaða og í raun alla litaflóruna. Yfirborðið er síðan ýmist lakkað eða olíuborið og einnig vaxolíuborið," segir Sigurður og hvetur fólk til að líta við. „Sýningarsalurinn okkar er yfir 300 fermetra stór og alltaf heitt á könnunni. Stóran hluta vörunnar eigum við til á lager og afgreiðum strax en pöntum annað."

Nánari upplýsingar er að finna á www.gallerygolf.is



Sýningarsalur Gallerý Gólf þekur 300 fermetra og leggur starfsfólk metnað sinn í persónulega þjónustu. MYND/VILHELM



Sigurður Vilhelmsson, eigandi Gallerý Gólf í Síðumúla 30, segir náttúrulegt yfirbragð vinsælt í dag. MYND/VILHELM



# Veðruð gólfefni vinsæl í dag

**Vönduð gólfefni í góðu úrvali eru aðalsmerki verslunarinnnar Parka að Dalvegi 10-14 í Kópavogi. Parki selur að auki öll helstu fylgiefni, þar á meðal lím, lökk, olíur og hreinsiefni og leigir út vélar til að endurslípa parket.**

Fyrirtækið Parki að Dalvegi 10-14 í Kópavogi, hefur um árabil lagt metnað í að bjóða upp á fjölbreytt og vandað úrval gólfefna. Júlíus Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Parka, var tekinn tali og spurður hvaða gerðir gólfefna njóti helst vinsælda um þessar mundir.

„Parket með veðruðu yfirbragði hefur verið rosalega heitt og er í stóraukinni sókn. Við erum að tala um gróft plankaparket, hvort heldur dökkt eða ljóst, olíuborið eða mattlakkað. Þetta er mestmegnis eik, annað hvort lútuð eða reykt og hrjúf viðkomu, jafnvel í líkingu við sjóbarinn rekavið,“ upplýsir hann og segir þessa tísku sannkallaðan happafeng fyrir þá sem kjósa viðhaldslítil gólfefni. „Fólk þarf ekki lengur að hafa neinar áhyggjur af rispum. Þær mega alveg sjást og setja bara sinn svip á gólfið.“

Júlíus segir annan kost „veðraðs“ parkets að það fari vel bæði í gamaldags og nútímalegum húsakynnum. „Hvort sem við erum að tala um heimahús, sumarbústaði, verslanir eða fyrirtæki,“ bendir hann á og bætir við að parketið sé framleitt af hollenska fyrirtækinu Solidfloor sem sé leiðandi vörumerki í plankaparketi á heimsvísu. „Mjög góð reynsla er komin á merkið hér og við höfum átt í viðskiptum við fyrirtækið síðan árið 2003 eða í ein tíu ár,“ segir hann og bendir á að hægt sé að afla sér allra frekari upplýsinga um Solidfloor á heimasíðu Parka eða á www.soldifloor.com.

Þeim sem eru í leit að annars konar gólfefni bendir Júlíus á að Parki bjóði yfir 130 gerðir af plankaparketi í alls konar útfærslum. Bæði hvað varðar lit og áferð. „Parketið fæst olíuborið, burstað og lakkað og er þá yfirleitt mattlakkað.“




**VISTVÆN HREINSIEFNI**

**Parki selur** yfirborðs- og hreinsiefni fyrir viðargólf og parket frá Woca. Fyrirtækið er bæði með lút og olíur í mörgum litum, einnig viðhaldsefni og sápur. Efnin eru öll vistvæn (Vocfree), sem sagt án allra eiturefna.

Þá segir hann Parka líka selja harðparket í miklu úrvali. „Alveg frá hefðbundnu þriggja stafa útliti upp í planka sem eru allt að 30 cm á breidd og 220 cm á lengd. Þetta er vandað og sterkt efni frá Þýskalandi og meðal annars frá fyrirtækinu Krono Original(.com) sem er þekkt um allan heim fyrir vandaða framleiðslu.“

Loks nefnir Júlíus til sögunnar fjölbreytt úrval flísa á gólf og veggi. „Flísarnar eru að fara í sömu átt og parketið. Grófleiki og náttúrulegt útlit í fyrirrúmi. Svo eru bæði plankarnir og flísarnar að stækka. Fólk velur frekar flísar í stærðinni 60 x 60 heldur 30 x 60.“ Bróðurpartinn segir hann vera frá Ítalíu, þar á meðal frá hágæðafyrirtækinu Casa Dolce Casa.

„Svo erum við með öll fylgiefni, meðal annars lím og fúgu frá Lugato í Þýskalandi.“ Nánar á www.parki.is.



Eigendurnir Júlíus Hafsteinsson, Gústaf B. Ólafsson og Hallgeir Pálmason taka vel á móti viðskiptavinum. MYND/GVA



Veðruð plankaparket eru eftirsótt um þessar mundir. Parki selur þau í góðu úrvali.




Solidfloor™ ...forever yours

Dalvegi 10 - 14 | 201 Kópavogur | Sími: 595 0570 | parki.is

Parki INTERIORS

**Kynning - Auglýsing**

# Heilsa er mitt hjartans mál

**Hollir lifnaðarhættir og heilsusamleg tilvera eru efst í huga athafnakonunnar Söndru Lárusdóttur sem fært hefur Íslendingum ótal hollustuvörur á liðnum árum sem hafa leitt til betra lífernis. Hún hvetur foreldra fermingarbarna til að velja þeim skaðlausa sólbrúnku til að líta sem best út á fermingardaginn.**

Senn styttist í stóru stundina hjá fermingarbörnum lýðveldisins og allir táningar vilja vera brúnir og sætir á fermingardaginn. Falleg og trúverðug sólbrúnka hefur þó hingað til ekki fengist nema með ástundun hættulegra ljósabaða yfir vetrartímann, en með Brasilian Tan-brúnkukreminu fæst fallega sólgullið hörund á innan við mínútu," segir Sandra, sem ásamt bróður sínum Tryggva Lárussyni rekur heildsöluna AT-Hús, sem á undanförnum misserum hefur fært Íslendingum ótal heilsuvörur í hæsta gæðaflokki.

„Brasilian Tan er upprunalega þýsk uppfinning en er nú alfarið í minni eigu," segir Sandra sem lætur framleiða brúnkukremið í Kaliforníu og hóf nýlega að kynna það fyrir öðrum Norðurlandabúum við góðan orðstír.

„Notkun brúnkukremsins fylgir hvorki ótímabær öldrun húðar né hætta á húðkrabbameini. Hörundið er ferskt og eðlilega sólbrúnt með notkun Brasilian Tan, og kremið hentar öllum, líka rauðhærðu fólki sem jafnan hefur hvítustu húðina og tekur síðast lit í sólbaði," segir Sandra um Brasilian Tan sem hefur slegið í gegn hjá dönsurum og líkamsræktarfólki sem nota þarf sólbrúnku í sínu sporti, en fyrst og fremst er brúnkukremið hugsað fyrir allan almenning sem kýs að líta hraustlega og fallega út.

„Góður galdur til að stilla sólbrúnku í hóf til að byrja með er að þynna Brasilian Tan til helminga með húðmjólk og bæta svo smám saman brúnkukreminu við til að finna út rétta sólbrúnkustyrkinn," útskýrir Sandra sem flytur einnig inn Maxim-svitastopparann og Nova Detox-plástrana sem landsmenn hafa tekið fagnandi, en einnig ísraelskar, lífrænar húðvörur úr Dauðahafinu og nú nýlega Açai Roots-heilsuvörurnar.

„Dauðahafið er afar steinefnaríkur sjór og ekta húðvörur þaðan sérlega áhrifaríkar. Fólk upplifir góðan árangur fljótt og vörurnar hafa létt mörgum lífið sem eru með húðþurrk og húðkvilla eins og exem," upplýsir Sandra sem með ofantöldum heilsuvörum er bara rétt að byrja á heilsumarkaðnum.

„Heilsa er mitt hjartans mál og ég vakin og sofin yfir fyrirtækinu og vörunum sem ég finn sjálf og flyt inn. Ég legg áherslu á náttúrulegar, lífrænar vörur og er í startholunum með fullt af spennandi og vönduðum umboðum. Ég fer ótroðnar slóðir í leit minni að heilsuvörum og leita hófanna á óhefðbundnum stöðum víða um heim. Allt sem ég hef sjálf trúað á og tekið inn í sölu hefur hitt í mark, svo ég lít björtum augum til framtíðar og hlakka til að kynna fleiri heilsuvörur fyrir viðskiptavinum."

Þess má geta að Sandra verður með kynningu á Brasilian Tan í Fjarðarkaupum fimmtudaginn 16. og föstudaginn 17. febrúar frá klukkan 15-18.



Sandra segir einkar ánægjulegt að kynna heilsuvörurnar fyrir viðskiptavinum, en hér er hún einmitt að kynna heilsudrykkina frá Açai Roots í Fjarðarkaupum.

# Ekki bara ber, heldur lífsstíll

**Açai-berin frá Açai Roots eru allra meina bót, enda réttnefnd ofurfæða. Þau eru hentug í blandarann heima að morgni, sem og í freistandi eftirrétti að kvöldi. Þá er tilvalið að grípa til berjanna í svalandi safablöndum í dagsins önn og tryggja sér öll þau næringarefni sem stuðla að heilbrigðari lífsstíl.**

Þótt dökkfjólubláu açai-berin líkist vínberjum eða bláberjum koma magnaðir hlutir í ljós þegar betur er að gáð. Þessi kraftmiklu ber hafa verið ómissandi í fæðuvali frumbyggja Norður-Brasilíu frá örófi alda, en á síðustu áratugum hefur leyndarmálið þó spurst út og æ fleiri komist á bragðið, ekki síst eftir að læknar staðfestu jákvæð áhrif açai-berja á heilsuna. Açai-ber eru stórefla ónæmiskerfið og innihalda óvenju mikið magn ómega-fitusýra en neysla þeirra minnkar líkur á hjarta- og æðasjúkdómum.

Ólíkt flestum berjum eru fræ langstærsti hluti açai-bersins, eða 95 prósent. Það er húðin umhverfis fræin sem er notuð til manneldis og býður þetta einstaka hráefni upp á fjölbreytta notkunarmöguleika.

Açai-ber eru meðal annars notuð í bragðgóða aldinsafa, frosið mauk í smoothie og boost, í sorbet eða aðra ferska eftirrétti og í frostþurrkað duft, sneisafullt af andoxunarefnum sem hægt er að bæta í fjölda rétta.

Açai-berin frá Açai Roots fást í bragðgóðri og svalandi safablöndu með kókoshnetusafa, stútfullri af andoxunarefnum, ómega-fitusýrum, kalíum og öðrum næringarefnum sem öll stuðla að heilbrigðari og virkari lífsstíl.

Einnig fæst hreinn Açai-safi sem er frábært orkuskot hvenær sem er og sem klæðskerasniðin lausn fyrir heilbrigðari lífsstíl. Açai-safinn er 100% hreinn berjasafi, að öllu leyti fenginn úr hinum einstöku açai-berjum og án allra aukaefna.

Söluaðilar eru Fjarðarkaup, 10-11, femin.is, Árbæjarapótek, Reykjavíkurapótek, Til sjávar og sveita í Ögurhvarfi, Krúska á Suðurlandsbraut og Heilsuver/Lyfjaver.

Sandra kynnir heilsuvörurnar frá Açai Roots í Fjarðarkaupum fimmtudaginn 23. og föstudaginn 24. febrúar.












## NÁTTÚRULEGA SÓLBRÚN MEÐ BRASILIAN TAN

Brúnkukremið Brasilian Tan nýtur ómældra vinsælda meðal íslenskra dansara og fitness-keppenda, enda óviðjafnanlegt.

Ólíkt öðrum brúnkukremum, sem eru hvít á litinn, er Brasilian Tan-brúnkukremið brúnt að lit og virkar strax, en ekki eftir nokkra klukkutíma.

Kremið er bæði fyrir konur og karla, þornar á innan við 5 mínútum og skolast ekki af við þvott. Virkni kremsins er einstaklingsbundin en getur varað allt að sjö dögum.

Húðin þornar ekki við notkun kremsins því Brasilian Tan inniheldur afbragðs rakakrem.

Brasilian Tan er auðvelt í notkun og tryggir eðlilega brúnku. Því myndast hvorki appelsínugular rákir eða flekkir.

Kreminu fylgir sæt og dauf angan.



## Fasteignir

**BERG FASTEIGNASALA**



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
Petur@berg.is

**Opið hús fyrir 50 ára og eldri**
**Rekjavíkurvegi 52a. Hafnarfirði**
**í dag 14. febrúar. Kl. 17.00 til 17.30**








**Fyrir 50 ára og eldri. Glæsileg 117,3 fm 3ja herbergja endaíbúð á þriðju hæð með sérinngang af svölum auk stæðis í bílastæðahúsi.** Íbúðin hefur tvö svefnherbergi bæði með parketi á gólfi og skápum. Eldhúsið er opið í stofu með fallegri innréttingu flísum á milli skápa og borðkrók. Stofan og borðstofan með parketi á gólfi. Gengið er út á 24 fm. yfirbyggðar suður svalir sem eru flísalagðar. Baðherbergið er allt flísalagt með innréttingu, sturtuklefa og baðkari. Sér þvottahús innann íbúðar með innréttingu. Í sameign er góð sérgeymlsa með hillum og skápum.
**Verð 35,9 m.**
**Sölumaður Berg fasteignasölu tekur á móti gestum.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Hraunbrún – Hafnarfirði**



214,4 fm. raðhús á tveimur hæðum að meðtöldum 21,2 fm. bílskúr. Á neðri hæð eru forstofa, hol, 3 herbergi auk fataherbergis, baðherbergi og þvottaherbergi með útgangi á lóð. Á efri hæð sem er með góðri lofthæð eru stofa, borðstofa með útgengi í sólhýsi til norðvesturs, rúmgott fjölskyldurými, eldhús og gestasnyrting. Suðaustursvalir og verönd með heitum potti. Hellulögð og upphituð að koma. **Verð 34,0 millj.**

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leigulíðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP
TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



vísir




Símaspá ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727 Stella.

**Spákonan Sirrý**
Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

Steinunn verður með einkatíma í RVK, frá 20. feb-24 feb. Get bætt við mig. S. 894 9228

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
**Fljót og góð þjónusta**
**Sími 893 1733**
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta



**ÚTSÖLULOK**
20% auka afsláttur þriðjudag,miðvikudag og fimmtudag af Green-house fatnaði. Síðustudagar útsölu opið 12-17. Veitum 10% afslátt af kertaluktum og annarri vöru þessa síðustu daga. Verið velkomin. Green-house Þverholt 18 105 Reykjavík S. 7772281

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# HEILSA

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 28. febrúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

## Heilsuvörur

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**NULL**
Rúmgóð herbergi með aðgengi að öllu 40þús. per mán. Uppl. í s. 776-5441.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðarhúsnæði þarf að vera með bílskúr, til langtímaleigu. S : 778-3235

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**
Fákafen, mjög vandað 140 fm skrifstofuhúsn. Tunguháls 327 fm iðnaðarhúsn, lofthæð 4,70, tvær innkeyrsludyr. Við sund, 20 fm verslunar/þjónustuhúsn. á jarðhæð ásamt 20 og 40 fm skrifstofum á 2.hæð. leiguval.is S. 553 9820 og 894 1022.

Óska eftir að taka á leigu 50 fm eða stærra atvinnuhúsnæði. Helst með útisvæði. Uppl. 845 4096.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting í Exsample, Barcelona. 60-120euro nóttin. Einnig langtímaleiga. Verð p.mán 950-1200eur. starplus.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STAY APARTMENTS**
STAY APARTMENTS leitar eftir þernu í fullt starf. 25 ára eða eldri. Dag og helgarvinna. Bílpróf og helst bíll til umráða. Vinsamlegast sendið umsóknir í stay@stay.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Fékkstu slag?**
Hafðu samband við okkur í 860 5585 eða skráðu þig á póstlistann á heimasíðu okkar heilaheill.is
**Heilaheill**

**Opið hús fyrir slagþola og aðstandendur þeirra fram á vor:**
**REYKJAVÍK: Alla þriðjudaga frá kl.13-15 í Síðumúla 6.**
**AKUREYRI: Annan þriðjudag hvers mánaðar frá kl.18-19 í Greifanum.**
**Kaffi á könnunni!**
**Erum á Grensásdeild og veitum upplýsingar um félagið alla fimmtudaga frá kl.14-16.**

## Til sölu

**VERSLUNARTÆKNI**
**MECALUX**
**LAGERHILLUR**
fyrir vöruhúsið, smávörulagerinn og starfsmannaaðstöðuna




**VERSLUNARTÆKNI**
Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is
20 ÁRA REYNSLA 1990-2010
Sjáðu heimasíðuna www.verslun.is
**Pöntunarsími: 535 1300**
TAKTIK/3704/okt 11

# 8 ára

## Nú erum við 8 ára og af því tilefni bjóðum við fullt af spennandi vörum á góðu verði!

## TÖLVUTILBOÐ - AFMÆLISPAKKI




> Athlon II X250 3,0GHz DualCore AM3 Örgjörvi
> 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni - lífstíðarábyrgð
> 500GB SATA3 diskur - 7200rpm
> DVD skrifari @ 22xDVD+/- DL skrifari 48x CD & DVD drif
> Litlir og nettir Logitech hátalarar
> ATI HD3000 skjástýring með allt að 512MB minni
> Acer 21,5" LCD Widescreen Full HD 1920x1080 skjár
> Vandað lyklaborð með USB tengi
> Logitech Wheel Mouse Optical með skrunhjóli
> Windows 7 Home Premium 64bita

**99.950**

## MARGMIÐLUNARSPILARI



**TViX S-1**

Einn flottasti Full HD spilarinn okkar. Hæsti gæðaflokkur. LAN, HDMI, Component og Optical tengi. CoverArt flettiviðmót. Þægilegur í notkun og hljóðlátur.

**29.950**

## MINNISLYKILL



CORSAIR

**16GB**

**Corsair USB2 Voyager**

16GB USB minnislykill, vatnsþéttur og höggvarinn með 10 ára ábyrgð.

**3.950**

## LEIKJAMÚS



RAZER

**Razer Abyssus**

Flott leikjamús, Optical 3,5G, 3500dpi.

**5.950**

## HARÐDISKUR

WD



**Western Digital Green 1TB**

WD1000 EARS harður diskur með 64MB buffer, Greenpower, 5400 - 7200rpm.

**17.450**

## SKJÁKORT



msi

**MSI AMD Radeon R6950 TWIN FROZR II**

2GB skjákort með 5000MHz GDDR5 minni, 800MHz kjarna, 2x DVI, HDMI og Display port.

**43.950**

## TURNKASSI

COOLER MASTER



**CoolerMaster Sileo 500**

Einstaklega vel hljóðeinangraður tölvukassi með diskadempurum.

**12.950**

## LEIKJATURN

COOLER MASTER



**AMD TÖLVA 3**

- CoolerMaster Elite 430 leikjaturn m/glugga
- Athlon II X3 455 3,3GHz TripleCore örgjörvi
- 4GB Dual DDR3 1333MHz vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 1TB SATA3 Seagate harður diskur
- MSI Geforce N550GTX 1GB GDDR5 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-bita

**119.950**

## FJÖLNOTATÆKI



EPSON

**Epson SX420W**

Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar í 5760x1440p upplausn. Skannar í 1200x2400p upplausn. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

**9.950**

## FISLÉTT FARTÖLVA




**Asus Eee PC 1011PX**

> Intel Atom N570 Dual Core örgjörvi
> 1GB DDR3 1066MHz minni
> 320GB hljóðlátur harðdiskur
> Windows 7 Starter stýrikerfi
> 3x USB 2.0, VGA, kortalesari
> Aðeins 1.1 kg

**46.950**

## LCD SKJÁR




**AOC 931SWL**

18,5" LCD skjár með 1366x768p upplausn, 10.000:1 skerpu, 5ms svartíma, TN filmu, VGA tengi o.fl.

**14.950**

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is


@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*



*Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, amma, systir og mágkona,*

**Sigríður Sigurðardóttir**

lést að heimili sínu í Svíþjóð fimmtudaginn 26. janúar. Hún verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 15. febrúar kl. 15.00.

**Haukur Viggósson**
**María Finnbogadóttir**
**Finnbogi Már Hauksson**
**María M. Finnbogadóttir**
**Jóhann Steinar Hauksson**
**Una Ragnheiður Hauksdóttir**
**Hákon Sigurðsson** **Katrín Guðjónsdóttir**
**Björg Sigurðardóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Sæmundsdóttir**
frá Ólafsfirði,
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

andaðist þriðjudaginn 7. febrúar á Landakotsspítala. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Áslaug Jónsdóttir**
**Aðalheiður Jónsdóttir** **Sigþór Jóhannesson**
**Ari E. Jónsson** **Anna Þórey Sigurðardóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Steinþór Ómar Guðmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Helgi Friðjónsson**
Háabarði 5, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum þann 10. febrúar. Útförin fer fram þriðjudaginn 21. febrúar, klukkan 13.00 frá Hafnarfjarðarkirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Karitas.

Katla Þorkelsdóttir
María Ólafsdóttir
Þorkatla Ólafsdóttir Kári Vigfússon
Hulda Ólafsdóttir Jóhannes Þór Sigurðsson
Sólrún Ólafsdóttir Olgeir Gestsson
Guðrún Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Lillý Sigmundsdóttir**
Kirkjusandi 3,

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 9. febrúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. febrúar kl 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á minningarsjóð Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu.

**Valdimar K. Jónsson**
**Þyrí Valdimarsdóttir** **Eggert Eggertsson**
**Örn Valdimarsson** **Guðbjörg María Jónsdóttir**
**Vilborg Erla Valdimarsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Jón Rafn Valdimarsson** **Elín Rósa Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÓMSKOÐUN** Tækið kostar um eina og hálfa milljón króna.

# Líf gefur ómskoðunartæki

Líf styrktarfélag færði Fósturgreiningardeild Landspítalans þrívíddar ómhaus að gjöf í lok desember síðastliðins. Gjöfin er virði um einnar og hálfrar milljónar króna.

Fósturgreiningardeildin hefur yfir að ráða fimm ómskoðunartækjum. Öll eru þau búin ómhausum til að skoða með tvívíddartækni. Tvö tækjanna hafa einnig búnað til að skoða í þrívídd, en það gefur mynd sem líkist fremur venjulegri ljósmynd. Fósturgreining er að mestu leyti framkvæmd með tvívíddarómun en í völdum tilfellum gefur þrívíddarómun enn frekari upplýsingar um ástand og líðan fósturs.

# Félag heyrnarlausra þakkar stuðning

Tvö fyrirtæki fengu viðurkenningu frá Félagi heyrnarlausra fyrir helgi.

Annars vegar var það jeppaklúbburinn „Litlanefnd 4x4“ sem var heiðraður fyrir frumkvöðlastarf í þágu heyrnarlausra. Klúbburinn hefur síðastliðið ár boðið heyrnarlausum með í fjallaferðir „á jafnréttisgrundvelli“ líkt og segir í fréttatilkynningu frá félaginu.

Hins vegar hlaut verslunin NEXT í Kringlunni viðurkenningu fyrir frábært samstarf í tengslum við atvinnumál heyrnarlausra. NEXT hefur ráðið hóp heyrnarlausra til starfa hjá fyrirtækinu, sem gerir þeim kleift að eiga samskipti á sínu móðurmáli á vinnustað.

Viðurkenningarnar voru veittar á 52 ára afmæli Félags heyrnarlausra 11. febrúar síðastliðinn. Með viðurkenningunum vill Félag heyrnarlausra sýna mikilvægi þess að heyrnarlausir upplifi sig sem hluta af samfélaginu.




**ÁNÆGJA MEÐ JEPPAKLÚBB** Jeppaklúbburinn Litlanefnd 4x4 var heiðraður fyrir frumkvöðlastarf í þágu heyrnarlausra.

# Æringur í Rifi í sumar

Listahátíðin Æringur verður haldin í Rifi í Snæfellsbæ 7. júlí í sumar, í leikhúsinu Frystiklefanum sem stofnað var fyrir tveimur árum.

Æringur, sem fyrst var haldinn á Stöðvarfirði árið 2010 og ári síðar á Bolungarvík, er farandhátíð sem ungir listamenn stofnuðu til af löngun til að skapa og sýna myndlist utan höfuðborgarsvæðisins. Gengið er út frá því að listamennirnir vinni að mestu á staðnum og eru verkin því tengd þeim bæ sem hýsir hátíðina hverju sinni. Markmið Ærings er að kynna ungt fólk fyrir þeim möguleikum sem finna má á landsbyggð Íslands og virkja unga listamenn til sjálfstæðrar atvinnusköpunar og myndun tengslaneta.

Í ár er áætlað að fimmtán listamenn, innlendir sem erlendir, taki þátt í hátíðinni. Lögð verður áhersla á að leiða saman myndlistarmenn og sviðslistamenn með það að markmiði að búa til skemmtilega og lifandi sýningu, sem undirstrikar þá möguleika sem rými frystiklefans og bærinn hefur upp á að bjóða.

**SNÆFELLSNES** Myndlistarhátíðin Æringur fer fram í þriðja sinn í Rifi í sumar.






*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Þorsteinsson**
húsasmíðameistari,
Funalind 1, Kópavogi,

lést mánudaginn 6. febrúar.
Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 17. febrúar kl 13.00.

**Elsa Borg Jósepsdóttir**
**Guðbjörn Jósep Guðjónsson**
**Þorsteinn Rúnar Guðjónsson**
**Sigrún Borg Guðjónsdóttir** **Jón Kristjánsson**
**Kolbrún Guðjónsdóttir** **Finnur Ingimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Svandís Stefánsdóttir**
Heiðarlundi 7f, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri, miðvikudaginn 8. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 13.30.

**Númi Friðriksson**
**Elva Dögg Númadóttir** **Þorleifur Lúðvíksson**
**Telma Hrönn Númadóttir** **Atli Haukur Arnarsson**
**Jóna Dís, Börkur Þorri, Númi Már, Arna Dögg og Áki Rafn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnlaugur A. Jónsson**
frá Möðrudal á Fjöllum, Barmahlíð 16,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 7. febrúar.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Sigríður Jóna Clausen**
**Eyjólfur Þ. Þórðarson** **Jóna Pálsdóttir**
**Ólöf A. Þórðardóttir** **Pétur Pétursson**
**Aðalheiður Þórðardóttir** **Halldór Hafsteinsson**
**Jóhanna Jóna Gunnlaugsdóttir** **Júlíus Á. Guðmundsson**
**Jón Hlynur Gunnlaugsson** **Karen Ósk Hrafnsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær móðir mín og systir okkar,*

**Sjöfn Ragnarsdóttir**
Torfufelli 25,

er látin. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 17. febrúar kl. 11.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Smári Helgason**
**Erla Ragnarsdóttir**
**Sigrún Ragnarsdóttir**
**Björg Ragnarsdóttir**
**Ragna Ragnarsdóttir.**

Nýtt Skyr.is

Markmið:

## AÐ KOMAST Á HM UNDIR NÍTJÁN ÁRA

MEÐ ÞVÍ AÐ BÆTA MIG Í ÖLLUM SJÖ ÞRAUTUNUM

ARNA STEFANÍA GUÐMUNDSDÓTTIR




# Ert þú með SKYR markmið?

Skyr.is og skyr.is drykkurinn eru nú í nýjum og glæsilegum umbúðum sem skreyttar eru myndum af íslenskum fjöllum.

Vörðurnar á umbúðunum eru tákn um að heilbrigður lífstíll er ferðalag en ekki áfangastaður.

Í tilefni af nýju Skyr.is efnum við til átaks um markmiðasetningu. Á **www.skyr.is** getur þú tekið þátt í skemmtilegum leik með því að setja þér SKYR markmið og deila því með öðrum.

**Þú gætir unnið flug og gistingu fyrir tvo innanlands eða gjafabréf.**

Skyr.is

PRÓTEINRÍKT OG FITULAUST

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fjármunir, **6.** skammstöfun, **8.** festing, **9.** rénun, **11.** fyrirtæki, **12.** hroki, **14.** drabb, **16.** tveir eins, **17.** eru, **18.** forsögn, **20.** tveir eins, **21.** bannhelgi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** trúi, **3.** fæddi, **4.** fax, **5.** skilaboð, **7.** sjampó, **10.** samræða, **13.** blaður, **15.** yfirhöfn, **16.** kærleikur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. góss, 6. eh, 8. lím, 9. lát, 11. ms, 12. dramb, 14. slark, 16. áá, 17. séu, 18. spá, 20. ff, 21. tabú.
**LÓÐRÉTT:** 1. held, 3. öl, 4. símbréf, 5. sms, 7. hársápa, 10. tal, 13. mas, 15. kufl, 16. ást, 19. áb.




# Stríðið milli vídjóleiganna

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Ímyndum okkur að tvö fyrirtæki ráði ríkjum á einhverjum markaði, segjum vídjóleigumarkaðnum. Fyrirtækin tvö, Spólukóngurinn og Vídjóheimur, eru hvort um sig með helmingsmarkaðshlutdeild og bjóða bæði spólur á 500 krónur. Þar sem tekjurnar af hverri vídjóspólu eru hærri en heildsöluverð skila bæði fyrirtæki hagnaði.

**NÚ DETTUR** framkvæmdastjóra Spólukóngsins í hug að lækka leiguverð í 450 krónur til að lokka til sín viðskiptavini Vídjóheims. Bragðið gengur upp og hagnaður fyrirtækisins eykst. Þegar Vídjóheimur áttar sig lækkar fyrirtækið verð sitt í 400 krónur og nær aftur til sín kúnnunum og fjölda til viðbótar. Svona gengur þetta þar til að báðar leigur rukka kostnaðarverð fyrir spólur og hagnaður beggja hefur þurrkast út. Kraftar samkeppni hafa verið leystir úr læðingi neytendum til hagsbóta.

**FRAMKVÆMDASTJÓRAR** fyrirtækjanna eru eins og gefur að skilja ekki sáttir við breyttar aðstæður. Þeir hugsa með söknuði til gamla verðsins þegar bæði fyrirtæki högnuðust ágætlega og hittast því og ákveða að hækka verðið í 500 krónur á ný. Traust milli þeirra er hins vegar lítið og eru báðir hræddir um að hinn svíki samkomulagið. Þá dettur öðrum lausnin í hug. Verðvernd! Bæði fyrirtæki slá sig til riddara og lofa viðskiptavinum sínum að ef þeir finna vídjóspólu á lægra verði hjá samkeppnisaðilanum fái þeir endurgreitt. Hljómar eins og frábært mál fyrir neytendur. En, með þessum gjörningi hverfur hvati beggja fyrirtækja til að lækka verð sín og reyna að hagnast á kostnað hins. Með öðrum orðum hafa kraftar samkeppni verið teknir úr sambandi.

**ÞESSI** saga hljómar kannski ekki eins og hún eigi erindi við nokkurn mann. Sé nöfnunum á fyrirtækjunum hins vegar skipt út fyrir Húsasmiðjuna og Byko, svo einn markaður þar sem verðvernd er notuð sé nefndur, þá verður viðkvæðið mögulega annað. Hér á landi ríkir nefnilega víða fákeppni og verðvernd er eitt af brögðum leiksins. Ekki að það sé augljóst hvernig komi megi í veg fyrir fákeppni. Ísland er fámennt land og þar með lítill markaður. Hér eru fá tækifæri til að ná stærðarhagkvæmni og þar að auki er landið í nokkurri fjarlægð frá öðrum mörkuðum sem gerir það að verkum að dýrt er að flytja inn vörur auk þess sem þekking útlendinga á aðstæðum er minni fyrir vikið. Þá eru aðgangstakmarkanir inn á flesta markaði. Þessum atriðum verður ekki breytt svo auðveldlega en neytendur hafa þó eitt vopn í höndunum. Þeir geta verið meðvitaðir um fákeppnina og reynt að haga kaupum sínum þannig að viðskipti þeirra séu ekki öll við sömu eða fáu viðskiptablokkirnar.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fjöruverðlaunin í sjötta sinn

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, verða afhent í sjötta sinn sunnudaginn 19. febrúar í Iðnó. Sérstakur gestur hátíðarinnar er dansk/breski grínistinn og rithöfundurinn Sandi Toksvig sem heldur ræðu og svarar spurningum úr sal. Þá flytur Ljótikór nokkur lög.

Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum og eru þrjár bækur tilnefndar í hverjum þeirra. Í flokki fagurbókmennta eru tilnefndar bækurnar Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur, Kanill: ævintýri og örfá ljóð um kynlíf eftir Sigríði Jónsdóttur og Jarðnæði eftir Oddnýju Eiri Ævarsdóttur.

Í flokki fræðibóka bækurnar Mannvist, Sýnisbók íslenskra fornleifa eftir Birnu Lárusdóttur, Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903 eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur og Ríkisfang ekkert: flóttinn frá Írak á Akranes eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur.

Af barna- og unglingabókum eru tilnefndar Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur, Gegnum glervegginn eftir Ragnheiði Gestsdóttur og Með heiminn í vasanum eftir Margréti Örnólfsdóttur.

Dagskráin í Iðnó hefst klukkan 11 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.



**FJÖRUVERÐLAUNIN** Bryndís Björgvinsdóttir er tilnefnd til bókmenntaverðlauna kvenna í flokki barna- og unglingabóka fyrir Fluguna sem stöðvaði stríðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**UNDANFARI** Úr myndbandsinnsetningu Sigurðar Guðjónssonar.

# Undanfari í Hafnarborg

**Sýning á myndbandsinnsetningunni Undanfara eftir Sigurð Guðjónsson verður opnuð í Sverrissal Hafnarborgar fimmtudaginn 16. febrúar klukkan 17.**

**Áferð, litir og umhverfi þessa nýja verks Sigurðar bera með sér ákveðna fortíðarhyggju og í því ríkir undarleg stemning þar sem líkamleg nálægð, tómleiki umhverfisins og hljóð mynda tilfinningalegan þunga og drifkraft.**

**Sigurður lauk BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2003 og stundaði framhaldsnám við Listaakademíuna í Vín á árunum 2003 og 2004.**

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45
ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR
Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil
LJÁÐU OKKUR EYRA
FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Okkar hlutverk er að dreifa
fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.
Póst dreifing
Sími 585 8300 - www.postdreifing.is





2 **FYRSTA PLATA** Lönu Del Rey, Born to Die, hefur setið í tvær vikur á toppi breska vinsældalistans.

# Hæðir og lægðir Houston

**Söngkonan ástsæla Whitney Houston lést um síðustu helgi. Ferill hennar var frábær framan ef en dalaði mikið síðasta áratuginn í lífi hennar.**

## 1986

Platan Whitney Houston kemst í efsta sæti Billboard-listans í Bandaríkjunum og heldur því sæti í fjórtán vikur samfleytt. Smáskífulagið The Greatest Love of All kemst á toppinn. Hún vinnur sín fyrstu Grammy-verðlaun.



## 1985

Fyrsta platan, Whitney Houston, kemur út. Ballaðan Saving All My Love for You kemst á toppinn bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi. How Will I Know nær einnig toppsætinu í Bandaríkjunum.

## 1998-1999

Fyrsta platan í átta ár sem ekki tengist kvikmyndum, My Love Is Your Love, kemur út. Dúett Houston og Mariah Carey, When You Believe, úr teiknimyndinni The Prince of Egypt, vinnur Óskarsverðlaunin. Houston vinnur sín sjöttu Grammy-verðlaun.

## 1990

Þriðja platan, I'm Your Baby Tonight, kemur út. Lögin I'm Your Baby Tonight og All the Man That I Need fara á toppinn í Bandaríkjunum.

## 1987-1988



Önnur platan, Whitney, lítur dagsins ljós og lagið I Wanna Dance With Somebody (Who Loves Me) fer á toppinn í Bandaríkjunum og Bretlandi. Næstu þrjú smáskífulög, Didn't We Almost Have It All, So Emotional og Where Do Broken Hearts Go komast einnig á toppinn. Þar með hefur Houston átt sjö smáskífulög í röð á toppnum í Bandaríkjunum og bætir þar með met Bítlanna og The Bee Gees. Houston vinnur sín önnur Grammy-verðlaun.

## 1992



Giftist tónlistarmanninum Bobby Brown og ári síðar eignast þau dótturina Bobbi Kristina. Leikur í sinni fyrstu kvikmynd, The Bodyguard, á móti Kevin Costner. Hún fær misjafnar viðtökur gagnrýnenda en mjög góða aðsókn. Lagið I Will Always Love You verður gífurlega vinsælt og situr í toppsætinu í Bandaríkjunum í fjórtán vikur samfleytt.

## 2000



Ímynd hennar sem góða stúlkan bíður hnekki. Útliti hennar og heilsu hrakar, hún hættir að vera stundvís og grunur kviknar um eiturlyfjaneyslu hennar með eiginmanni sínum.

## 1991

Syngur bandaríska þjóðsönginn, The Star Spangled Banner, í hálfleik Ofurskálarinnar. Flutningurinn fær frábærar viðtökur og lagið er gefið út á smáskífu.



## 2002

Viðurkennir í viðtali við Diane Sawyer að hafa notað kókaín og önnur eiturlyf með Brown en neitar því að hafa notað krakk. Fimmta platan, Just Whitney, kemur út en fær ekki góðar viðtökur.

## 2006-2007

Sækir um skilnað við Bobby Brown eftir margra ára vandræði í hjónabandinu og árið eftir gengur skilnaðurinn í gegn. Houston fær forræði yfir dótturinni. Brown höfðar mál gegn Houston í von um að fá þeim dómi hnekkt en án árangurs.

## 2009



Gefur sitt fyrsta fjölmiðlaviðtal í sjö ár þegar hún ræðir við Opruh Winfrey. Þar viðurkennir hún að hafa notað eiturlyf daglega í hjónabandi sínu. Gefur út sína sjöundu og síðustu plötu, I Look to You, sem fær mjög góðar viðtökur. Fer í sína fyrstu tónleikaferð um heiminn í tíu ár. Ferðin gengur vel en einhverjir aðdáendur eru óánægðir með dalandi rödd Houston.

## 2012

Finnst látin á Beverly Hills-hótelinu í Kaliforníu, 48 ára.

# Doherty aftur pabbi

Suðurafríska fyrirsætan Lindi Hingston sagði í viðtali við Sunday Times í heimalandi sínu að sex vikna gamla dóttur sína, Aisling, ætti hún með söngvaranum og fíkniefnaneytandanum Pete Doherty.

Árið 2007 var framhjáhaldi Doherty og Hingston kennt um sambandsslit hans og ofurfyrirsætunnar Kate Moss. Bæði neituðu þau sök og Hingston var ekki par sátt við ásakanirnar. Hún kærði News of the World fyrir rógburð og neyddist blaðið, og önnur blöð sem fjölluðu um sambandið í kjölfarið, til að birta afsökunarbeiðni.

Doherty er enn ekki búinn að hitta barnið, enda er hann á skilorði fyrir kókaíneign og því óheimilt að ferðast til Suður-Afríku, en ef marka má orð fyrirsætunnar er hann í skýjunum yfir fæðingunni. Hún gefur þó ekkert upp um það hvernig sambandi hennar við söngvarann sé háttað og hvort þau eigi í ástarsambandi í dag.

Fyrir á Doherty soninn Astile með Lisu Moorish, sem á einnig barn með Liam Gallagher.



**PABBINN** Pete Doherty á barn með fyrirsætunni Lindi Hingston. Þau höfðu áður neitað því að hafa átt í ástarsambandi.

# Fyrir börn og barnalega

Bíó ★★★★☆

**Hugo**

Leikstjórn: Martin Scorsese

**Leikarar:** Asa Butterfield, Ben Kingsley, Chloë Grace Moretz, Sacha Baron Cohen, Ray Winstone, Jude Law, Christopher Lee, Helen McCrory, Michael Stuhlbarg, Emily Mortimer

Munaðarleysinginn Hugo Cabret býr á stórri lestarstöð í París á fjórða áratug síðustu aldar. Eftir að fyllibyttan frændi hans hverfur sporlaust tekur drengurinn ungi að sér hlutverk hans og viðheldur klukkum lestarstöðvarinnar og sér til þess að þær séu réttar. Hann þarf þó stöðugt að vera á varðbergi gagnvart leiðinlegum öryggisverði sem sendir flækingsbörn miskunnarlaust á munaðarleysingjahæli, hafi hann hendur í hári þeirra. En líf Hugo litla tekur breytingum þegar hann kynnist viðskotaillum eiganda leikfangaverslunar og ungri guðdóttur hans.

Martin Scorsese hefur hingað til eingöngu sinnt fullorðnum kvikmyndahúsagestum og því er spennandi að sjá hann spreyta sig á hreinræktaðri ævintýramynd fyrir alla aldurshópa. Sennilega var líka komið að því að hann þyrfti að söðla um og prófa eitthvað nýtt, en hans seinasta verk, sálfræðitryllirinn Shutter Island, var óvandað og misheppnað.

Í þetta sinn vandar hann til verka og útkoman er litrík og fjörug fjölskyldumynd sem flestir ættu að geta skemmt sér yfir. Asa Butterfield er þrælfínn í titilhlutverkinu og hvergi er veikan hlekk að finna í leikaraliðinu, þó að sumum kunni að finnast það furðulegt að allar þessar frönsku persónur tali ensku að hætti yfirstéttarfólks. Einnig langar mig að minnast sérstaklega á Sasha Baron Cohen, en hann fer á kostum í hlutverki leiðinlega öryggisvarðarins, og kitlar hláturtaugarnar ítrekað.

Þá fær áhugafólk um kvikmyndasögu heilmikið fyrir sinn snúð, en Hugo er hlaðin vísunum í upphafsár kvikmyndanna. Myndatakan er sérlega glæsileg en þó eru nokkur skot í myndinni sem minna meira á tölvuleik en kvikmynd. Ef til vill geðjast einhverjum að slíku, en á mig virkaði það truflandi og algjör óþarfi. Þrátt fyrir það býr myndin yfir nægilegum töfrum til að úr verði gott ævintýri.

**Haukur Viðar Alfreðsson**



**LITRÍK** Hugo er fjörug fjölskyldumynd sem flestir ættu að geta skemmt sér yfir.

**Niðurstaða:** Heillandi mynd fyrir börn og barnalegt fólk á öllum aldri. Ég skal glaður setja sjálfan mig í síðari flokkinn.




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa **70%** íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




**Allt sem þú þarft...**

SAMBÍÓIN SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO Með texta | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| HUGO Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| HUGO Ótextuð | kl. 8 - 10:40 | 3D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:30 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO textalaus í 3D | kl. 8 | 3D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| WAR HORSE | kl. 8 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:30 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| THE HELP | kl. 5 | L |
| WAR HORSE | kl. 8 | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| HUGO ÓTEXTUÐ | kl. 10:40 | 3D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| WAR HORSE | kl. 10:20 | 2D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensk tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHAME | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| WAR HORSE | kl. 8 | 2D | 12 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 10:50 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 8 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:45 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO MEÐ TEXTA | kl. 5:30 | 2D | 10 |
| HUGO Ótextuð | kl. 8 | 3D | 10 |
| SAFE HOUSE | kl. 10:30 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| PUSS IN BOOTS ÍSL TAL | kl. 6 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SAFE HOUSE | 5.45, 8, 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | 6 - ISL TAL |
| CHRONICLE | 8 |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| CONTRABAND | 10 |
| THE IRON LADY | 5.50 |

Þriðjudagur er tilboðsdagur.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SAFE HOUSE LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.45 | 10 |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE GREY | KL. 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 9 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

**BORGARBÍÓ** ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

| | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 10 |
| CHRONICLE | KL. 8 | 12 |
| CONTRABAND | KL. 6 | 16 |
| THE GREY | KL. 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




**BROSANDI ÚT AÐ EYRUM** Adele var sigurvegari kvöldsins með heil sex verðlaun.



**APPELSÍNUGULT** Fergie stal senunni í appelsínugulum blúndukjól sem sýndi glögglega svört nærfötin.

# Adele með fangið fullt af verðlaunum

**Það var breska söngkonan Adele sem var sigurvegari Grammy-verðlaunanna 2012 sem fóru fram í Los Angeles á sunnudagskvöldið. Adele fór heim með alls sex styttur en lag hennar, Rolling in the Deep, var valið lag ársins og platan 21 var plata ársins.**

Þessi árlega uppskeruhátíð tónlistar fór fram í skugga fráfalls Whitney Houston og voru margir sem minntust söngkonunnar hæfileikaríku í ræðum sínum. Til dæmis söng klökk Jennifer Hudson lagið I Will Always Love You við mikinn fögnuð viðstaddra. Kjólarnir voru hver öðrum glæsilegri sem og buxnadragtir, en þær virðast vera það heitasta í ár.

## HELSTU VINNINGSHAFAR GRAMMY

**Lag ársins:** Rolling In The Deep - Adele
**Plata ársins:** 21 - Adele
**Nýliði ársins:** Bon Iver
**Sviðsframkoma ársins:** Someone Like You - Adele
**Dúett ársins:** Body and Soul - Tony Bennett og Amy Winehouse
**Rokklag ársins:** Walk - Foo Fighters
**Rokkplata ársins:** Wasting Light - Foo Fighters
**R&B lag ársins:** Fool For You - Cee Lo Green og Melanie Fiona
**R&B plata ársins:** F.A.M.E. - Chris Brown
**Rapplag ársins:** All of the Lights - Kanye West, Rihanna, Fergie og Kid Cudi
**Kántrílag ársins:** Mean - Taylor Swift



**KYNNIRINN** LL Cool J var kynnir kvöldsins í velúrjakka en hann fór með bæn fyrir Whitney Houston í upphafi kvölds.



**BERT BAK** Rihanna skartaði ljósu hári og svörtum kjól sem var bæði fleginn að framan og aftan.



**JAKKAFÖT** Sænska söngkonan Lykke Li mætti með gelað hárið í svörtri buxnadragt.


LYFJA – Lifið heil
www.lyfja.is




Sunny Green Spirulina
Eykur brennslu, þrek og þol.
Fyrir þig í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 58218 01/12

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**ÞRIÐJUDAGUR:** A DANGEROUS METHOD **18:00, 20:00, 22:00** ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** STRÍÐSYFIRLÝSING 20:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *SÁ SEM KALLAR* 18:00 ■ **FRÖNSK HÁTÍÐ:** *BARNSFAÐIRINN* 22:00 ■ **EDDA 2012:** STUTTMYNDIR EDDU 18:00 ■ **EDDA 2012:** BORGRÍKI 20:00 ■ **EDDA 2012:** BAKKA BALDUR 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00, 20:00

ÍSL. TEXTI *ENGL. SUBT.*

**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ:** 850 kr. miðinn!



# The Artist kom, sá og sigraði á BAFTA

Þögla myndin The Artist, í leikstjórn Michel Hazanavicius, hlaut alls sjö verðlaun eftir tólf tilnefningar þegar hin bresku BAFTA-verðlaunum voru afhent í 65. skiptið síðastliðið sunnudagskvöld.

The Artist var valin besta myndin og Hazanavicius var óneitanlega maður kvöldsins með verðlaun fyrir leikstjórn og besta frumsamda handritið.

Frakkinn Jean Dujardin fékk styttuna sem besti leikari í aðalhlutverki fyrir The Artist, og Meryl Streep sem besta leikkonan fyrir túlkun sína á Margreth Thatcher í myndinni The Iron Lady. Þetta voru önnur verðlaun hinnar 62 ára gömlu leikkonu sem hefur þó verið tilnefnd fjórtán sinnum á síðustu fimm áratugum. Colin Firth afhenti Streep verðlaunin og kom henni til bjargar þegar hún missti skóinn sinn.

Kvikmyndin Tinker Tailor Soldier Spy, í leikstjórn hins sænska Tomas Alfredson, fór inn í kvöldið með ellefu tilnefningar en þurfti oftar en ekki að láta í minni pokann fyrir The Artist. Hún var þó valin besta breska myndin og hlaut verðlaun fyrir besta handritið byggt á áður útgefnu efni. Þegar Peter Straughan, annar handritshöfunda myndarinnar, tók við þeim verðlaunum sló hann á létta strengi og þakkaði The Artist fyrir að vera með frumsamið handrit.

Leikarinn ungi, Adam Deacon, vann kosningu almennings um bestu rísandi stjörnuna. Athygli vakti að engin kona var tilnefnd í þeim flokki og er þetta í fyrsta skipti sem það gerist.



**THE ARTIST MEÐ STÆRSTU VERÐLAUNIN** Jean Dujardin, Thomas Langmann og Michel Hazanavisius stilltu sér upp með þeim Russell Crowe og Hugh Jackman.



**SAMRAIS** Hljómsveitin Samaris vann Músíktilraunir í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skráning í Tilraunirnar

**Skráning í Músíktilraunir 2012 hefst 20. febrúar og því þurfa flytjendur að hefja undirbúning fyrir umsókn á næstunni.**

**Hljómsveitin Samaris vann Músíktilraunir í fyrra. Tónlistarhátíðin hefst 23. mars og lýkur með úrslitakvöldi í Austurbæ, 31. mars. Hljómsveitir á borð við Kolrössu krókríðandi, Botnleðju, Maus, Mínus, Jakobínarínu, Agent Fresco og Of Monsters and Men hafa allar náð góðum árangri eftir að hafa sigrað keppnina.**

**Opið er fyrir umsóknir til 5. mars og þarf að skila inn tveimur lögum með hverri umsókn.**



**VILL FRAMHALD** Ridley Scott vill gera framhald af Prometheus.

# Framhald af Prómetheus

**Leikstjórinn Ridley Scott vill taka upp framhald myndarinnar Prometheus, þrátt fyrir að enn eigi eftir að frumsýna fyrstu myndina sem var að hluta til tekin upp hérlendis síðasta sumar.**

**„Það var svo rosalega gaman að snúa aftur í vísindaskáldskapinn að mig langaði að snúa mér aftur í Blade Runner,“ sagði Ridley, sem sendi frá sér Blade Runner árið 1982. „Ég er líka að hugsa um hvernig ég gæti mögulega búið til Prometheus 2.“ Meðal leikara í Prometheus eru Noomi Rapace, Charlize Theron og Patrick Wilson.**


Voltaren Dolo

- nú tvöfalt sterkara en áður!




Hvað er það?

- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi
- Hitalækkandi

Hvernig virkar það?

- Dregur úr verkjum innan hálftíma
- Verkjastillandi áhrif í allt að 6 klst.
- Voltaren Dolo 25 mg er lítil tafla, sem auðvelt er að gleypa.

Við hverju?

- Vöðva- og liðverkjum
- Kvefi og inflúensueinkennum, eins og hita og höfuðverk
- Höfuðverk
- Tíðaverkjum
- Tannpínu

Voltaren

NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

*Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.*

Voltaren Dolo® inniheldur 25mg kalíumdíklófenak. Notað við vægum verkjum eins og höfuðverk, tannverk, tíðaverk, gigt- og bakverk. Upphafsskammtur er 1 tafla, en síðan 1 tafla á 4-6 klukkustunda fresti, þó mest 3 töflur (75 mg) á sólarhring. Að hámarki 3 sólarhringar. Gæta skal varúðar hjá þeim sem eru með magasár. Einstaklingar sem eru með ofnæmi fyrir acetýlsalicýlsýru eða öðrum innihalds efnum eiga ekki að nota lyfið. Lyfið má ekki nota samhliða blóðþynnandi lyfjum, þvagræsilyfjum og lyfjum sem innihalda litíum, nema samkvæmt fyrirmælum læknis. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren Dolo í samráði við lækni. Börn yngri en 14 ára mega ekki nota Voltaren Dolo. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# sport

sport@frettabladid.is



**NJARÐVÍK OG SNÆFELL** tryggðu sér sæti í úrslitaleik Powerade-bikars kvenna í körfubolta í gærkvöldi. Snæfell vann stórsigur á Stjörnunni en Njarðvík vann dramatískan sigur á Haukum eftir framlengingu. Þar með er ljóst að nýtt félag vinnur bikarinn á laugardaginn kemur. Snæfellskonur eru komnar í Höllina í fyrsta sinn en Njarðvík hefur tapað fyrstu þremur bikarúrslitaleikjum sínum þar af þeim síðasta á móti KR fyrir áratug.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Eimskipsbikar ka. undanúrs.*

**HK - Fram** **23-24 (10-14)**

**Mörk HK (skot):** Bjarki Már Elísson 7/3 (10/4), Atli Ævar Ingólfsson 5 (6), Ólafur Bjarki Ragnarsson 4 (7), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 2 (4), Tandri Már Konráðsson 2 (4), Atli Karl Bachmann 2 (4), Leó Snær Pétursson 1 (2), Ólafur Víðir Ólafsson (5),
**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 5 (20/2, 25%), Arnór Freyr Stefánsson 4/1 (13/3, 31%),
**Hraðaupphlaup:** 5 (Bjarki Már 3, Atli Ævar, Sigurjón)
**Fiskuð víti:** 4 (Tandri Már Konráðsson 2, Atli Ævar, Leó Snær)
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Stefán Baldvin Stefánsson 8/4 (12/5), Róbert Aron Hostert 5 (10), Einar Rafn Eiðsson 3 (4), Sigurður Eggertsson 3 (4), Jóhann Gunnar Einarsson 2 (4), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Ægir Hrafn Jónsson 1 (1), Halldór Jóhann Sigfússon 1 (3), Sigfús Páll Sigfússon (1), Arnar Birkir Hálfdánsson (1),
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 9 (29/3, 31%), Sebastian Alexandersson 2 (5, 40%),
**Hraðaupphlaup:** 3 (Stefán Baldvin 2, Ingimundur)
**Fiskuð víti:** 5 (Halldór 2, Róbert Aron, Jóhann Gunnar, Ægir Hrafn)
**Utan vallar:** 6 mínútur.

### *Poweradebikar kv. undanú.*

**Snæfell-Stjarnan** **101-55 (45-29)**

**Stig Snæfells:** Hildur Sigurdardottir 22 (10 frák./14 stoðs./5 stolnir), Hildur Björg Kjartansdóttir 22, Alda Leif Jónsdóttir 15, Jordan Lee Murphree 12, Kieraah Marlow 12, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 8 (8 frák./6 stolnir), Sara Mjöll Magnúsdóttir 8, Ellen Alfa Högnadóttir 2.
**Stig Stjörnunnar:** Bára Fanney Hálfdanardóttir 15, Guðrún Ósk Guðmundsdóttir 11, Heiðrún Ösp Hauksdóttir 10, Andrea Pálsdóttir 7, Hanna S. Hálfdanardóttir 7, Bryndís Hanna Hreinsd. 5.

**Njarðvík-Haukar** **75-73 (37-33, 67-67)**

**Stig Njarðvíkur:** Shanae Baker-Brice 38 (12 frák./7 stoðs./5 stolnir), Petrúnella Skúladóttir 16, Lele Hardy 13 (16 frák./7 stolnir/5 varin), Ína María Einarsdóttir 3, Andrea Björt Ólafsdóttir 2, Salbjörg Sævarsdóttir 2, Ólöf Helga Pálsdóttir1.
**Stig Hauka:** Jence Ann Rhoads 29 (10 frák./6 stoðs.), Margrét Rósa Hálfdánardóttir 20, Hope Elam 11 (17 frák.), Íris Sverrisdóttir 7, María Lind Sigurðardóttir 2, Guðrún Ósk Ámundardóttir 2/7 fráköst, Sara Pálmadóttir 2/5 fráköst.

### *Iceland Express karla í körfu*

**Grindavík-Valur** **119-81 (67-38)**

**Stig Grindavíkur:** J'Nathan Bullock 19 (10 frák.), Páll Axel Vilbergsson 16, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 15, Jóhann Árni Ólafsson 14, Ólafur Ólafsson 11, Björn Steinar Brynjólfsson 9, Ómar Örn Sævarsson 9, Giordan Watson 8 (11 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 7, Þorsteinn Finnbogason 6, Ármann Vilbergsson 3, Ryan Pettinella 2.
**Stig Vals:** Snorri Þorvaldsson 19, Birgir Björn Pétursson 16, Benedikt Blöndal 14, Ragnar Gylfason 13, Hlynur Logi Víkingsson 9, Alexander Dungal 8, Hamid Dicko 2.

**Keflavík-KR** **95-83 (31-37)**

**Stig Keflavíkur:** Jarryd Cole 35 (16 frák.), Magnús Þór Gunnarsson 19 (7 stoðs.), Charles Michael Parker 15, Kristoffer Douse 12, Almar Stefán Guðbrandsson 7, Valur Orri Valsson 5, Halldór Örn Halldórsson 2.
**Stig KR:** Dejan Sencanski 25, Robert Lavon Ferguson 24 (10 frák./3 varin), Joshua Brown 10, Hreggviður Magnússon 6, Martin Hermannsson 4, Finnur Atli Magnusson 4, Skarphéðinn Freyr Ingason 4, Jón Orri Kristjánsson 3, Björn Kristjánsson 2, Emil Þór Jóhannsson 1.

**ÍR-Tindastóll** **92-96 (42-46)**

**Stig ÍR:** Nemanja Sovic 24, Robert Jarvis 19, Hjalti Friðriksson 19, Eiríkur Önundarson 16, Ellert Arnarson 5, Þorvaldur Hauksson 5, Kristinn Jónasson 2, Níels Dungal 2.
**Stig Tindastóls:** Maurice Miller 22 (8 frák./7 stoðs.), Curtis Allen 18, Igor Tratnik 17 (15 frák./3 varin), Svavar Atli Birgisson 11, Helgi Rafn Viggósson 11, Þröstur Leó Jóhannsson 6, Friðrik Hreinsson 4, Helgi Freyr Margeirsson 4, Hreinn Gunnar Birgisson 3.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **16** | **15** | **1** | **1460-1241** | **30** |
| Keflavík | 16 | 11 | 5 | 1457-1333 | 22 |
| **KR** | **16** | **10** | **6** | **1404-1372** | **20** |
| Stjarnan | 16 | 10 | 6 | 1415-1336 | 20 |
| **Þór Þ.** | **16** | **10** | **6** | **1365-1296** | **20** |
| Snæfell | 16 | 9 | 7 | 1512-1424 | 18 |
| **Fjölnir** | **16** | **7** | **9** | **1366-1427** | **14** |
| Tindastóll | 16 | 7 | 9 | 1370-1443 | 14 |
| **Njarðvík** | **16** | **7** | **9** | **1345-1362** | **14** |
| ÍR | 16 | 6 | 10 | 1386-1463 | 12 |
| **Haukar** | **16** | **4** | **12** | **1229-1331** | **8** |
| Valur | 16 | 0 | 16 | 1214-1495 | 0 |

### *Reykjavíkurmót karla í fótb.*

**Fram-KR** **5-0 (3-0)**

1-0 Steven Lennon (3.), 2-0 Lennon (4.), 3-0 Lennon (38.), 4-0 Lennon (54.), 5-0 Lennon, víti (80.). Fram varð Reykjavíkurmeistari.

### *Sænski körfuboltinn*

**Sodertelje-Solna** **87-84 (40-43)**

**Logi Gunnarsson** skoraði 16 stig þar af 10 þeirra á fyrstu 12 mínútunum þegar Solna komst í 29-15. Solna var búið að vinna sjö leiki í röð.

# Er Barca enn besta liðið?

**Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar byrja í kvöld og augu flestra verða á leik Evrópumeistara Barcelona sem hafa ekki verið alltof sannfærandi en munu heimsækja þýska liðið Bayer Leverkusen. Reynir Leósson þekkir vel til liðanna.**

**FÓTBOLTI** Meistaradeild Evrópu hefst á ný eftir vetrarhlé í kvöld og fara fram tveir leikir í 16-liða úrslitum keppninnar. Þar ber hæst leikur Evrópumeistaraliðs Barcelona frá Spáni sem mætir Bayer Leverkusen í Þýskalandi. Franska liðið Lyon tekur á móti APOEL frá Kýpur í hinni viðureign kvöldsins. Báðir leikirnir eru í beinni útsendingu á Stöð 2 sport og að venju verður ítarleg umfjöllun um viðureignirnar fyrir og eftir leik.

Knattspyrnumaðurinn Reynir Leósson er líkt og aðrir fótboltaáhugamenn spenntur yfir því að Meistaradeildin sé að hefjast á ný – en Reynir er einn af sérfræðingunum í Meistaradeildarþáttunum á Stöð 2 sport. Upphitun fyrir leikina hefst kl. 19.00 þar sem Þorsteinn J. Vilhjálmsson ræðir um viðureignirnar við sérfræðingana Reyni og Pétur Marteinsson.

„Það verður spennandi að sjá hvar Þjóðverjar standa í samanburðinum við besta félagslið heims undanfarin misseri," sagði Reynir þegar hann var spurður um við hverju má búast í stórleik Bayer Leverkusen og Barcelona. „Það má ekki gleyma því að að Barcelona skoraði 4 mörk að meðaltali í útileikjum sínum í riðlakeppninni. Það er mikið afrek og aðeins frábær lið sem gera slíkt."

Barcelona sigraði með yfirburðum í H-riðli þar sem liðið vann 5 leiki og gerði eitt jafntefli. Leverkusen endaði í öðru sæti með 10 stig í E-riðli á eftir Chelsea sem fékk 11 stig.

Aðspurður segir Reynir að Leverkusen sé með frábæra leikmenn sem vert sé að veita athygli.

„Leverkusen er með stóran kjarna af Þjóðverjum í liðinu, en það eru yfirleitt 8-9 þýskir leikmenn í byrjunarliðinu. Framherjinn stæðilegi Stefan Kiessling er spennandi leikmaður, stór og sterkur, um 1,90 m á hæð, og gríðarlega sterkur skallamaður. Hann hefur reyndar aðeins skorað eitt mark á tímabilinu en er samt sem áður hættulegur leikmaður. Kantmennirnir Sidney Sam og André Schürrle eru hraðir og tekniskir ungir leikmenn frá Þýskalandi. Þetta eru nöfn sem vert er að leggja á minnið."

Að mati Reynis verður róðurinn þungur hjá Leverkusen. „Ég tel að úrslitin í þessum leik ráðist á miðsvæðinu. Þar ræður Barcelona ríkjum þrátt fyrir að liðið hafi aðeins hikstað eftir tilkomu Fabregas. Ég ætla samt sem áður ekki að afskrifa Leverkusen alveg strax. Þeir mega ekki gefa of mikið svæði á milli varnar og miðju fyrir miðjumenn Barcelona til þess að athafna sig. Ekkert lið getur komist upp með það að láta slitna á milli miðju og varnar gegn Barcelona.

Í sóknarleiknum gæti Leverkusen nýtt sér veikleika í vörn Barcelona. Þeir þurfa að senda margar fyrirgjafir inn í vítateiginn og láta miðverði Barcelona hafa fyrir því. Þeir hafa oft lent í vandræðum með háa og líkamlega sterka leikmenn. Hápressan hefur ekki verið að virka hjá Barcelona í deildinni að undanförnu. Það er ástæðan fyrir því að þeir hafa verið að fá svona mörg mörk á sig. Varnarlínan hefur fengið of mikið að gera eftir lélega pressu. Það er lykilatriðið fyrir Leverkusen að þora að halda boltanum, spila sig í gegnum pressuvörnina hjá Barcelona, koma boltanum út á kantana og fá góðar fyrirgjafir. Ef þeim tekst það gætu þeir sært Barcelona líkt og Osasuna gerði í síðustu umferð spænsku deildarkeppninnar," sagði Reynir Leósson.

**seth@frettabladid.is**



**HALDA ÞEIR ÁFRAM AÐ HIKSTA?** Lionel Messi og félagar í Barcelona hafa verið í vandræðum heima að undanförnu, en verða í Þýskaland í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY



**HELGA MARGRÉT** Keppir í fimmtarþraut í Hollandi um næstu helgi.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir:

## Annað met á dagskránni

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ármenningurinn Helga Margrét Þorsteinsdóttir tekur þátt í fimmtarþraut í Hollandi um næstu helgi þar sem hún mun reyna að bæta Íslandsmet sitt sem hún setti í Eistlandi fyrir rúmum tveimur vikum. Þetta verður seinni þraut Helgu á innanhússtímabilinu en árangurinn í Tallinn (4298 stig) skilaði henni sextánda sætinu á heimslistanum.

„Helga hefur mikla möguleika á að bæta metið um helgina en það fer mjög líklega eftir því hvort henni tekst að hlaupa hraðar í grindahlaupinu og stökkva lengra í langstökkinu þar sem árangurinn í kúluvarpi, hástökki og 800 metra hlaupi hefur verið góður að undanförnu. Í augnablikinu er Helga í sextánda sæti heimslistans en getur komist á topp 10 ef henni tekst vel upp um helgina," segir í fréttatilkynningu frá Vésteini Hafsteinssyni.

**- óój**

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Í myndatöku á morgun

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen er á leiðinni í myndatöku á morgun þar sem kemur í ljós hversu vel beinin í fæti hans hafa gróið en Eiður Smári tvíbrotnaði á fæti í leik með AEK Aþenu á móti Olympiacos þann 15. október. Þetta kom fram á vefsíðunni fótbolti.net í gær.

Sé beinið gróið þá má búast við því að það taki Eið Smára sjö til átta vikur að komast inn á völlinn á nýjan leik en hann væri þá búinn að vera frá í sex mánuði.

**- óój**

Ótrúlegt sigurmark beint úr aukakasti tryggði Fram sæti í úrslitum Eimskipsbikarsins í handbolta karla:

# Sigurður Eggerts skaut Fram í Höllina

**HANDBOLTI** Fram tryggði sér sæti í úrslitum Eimskipsbikars karla í gærkvöld með ótrúlegum 23-24 sigri á HK á útivelli.

Sigurður Eggertsson skoraði sigurmarkið fyrir Fram beint úr aukakasti eftir að leiktíminn var liðinn. „Ég hef oft verið með klikkaða menn og það er á svona stundum sem þeir eru sigurvegarar og nú erum við að græða á því," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, í leikslok.

„Annað liðið þurfti að vinna. Við vorum yfir allan leikinn og vorum mjög flottir í leiknum. Við vorum orðnir þreyttir undir lokin og með menn nýstigna upp úr meiðslum. Róbert Aron, Ingimundur og Jóhann Gunnar voru allir að spila sinn fyrsta leik á árinu og eðlilega vorum við orðnir þreyttir en við héldum haus og ég er ótrúlega stoltur af liðinu að klára þetta. Við sýndum hversu megnugir við erum," sagði Einar.

„Nú er dúkurinn fram undan. Ég get ekkert verið heima að horfa á sjónvarpið þegar það eru bikarúrslit. Þess vegna tók ég við karlaliðinu," sagði Einar sem fagnaði sigri í bikarnum með kvennalið Fram síðustu tvö árin.

Framarar mæta Haukum í úrslitaleiknum sem fram fer 25. febrúar næstkomandi. Framarar hafa ekki unnið bikarinn í tólf ár en voru síðast í bikarúrslitaleiknum fyrir fjórum árum.

**-gmi**



**HETJA FRAMARA Í GÆR** Sigurður Eggertsson liggur hér í gólfinu eftir baráttu við Atla Ævar Ingólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Stöð 2 Sport kl. 19.00
## Meistaradeild Evrópu

***Evrópumeistarar Barcelona mæta Bayern Leverkusen í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Umgjörðin í kringum Meistaradeildina er glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Þorsteinn J. mun stýra upphitun fyrir leikina og honum til halds og trausts verða Pétur Marteinsson, Reynir Leósson og Heimir Guðjónsson. Strax að leik loknum munu þeir síðan fara yfir allt það helsta úr leikjum kvöldsins og kryfja þá til mergjar.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON SPJALLAÐI Í MÖTUNEYTI

# *Alltaf góður!*



„Sam Neill er alltaf góður," muldraði vinnufélagi í mötuneytinu um daginn þegar sjónvarpsþáttaröðin Alcatraz, sem skartar téðum nýsjálenskum Neill í burðarhlutverki og hefur nýlega hafið göngu sína á Stöð 2, barst í tal. Við samþykktum möglunarlaust. „Er það?", spurði þá annar kollegi við borðið eftir nokkra þögn. „Er Sam Neill alltaf góður?" Eftir nokkrar vangaveltur varð sameiginleg niðurstaða sú að svarið væri nei. Sam Neill væri, þvert á fyrri yfirlýsingar, verulega sjaldan góður núorðið.

Hann hefði hins vegar einu sinni verið góður, í fyrndinni í fjarlægu sólkerfi, og lifði því á fornri frægð í hugum margra sem alla jafna eru ekkert sérstaklega uppteknir af Sam Neill og afrekum hans. Heilabúin hefðu hreinlega ekki enn náð að skrásetja þá staðreynd að Sam Neill er fyrir lifandis löngu búinn að missa það.

Samræðurnar kölluðu á frekari vangaveltur í þessa veru. Til að spara lesendum tíma er rétt að greina frá helstu niðurstöðum þeirra hér og nú: Anthony Hopkins, Kevin Spacey og Robert De Niro voru, rétt eins og Sam Neill, einu sinni góðir en eru búnir að missa það. Uppfærslu lokið.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Samsöngur úr norðri **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (45:52)
**17.31 Þakbúarnir**
**17.43 Skúli skelfir** (7:52)
**17.55 Hið mikla Bé** (5:20)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Tracy Ullman lætur móðan mása** (State of the Union)
**19.00 Fréttir**
**19.22 Kastljós**
**19.30 Veðurfréttir**
**20.00 360 gráður** Íþrótta- og mannlífsþáttur. Umsjónarmenn: Einar Örn Jónsson og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.
**20.35 Krabbinn** (8:13) (The Big C)
**21.05 Fum og fát** (Panique au village)
**21.10 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dulnefni: Hunter** (3:6) (Kodenavn Hunter) Norsk spennuþáttaröð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (7:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.40 Her Best Move**
**10.20 Pink Panther II**
**12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.00 Her Best Move**
**16.00 Pink Panther II**
**18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**20.00 The Curious Case of Benjamin Button**
**22.40 Planet Terror**
**00.25 The Condemned**
**02.15 Wordplay**
**04.00 Planet Terror**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (1:23)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (102:175)
**10.15 Wonder Years** (10:23)
**10.40 Total Wipeout** (6:12)
**11.40 Ljósvakavíkingar - Stöð 2** (1:5) Ný og vönduð heimildarmynd, þar sem rakinn er aðdragandi, stofnun og saga Stöðvar 2 í máli og myndum. Tilefni myndarinnar er aldarfjórðungsafmæli Stöðvar 2.
**12.10 Two and a Half Men** (3:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X Factor** (1:26)
**14.25 The X Factor** (2:26)
**15.50 Sjáðu**
**16.15 iCarly** (9:25)
**16.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (21:22)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (2:22)
**19.40 Til Death** (7:18)
**20.05 Modern Family** (11:24)
**20.30 Mike & Molly** (23:24)
**20.55 Chuck** (22:24
**21.40 Burn Notice** (6:20) Spennuþættir um njósnarann Michael Westen.
**22.25 Community** (19:25)
**22.50 The Middle** (17:24)
**23.15 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (6:10)
**23.40 Grey's Anatomy** (13:24)
**00.25 Gossip Girl** (2:24)
**01.10 Pushing Daisies** (1:13)
**01.55 Big Love** (2:9)
**02.50 The Elementary Particles**
**04.35 Modern Family** (11:24)
**05.00 Mike & Molly** (23:24)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 EAS þrekmótaröðin**
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**19.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins.
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Bayer Leverkusen - Barcelona** BEINT 16 liða úrslit.
**21.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.10 Meistaradeild Evrópu: Lyon - APOEL** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum.
**00.00 Meistaradeild Evrópu: Bayer Leverkusen - Barcelona** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum.
**01.50 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 Swansea - Norwich**
**16.15 Man. Utd. - Liverpool**
**18.05 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina.
**19.00 Wolves - WBA**
**20.50 Aston Villa - Man. City**
**22.40 Football League Show**
**23.10 Everton - Chelsea**

## EXTRA

**19.10 The Doctors** (48:175)
**19.50 Bones** (18:22)
**20.35 Better Of Ted** (7:13)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Block** (7:9)
**22.35 The Glades** (7:13)
**23.25 V** (3:10)
**00.10 Supernatural** (3:22)
**00.55 Twin Peaks** (8:22)
**01.45 Malcolm In The Middle** (2:22)
**02.10 Til Death** (7:18)
**02.35 Bones** (18:22)
**03.20 The Doctors** (48:175)
**04.00 Íslenski listinn**
**04.25 Sjáðu**
**04.50 Fréttir Stöðvar 2**
**05.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 Minute To Win It** (e)
**15.45 90210** (5:22) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Live To Dance** (6:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (16:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond**
**19.45 Will & Grace** (5:27) (e)
**20.10 Matarklúbburinn** (1:8) Í þessum fyrsta þætti heimsækir Hrefna matreiðslumanninn Jakob sem eldar hefðbundinn íslenskan heimilismat sem hún nútímavæðir svo.
**20.35 Innlit/útlit** (1:8) Sesselja Thorberg og Bergrún Íris Sævarsdóttir leggja áherslu á spennandi hönnun, húsráð og sniðugar lausnir fyrir heimilið. Nýtt og notað verður saman í bland og Fröken Fix verður á sínum stað með sín hagnýtu og skemmtilegu ráð.
**21.05 The Good Wife** (3:22)
**21.55 Prime Suspect** (4:13)
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 CSI** (6:22) (e)
**00.20 The Good Wife** (3:22) (e)
**01.10 Flashpoint** (6:13) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** AT&T Pebble Beach 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** AT&T Pebble Beach 2012 (2:4) **15.50** Dubai Desert Classic (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (6:45) **19.45** Dubai Desert Classic (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2010 **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **08.40** Dalziel and Pascoe **10.20** Come Dine With Me **11.10** EastEnders **11.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.30** Keeping Up Appearances **14.30** My Family **15.35** QI **16.35** Top Gear **17.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.15** Come Dine With Me **19.05** QI **20.05** Lee Evans. XL **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Nighty Night **22.45** Live at the Apollo **23.30** Keeping Up Appearances **01.30** Dalziel and Pascoe **03.15** Keeping Up Appearances **04.45** My Family

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Lykke **12.35** Aftenshowet **13.30** Kæft, trit og flere knus **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Mira og Marie **15.05** Benjamin Bjørn **15.20** Timmy-tid **15.30** Lille Nørd **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Skattejægerne **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Hammerslag **19.30** Hjælp, vi skal føde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Johan Falk. Leo Gaut **22.35** Maria Wern. Fremmed fugl **23.20** OBS **23.25** Rockford

## NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.05** Salt & Pepper **13.35** Snowboard med Jake Blauvelt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Min bjørnefamilie **16.00** NRK nyheter **16.10** Redd menig Osen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sherlock **22.00** Kveldsnytt **22.15** Ei verd av kart **22.45** Wallander **23.35** Redd menig Osen

## svt1

**09.00** Fråga doktorn **09.45** Fallet Keith **10.45** Livet på Laerkevej **11.30** Drömmen om landet **12.30** Skavlan **13.30** Kärlek och störtlopp **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Min stad **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Mot alla odds **20.00** Veckans brott **21.00** Grammis 2012 **22.30** Ljus i skymningen **23.45** Rapport **23.50** 30 grader i februari **00.45** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar Tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Ódýrast!
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur

# Ofurdagur




## 7 kr.

afsláttur af lítranum í dag*




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM49890

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Ef ég fer út að borða fer ég yfirleitt á Gló. Það er alltaf gott að borða þar og ég fæ mér alltaf hráfæðisréttinn þeirra en pitsurnar eru í sérstöku uppáhaldi.*

Ebba Guðný Guðmundsdóttir matgæðingur.

# Kenna fólki að finna ástina á námskeiði

„Ég veit ekki hvort einhver hefur náð sér í maka eftir síðasta námskeið. Það kemur í ljós þegar við hittumst aftur núna í byrjun mars,“ segir dr. Gyða Eyjólfsdóttir.

Gyða og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingur standa fyrir námskeiði í makaleit sem verður haldið á ný í lok febrúar. Hugmyndin kviknaði út frá samtali sem Gyða átti við vinkonu sína sem er amerískur sálfræðingur sem var í makaleit. Sú var að tala um heimasíðuna Match.com þar sem fólk getur skráð sig inn og leitað sér að stefnumótum og Gyðu fannst vanta eitthvað álíka spennandi hingað til lands.

„Allir þurfa að koma í viðtal áður en námskeiðið hefst þar sem þarf að fylla út nokkur sálfræðileg próf og fundið er út hvar hver einstaklingur er staddur í þessum efnum,“ segir Gyða og bætir við að það sé mismunandi hversu vel og á hvaða hátt námskeiðið nýtist fólki og að þátttakendur læri mikið hver af öðrum.

Námskeiðið er samvinnuverkefni Kvíðameðferðastöðvarinnar og Sálarafls og kostar 60.000 krónur. Fyrsta námskeiðið var haldið í lok síðasta árs og 15 manns voru þá skráðir, bæði konur og karlar. Gyða og Sóley hitta þátttakendur átta sinnum, í tvo tíma í senn, og svo hittist hópurinn aftur þremur mánuðum eftir að námskeiðinu lýkur til að taka stöðuna.

Skráning er hafin fyrir næsta námskeið sem hefst 28. febrúar næstkomandi.

- trs



**KOMA TIL BJARGAR** Gyða og Sóley ætla að kenna fólki makaleit á sérstöku námskeiði.





ERNA EINARSDÓTTIR: GLAMÚRÍMYNDIN FLJÓT AÐ FÖLNA

# SÝNIR ÍSLENSKU ULLINA Á TÍSKUVIKUNNI Í LONDON

„Ég held að ég sé búin að setja met í svefnleysi undanfarna daga og verið að vinna 16-18 tíma á dag,“ segir fatahönnuðurinn Erna Einarsdóttir en hún er að útskrifast frá tískuskólanum fræga Central Saint Martins í London.

Erna leggur stund á meistaranám í fatahönnun við skólann með áherslu á textíl og prent. Hún er ein af útvöldum nemendum skólans sem fá að taka þátt í útskriftarsýningunni sem fer fram næstkomandi föstudag í tengslum við tískuvikuna í London. Útskriftarsýningu skólans er jafnan beðið með mikilli eftirvæntingu hjá tískupressunni enda hefur skólinn alið af sér helstu fatahönnuði nútímans á borð við Stellu McCartney, Alexander McQueen og Phoebe Philo. Erna er fyrsti Íslendingurinn sem sýnir í útskriftarsýningu Central Saint Martins,

„Kennurunum hérna finnst áhugavert að vera með Íslending í skólanum. Ég er ótrúlega spennt að taka þátt í þessu og ef vel gengur getur þátttaka í sýningunni opnað margar dyr. Ég hef samt ekki haft mikinn tíma til að leiða hugann að því enda í mörg horn að líta þessa dagana,“ segir Erna sem hefur verið að hringja út aðstoðarfólk til að hjálpa sér á lokasprettinum. „Það hafa um 30 manns hjálpað mér að koma þessu heim og saman. Ég hef meira að segja verið að hringja í ókunnuga Íslendinga sem ég hef frétt af í London eins og au pair-stúlkur.“

Erna vinnur útskriftarlínu sína upp úr íslensku ullinni og fékk fyrirtækið Ístex til að styrkja sig með efnivið. Hún vill ekki gefa of mikið uppi í sambandi við fatalínuna en hún er öll unnin í höndunum og inniheldur meðal annars prjónaðar peysur.

Erna tók BA-nám í fatahönnun í Amsterdam og fór þaðan í Central Saint Martins sem var efstur á óskalista hennar. „Ég var í skýjunum þegar ég komst inn og eins og margir aðrir sá ég skólann og allt sem honum tengist í hyllingum. Glamúrímyndin var samt fljót að fölna enda er hér mikil samkeppni og geysilegar kröfur gerðar til nemenda. Þetta er erfitt og vinnuálagið hefur oft á tíðum reynt á geðheilsuna hjá manni,“ segir Erna áður en hún heldur áfram að leggja lokahönd á sýninguna en fatalínu Ernu verður hægt að sjá á vefsíðunni Style.com sem gerir útskriftarsýningunni alltaf góð skil.

alfrun@frettabladid.is



**Í MÖRG HORN AÐ LÍTA** Erna Einarsdóttir sýnir útskriftarlínu sína frá Central Saint Martins-skólanum á tískuvikunni í London en íslenska ullin fær uppreisn æru í fatalínu Ernu.

### ÞEKKTIR NEMAR VIÐ CENTRAL ST. MARTINS

- Alexander McQueen: Með frægari fatahönnuðum nútímans en hann tók sitt eigið líf árið 2010. Tískuhús hans lifir áfram með Söruh Burton við stjórnvölinn en hún var einnig nemandi við skólann. Hún hannaði meðal annars brúðarkjól Katrínar, hertogaynju af Cambridge.
- Stella McCartney: Dóttir Bítilsins Paul McCartney og er fatnaði hennar vel tekið af tískuspekúlöntum.
- Phoebe Philo: Aðalhönnuður tískumerkisins Celine.
- Bruce Oldfield: Hefur verið í miklum metum hjá bresku konungsfjölskyldunni.
- Jenny Packman: Kjólar frá henni eru áberandi á rauða dreglinum.
- Zac Posen: Í miklu uppáhaldi hjá stjörnum á borð við Cameron Diaz og Kate Winslet.

# Umhverfisvæn Tobba flýr Kópavog

„Í ljósi aðstæðna kveð ég ekki með miklu trega,“ segir Þorbjörg Marinósdóttir, rithöfundur og kynningarfulltrúi Skjásins, sem hefur fest kaup á sinni fyrstu íbúð í 101 Reykjavík og kveður þar með Kópavog.

Þorbjörg, eða Tobba eins og hún er kölluð, hefur ávallt verið gallharður Kópavogsbúi enda búið þar alla sína ævi. Nú hefur hún fest kaup á íbúð á Ránargötu ásamt kærasta sínum, borgarfulltrúanum Karli Sigurðssyni. „Þetta eru heilmikil tímamót fyrir mig, fyrsta íbúðin og kveðja Kópavog. Sama dag og við skrifuðum undir kaupsamning komst Gunnar Birgisson aftur til valda í Kópavogi svo ég verð eiginlega bara að prísa mig sæla yfir að vera að fara,“ segir Tobba en þau fá íbúðina afhenta í byrjun júní.

Tobba segist ætla að aðhyllast umhverfisvænum lífsstíl í kjölfar flutninga niður í miðbæ enda eigi hún svo vistvænan mann. „Ég þarf að fara að fjárfesta í flatbotna skóm því við Kalli ætlum að fækka bílnum niður einn og reyna að hjóla og skokka í vinnuna þegar við getum. Það verður líka meiri háttar að geta loksins fengið sér hvítvínsglas með vinkonunum án þess að spá í leigubíl heim.“

Tobba hefur þegar sagt íbúðinni sinni í Kópavogi upp og flytur til Kalla á Ásvallagötuna þangað til þau fá nýju íbúðina afhenta. „Hann býr í ekta piparsveinaíbúð og ég í miklum vandræðum að koma fötunum mínum fyrir þar. Þess vegna verð ég að selja í Kolaportinu 25. febrúar og losa um. Ekki veitir heldur af fjármagningu þegar maður er búinn að steypa sér í skuldir.“ - áp



**TÍMAMÓT HJÁ TOBBU** Þorbjörg Marinósdóttir og Karl Sigurðsson flytja í nýja íbúð á Ránargötu í byrjun sumars.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
58 · 12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Greta fær frest

**Greta Salóme Stefánsdóttir** hefur frest þangað til um miðjan mars ef hún vill breyta sigurlagi sínu í Eurovision, Mundu eftir mér, fyrir lokakeppnina sem fer fram í Aserbaídsjan í lok maí. Liðsstjórar þeirra landa sem taka þátt í lokakeppninni funda eftir um það bil mánuð og til að allt gangi eins og smurð vél þurfa Greta Salóme, **Jónsi** og félagar að vera með atriðið sitt klárt þegar sá fundur verður haldinn.



### Þór slær í gegn í S-Kóreu

Teiknimyndin **Hetjur Valhallar – Þór** var frumsýnd í Suður-Kóreu fyrir helgi við mjög góðar undirtektir. Hún varð vinsælasta erlenda myndin í kvikmyndahúsum Suður-Kóreu þessa helgina og sló út Star Wars í þrívídd, War Horse, Tinker Tailor Soldier Spy og Happy Feet 2. Myndin hefur þegar tvöfaldað aðsóknartölur teiknimyndarinnar Happy Feet 2 þrátt fyrir að hún hafi verið í sýningu í tvær vikur. Heildarvelta helgarinnar hljóðar þannig upp á tæpar 180 milljónir íslenskra króna. - fb



### Mest lesið vísir

1. Frægir deyja þegar fótboltamaður skorar mark
2. Dópuð mæðgin stálu folaldalundum úr Bónus
3. Eigandinn veit ekkert hvernig bíllinn endaði í vatninu
4. Taldi sig eiga óuppgerð mál
5. Lögreglan handtók þrjá menn í miðju ráni
6. Tilgangurinn var ekki að valda skaða







